



En hvað ef þú flýgur?

Óli Björn Kárason
Greinasafn 2020

Fylgt úr hlaði

Í mörg ár hef ég skrifað reglulega pistla í Morgunblaðið um þjóðmál. Pistlarnir birtast á miðvikudögum og árið 2020 birtust 47 pistlar. Efni er fjölbreytt, allt frá ríkisfjármálum til kvikmyndagerðar, frá heilbrigðismálum til nýsköpunar, frá samkeppnismálum til sóttvarna.

Ég hef talið mikilvægt að kjörnir fulltrúar gæfu kjósendum skýra mynd af skoðunum og hugsjónum sínum. Þess vegna hef ég lagt áherslu á vikulega pistla. Í þessum ritlingi eru Morgunblaðs-greinarnar á liðnu ári, eins og þær birtust lesendum blaðsins.

Óli Björn Káráson

Efnisyfirlit

Tvö mál til framfara	4
Sameiginlegt grettistak.....	4
Í sjálfheldu frábreytileika og aukinna útgjalda	5
Vilji meirihluta kjósenda nær loksins fram	5
Land tækifæra og velmegunar	6
Leikið á strengi sósíalismsans.....	6
Margt er skrytið, annað forvitnilegt.....	7
Sálrænt ástand efnahagsmála.....	8
Sterk staða í mótbyr	9
Leiðtogar: Sumir brotna, aðrir rísa upp.....	9
Fyrsti leikhloti – skjól myndað	10
Fánýtar kennslubækur	11
Að láta hjólin snúast að nýju.....	12
Verkefnið er að verja framleiðslugetuna	12
Hvar eru góðu fréttirnar	13
Fjárfest í framtíðinni	13
Evruland í tilvistarkreppu	14
Atlaga að sjálfstæði í skjóli faraldurs.....	14
Krafa um skýrar hugmyndir	15
Uppskurður er nauðsynlegur	15
Einkaframtakið er líkt og fleinn í holdi	16
Skref í rétta átt.....	16
Skófar kerfis og tregðulögmáls	17
Lítill frétt og óréttlæti á fjölmiðlamarkaði.....	18
„Fólkinu verður ekki sagt að treysta neinum“	19
Grafið undan lífeyrissjóðum	20
Á að virða samgöngusáttmálann?	20
Þurfum að skrúfa frá súrefninu	21
En hvað ef þú flýtur?	21
Höfum við efni á þessu öllu?.....	22
Trúin á framtíðina	23
Ógn hinna „réttlátu“	23
Framleitt í Hollywood – ritskoðað í Peking.....	24
Endurteknar staðhæfingar og staðreyndir	24
Utan aga opinberrar umræðu	25
Það skiptir máli hver er við stýrið	25
Pólitískt ofbeldi og óþol.....	26
Eftirlitið finnur sér ís-verkefni	26
Að lama eða örva verðmætasköpun.....	27
Á bjargbrún hins lögmæta	28
Hvað fáum við fyrir 70 milljarða?	28
676 samkeppnishindranir.....	29
Vörn fyrir launafólk og fyrirtæki.....	29
Gegn valdboði og miðstýringu	30
Heilbrigðiskerfi í samkeppni um starfsfólk.....	30
„Það sem ég veit nægir mér“	31
Lækkun skatta og skýrir valkostir	32

Tvö mál til framfara

Eftir Óla Björn Kárasón

Við Íslendingar komumst slemilega klakklaut í gegnum líðið ár, þótt ekki blési byrlega á köflum. Samdráttur í efnahagslífinu var minniháttar og flest bendir til að hagvöxtur geti náð sér aftur á strík á þessu og næsta ári. Til að svo verði þurfa stjórnvöld að halda rétt á spilunum.

Staðan er í flestu sterk. Verðbólga er lítil, stýrivextir hafa ekki verið lægri. Erlend staða þjóðarbúsins er góð og ríkissjóður stendur vel. Á fyrstu níu mánuðum nýliðins árs var líðlega 111 milljarða afgangur af vöru- og þjónustujöfnuði – yfir 20 milljörum meira en á sama tíma 2018.

Kaupmáttur launa heldur áfram að hækka en frá 2012 hefur hann hækkað um 36%. Á hverju einasta ári frá 2011 hefur kaupmáttur launa hækkað – mest árið 2016 þegar hækkunin var 9,5%. Lífskjáranannsókn Hagstofnunar leiðir í ljós að hvergi á Norðurlöndunum er jöfnuður minni en á Íslandi. Samkvæmt Gini-stöðlun var jöfnuður hvergi meiri í Evrópu en á Íslandi árið 2018 fyrir utan Slóvakíu.

En það er blikandi viðvörðunarljós.

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofnunar voru 8.200 einstaklingar án atvinnu í nóvember síðastliðnum. Þetta þýðir að atvinnuleysi var 4,3%. Um 1.500 fleiri voru án atvinnu í nóvember en í



Óli Björn Kárasón

sama mánuði ári áður og um 3.800 fleiri sé miðað við nóvember 2017. Þá var hlutfall atvinnuleysis nær helmingi legra. Slaki á vinnumarkaðinum er augljós en fátt sérir íslenska þjóðarsál meira en atvinnuleysi.

Þrátt fyrir að stýrivextir Seðlabankans séu í sögulegu lágmarki hefur sú vaxtalækkun ekki náð að

seytla um allan fjármálamarkaðinn. Ein skýrningin er sú hve fjármálamarkaðurinn er óhagkvæmur, ekki síst vegna sérislenskra eiginfjárfraða og skattlagningar sem eru langt umfram það sem þekktist í helstu viðskiptalöndum. Þótt búið sé að ákveða að lækka bankaskattinn í skrefum frá og með komandi ári, er ljóst að fjármálakerfið er illa samkeppnisfært. Lítil og meðalstór fyrirtæki gjalda þessa í félagi við heimilin.

Viðvörðunarljósin er fleiri. Á löngu ári dróst atvinnuvegafjárfesting saman, annað árið í röð. Fjárfesting hins opinbera minnkaði einnig á síðasta ári. Mikil aukning í íbúðafjárfestingu kom á móti en eins og kemur fram í þjóðhagsspá Hagstofnunar í nóvember eru viðbendingar um að farið sé að hægja á byggingargreitanum.

Ekkert samfélag nær að tryggja og auka lífskjör til lengri tíma án fjárfestinga. Án fjárfestinga fyrirtæki verða ekki til störf. Það er ekki síst vegna þessa sem nauðsynlegt er að stjórnvöld hugi að því með hvaða hætti hægt er að örva fjárfest-

» Ekkert samfélag nær að tryggja og auka lífskjör til lengri tíma án fjárfestinga. Án fjárfestinga fyrirtæki verða ekki til störf.

ingu í atvinnulífinu og á almennum íbúðamarkaði.

Vaxtaumhverfi skiptir þar miklu en ekki síður aðgengi að láns- og áhættufé. Í Peningamállum Seðlabankans í nóvember er bent á að aðgengi fyrirtækja að lánsfé virðist þrengra en það var. Líklega megi rekja það að einhverju leyti til breyttra aðstæðna í þjóðarbyggingu en gæti einnig verið vegna erfiðari lausafjárstöðu sumra fjármálastofnana. Hinar sérislensku kröfur og álögur.

Meðal annars með hlidsjón af ofangreindum staðreyndum er mér umhugað um að koma tveimur lagafrumvörpum í gegnum Alþingi. Hvort um sig vinnur gegn samdrætti í efnahagslífinu, örvar fjárfestingu en byggja um leið undir fjárhagslegt sjálftæði einstaklinga.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts

Fyrja frumvarpið er einfalt. Lagt er til að virðisaukaskattur af vinnu við byggingu eða viðhald íbúðarhúsnæðis verði endurgreiddur að fullu. Ætla má að byggingarkostnaður íbúða lekki um allt að 3% ná frumvarpið fram að ganga. Samið – samband íbúðaleiga – hefur fagnað frumvarpinu og segir í umsögn að breytingin hafi jákvað áhrif á félagsmenn Samiðnar: „Hins vegar tel-

ur Samiðn mikilvægt að umrædd breyting taki einnig til frístundahúsa og telur engin rök hniga í þá vega að undanþegga frístundahús frá þessari breytingu.“ Þingið hlýtur að taka þessa ábendingu iðnaðarmanna til skoðunar en í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að sterk rök séu fyrir því að endurgreiðslan taki einnig til frístundahúsa.

Ríkisskattstjóri bendir á hið augljósa í umsögn sinni: Mikilvægur hvati dulinnar (svartrar) atvinnustarfsemi er „að kaupendur þjónustu telji sig geta sparað fjármuni með því að semja við seljanda um við virðisaukaskattur verði ekki innheimtur. Með fullri endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu manna við byggingu, endurbætur og viðhald á íbúðarhúsnæði sé sá hvati ekki til staðar að því er þessa starfsemi varðar og því góðar líkur á að skattskil muni batna.“

Full endurgreiðsla á virðisaukaskatti vegna vinnu á byggingarstað er dæmi um hvernig ríkissjóður getur með einföldum hætti stuðlað að heilbrigðari vinnumarkaði, bætt skattskil (tryggingagjald, tekjuskatt o.s.frv.) og lækkað byggingarkostnað einstaklinga. Það hagnast allir, ekki síst ríkissjóður þegar til lengri tíma er litið.

Skattafláttur og hlutabréf

Síðara frumvarpið snýr að því að styrkja íslenskan hlutabréfamarkað, gera hann skilvirkari og þar með auka aðgengi fyrirtækja að nauðsynlegu áhættufé. Um leið er skotið enn einni stöðinni undir eignamyndun launafólks. Nái frumvarpið fram að ganga verður einstaklingum veitt heimild, með ákveðnum takmörk-

unum, til að draga frá tekjuskatti kaup á skráðum hlutabréfum og hlutdeildarskráteinum verðbréfa- og hlutabréfasjóðs sem eru skráð á skipulegan verðbréfamarkað eða fjárfesta eingöngu í skráðum hlutabréfum.

Hlutabréfamarkaðurinn er mikilvæg uppspretta fjármagns og veitir fyrirtækjum aðgang að nauðsynlegu áhættufé. Skilvirkur hlutabréfamarkaður er óaðskiljanlegur hluti öflugs efnahagslífs. Sterkur markaður þar sem fyrirtæki hafa greiðan aðgang að fjármagni til fjárfestingar og vaxtar á að vera keppnisfyll stjórnvalda ekki síður en að byggja upp skilvirkan og samkeppnishæfan fjármálamarkað í heild sinni.

Auðvitað tryggir skattafláttur til einstaklinga ekki einn og sér öflugan hlutabréfamarkað. Með því að þátttakendum fjólgar verður hlutabréfamarkaðurinn dýpri, verðmyndunin eðlilegri og markaðurinn þar með heilbrigðari. Það sem skiptir kannski mestu: Það er verið að styrkja fjárhagslegt sjálftæði einstaklinga og gera þeim kleift að taka þátt í atvinnulekstri. Þannig eru hagsmunir almennings og atvinnuleysis samtvinnuðir. Áhugi og þar með þekking á atvinnulífinu og stöðu hagkerfisins, eykst.

Með því að innleiða skattaflátt vegna hlutabréfakaupa vinna allir. Ekki aðeins þeir sem nýta sér möguleikana sem í afsláttinum felast heldur einnig þeir sem annaðhvort vilja ekki eða eiga þess ekki kost að kaupa hlutabréf. Það graða allir þegar atvinnulífið eflist.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Sameiginlegt grettistak

Eftir Óla Björn Kárasón

„Það er ótrúlegt að okkur skuli ekki hafa tekið að nýta betur fordæmið við gerð Hvalfjarðarganga til uppbyggingar samgöngumannvirkja víða um land. Þar verða talsmenn einkaframtaksins að axla ábyrgð. Við eigum að þora að tala fyrir því að einkaframtakið komi að uppbyggingu af þessum toga á næstu árum. Við þurfum að tala um einkaframtækis og einkarekstar af sannfæringu og af sjálfstrausti. Lausnin er ekki fölgín í því að ríki sé alltumlykjandi á öllum sviðum mannlægs lífs. Þarna hefur því miður orðið afturför frá því á árunum fyrir hrun og nauðsynlegt að sækja fram.“

Þannig kemst Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, að orði í áhugaverðu viðtali við tímaritið Þjóðmál, sem kom út fyrir nokkrum dögum. Hann bendir á að þrátt fyrir að staða þjóðarbúsins sé almennt góð hafi fjárfestingar verið undir langtímaeðlaltali, sem leiði til innviðaskuldar. Þess vegna sé nauðsynlegt að fara í öflugan uppbyggingu innviða á næstu árum. Í huga Halldórs Benjamins er það óvið-



Óli Björn Kárasón

unandi að dreifkerfi rafmagns sé vanmáttugt til að tryggja landsmönnum „þau grunnæði sem aðgangur að rafmagni og fyrirtækin lendi í framleiðslustoppi vegna of hægfarar uppbyggingar dreifkerfisins undanfarnin ár“. Sama eigi við um vegna, sem séu jafnt grunnur að öflugri ferðaþjónustu og forsenda góðrar og lif-

vænlegrar byggðar um land allt.

Forsenda lífskjara

Ádrepa Halldórs Benjamins er réttmæt. Fjárfesting í innviðum er forsenda þess að hægt sé að standa undir kröfum um góð lífskilyrði hér á landi – lífskjör sem standast samanburð við það besta sem þekktist í heiminu. Í einfaldleika sínum má halda því fram að tími fyrir arðbæra innviðafjárfestingu sé alltaf réttur en þegar slaki myndast í efnahagslífinu er mikilvægara en ella að breyta upp ermar.

Fjárfesting í innviðum samfélagsins, jafnt hagrænum sem félagslegum, er sameiginlegt verkefni okkar allra. Þessa vegna eru rök til þess að hið opinbera taki höndum saman við einkaöðla um fjármögnun innviða, ekki síst hagrænna innviða, og þar geta lífeyris-

» Ríkisstjórnin hefur tækifæri til að taka höndum saman við einkaöðla um fjármögnun innviða. Það væri pólitískur afleiður að nýta ekki það tækifæri.

sjóðirnir leikið lykil hlutverka.

Hagrænir innviðir eru m.a. samgöngumannvirkir, orkuvinnsla og -dreifing og fjarskipti. Dæmi um félagslega innviði eru skólar, sjúkrahús, hjúkrunarheimili, fangelsi, menningar- og íþróttahús.

Í grein sem Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, skrifar í Þjóðmál kemur fram að uppsöfnuð viðhaldsþjóf hins opinbera hafi verið metin 382 milljarðar króna í skýrslu samtakanna og Félags ráðgjafaverkfræðinga árið 2017. Sigurður segir einnig:

„Enginn þáttur innviða var talinn geta fullkomlega sinnt sínu hlutverki og heilt yfir var ástands-einkunn innviða landsins 3 af 5, sem þýðir að staða innviðanna er að meðaltali víðunandi en ekki góð. Einkunnin gefur til kynna að búiast megi við umfangsverðu viðhaldi til þess að halda uppi starfsemi þessara þátta innviða og að nauðsynlegt sé að fjárfesta í þeim svo þeir geti almenninga sinnt hlutverki sínu.“

Pólitísku rökinn augljós

Ég hygg að fáir eflist um að skynsamleg uppbygging innviða hafi jákvað efnahagsleg áhrif. Hún styrkir samkeppnisstöðu landsins, treystrir búsétu um allt land og eykur sameiginleg lífsæði landsmanna. Hagrænu rökinn eru sem sagt fyrir hendi. Pólitísku rökinn eru einnig augljós, ekki síst fyrir ríkisstjórnarflokkanna.

Engin ríkisstjórn tapar á því að leiða umfangsmikla fjárfestingu í innviðum – jafnt hagrænum sem félagslegum. Ríkisstjórnin hefur tækifæri til að taka höndum saman við einkaöðla – ekki síst lífeyris-sjóði sem þurfa á fjárfestingartækifærum að halda – við verkefnaþengda fjármögnun hagrænna og félagslega innviða. Slík samvinna er allra hagur og það væri pólitískur afleiður að nýta ekki tækifærin sem nú gefast.

Heildstæð umgjörð um samstarf ríkisins og einkaöðla í uppbyggingu innviða er hins vegar ekki til. Umgjörðina þarf að móta og snúa, en um leið þarf að vinna ítarlega fjárfestingaráætlun til næstu fimm, tíu og fimmtán ára. Áætlunin á ekki aðeins að innihalda fjárfestingar ríkissjóðs heldur einnig allra ríkisfyrirtækja – ekki síst orkufyrirtækja og Isavia.

Samstarf einkaöðla og hins opinbera í uppbyggingu innviða er ekki eina verkefnið sem stjórnvöld og

þingmenn þurfa að sinna. Helsta hagsmunamál almennings er ekki aðeins að ráðstöfun opinbers fjár sé skilvirk heldur ekki síður að nýting eigna ríkisins sé arðbær og að þær nýstist við að sinna grunnskilyrðum hins opinbera – heilbrigðisþjónustu, almannatryggingum, samgöngum, menntakerfi og löggæslu og almannatryggi.

Ríkið hefur bundið hundruð milljarða í ýmsum eignum, ekki síst í fjármálakerfinu, sem hafa ekkert með þessar grunnskilyrður að gera. Sú fjárfesting er ekki án förnarkostnaðar og þann kostnað þarf almenningur að greiða beint eða óbeint.

Það er sérkennilegt (svo ekki sé tekið sterk til orða) að leggjast gegn því að umbreyta fé sem er fast í bönkum, flugstöð, fjölda fasteigna, ríkisfyrirtækjum í samkeppnisrekstri og jörðum yfir í eignir sem við teljum mikilvægari fyrir samfélagið.

Samhliða því að tryggja samstarf hins opinbera og einkaöðla við fjármögnun og uppbyggingu innviða er nauðsynlegt að leysa úr fjórtum fjármuni sem eru bundin í öðru en samfélagslegum innviðum sem eru mikilvægir til að tryggja góð lífskjör um allt land. Þannig getum við sameiginlega lyft grettistaki og sótt fram.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Í sjálfheldu fábreytileika og aukinna útgjalda

Eftir Óla Björn Kárasón



markmið. Dæmi um þetta er heilbrigðiskerfið.

Nær 100 milljarða aukning

Samkvæmt fjárlögum þessa árs verða framlög til rekstrar heilbrigðiskerfisins (fjárfesting ekki talin með) nær 245 milljarðar króna. Á einum áratug hafa framlögin

Krafan um stöðugt aukin ríkisútgjöld er sterk. Þrátt fyrir gríðarlega aukningu á síðustu árum vantar fjármuni í alla málaflokka, sé tekið mið af fréttum, ákalli hagsmunaaðila og kröfum stjórnmálanna að því er virðist úr öllum flokkum. Það vantar fjármuni í heilbrigðiskerfið, í almennatryggingar, í menntakerfið, í samgöngur og löggæslu.

Umhverfismál eru sögð fjárfsvelt, við setjum ekki næga peninga í þróunaraðstöðu, sveitarfélögin telja sig hlunnfarin í samskiptum við ríkið. Ætlast er til að meiri fjármunir séu settir í nýsköpun og rannsóknir, nauðsynlegt er að hækka barnabætur, lengja faðingarorlof og hækka greiðslur. Ríkið á að styðja enn betur við bakíð á menningarstarfsemi og auka endurgreiðslur (styrki) til kvikmyndagerðar og bókaútgáfu. Og ekki má gleyma kröfunni um að ríkissjóður sendi einkareknum fjölmörgum árlegan tækka svo þeir sigli ekki í strand.

Pungin að baki kröfum um stóran ríkisútgjöld er mikill. Kröfurnar eru endalausar en af fáir velja því fyrir sér hver eða hverjir eigi að standa undir öllu. Enn færri hafa áhuga á því að skoða meðferð opinbers fjár – leita svara við því hvort við séum að bæta þjónustu og gæði með auknum útgjöldum. Engu er líkara en að hagkvæm ráðstöfun sameiginlegra fjármuna sé aukatriði. Aukning útgjalda er sjálfstætt

því hækkað um tæplega 98 milljarða að raunvirði, eða 67%. Mér er til eftir að margar aðrar þjóðir hafa staðið þannig að verk.

En þrátt fyrir mikla aukningu – gríðarlega aukningu – virðist víða þóttur brotin. Krafan um að útgjöld til heilbrigðismála skuli ekki vera lægri en 11% af landsframleiðslu hljómar enn á ný. Því er haldið fram að Íslendingar séu eftirbátar annarra Norðurlandþjóða þegar kemur að opinberu fjármagni til heilbrigðismála og engu skiptir þótt aldurs-samsetning þjóðarinnar sé hagstæðari.

Til að setja hlutina í samhengi. Krafan um að tryggja að hlutfall heilbrigðisútgjalda nemi 11% af landsframleiðslu jafngildir því að útgjöld ríkisins hækki um hlölega 93 milljarða króna á þessu ári. Til að standa undir því yrði að hækka tekjuskatt einstaklinga um 45% eða hækka virðisaukaskatt um 36%. Það er einnig hægt að nær tvöfalda tryggingagjaldið. Auðvitað er hægt að útfæra tekjuflun ríkisins með öðrum hætti, hækka suma skatta meira en aðra en í heild yrðu skatttekjur að hækka um 13% frá því sem ætlað er. Og þá er

» Íslensk heilbrigðisþjónusta er á leið í sjálfheldu frábreytileika og aukinna útgjalda. Flest nýst um að auka útgjöldin og koma böndum á einkarekstur.

gengið út frá því að hækkan skatta hafi engin neikvæð áhrif á efnahagslífið – allir vita hversu fráleit slík forsenda er.

Aukin útgjöld til heilbrigðismála eru ekki markmið í sjálfu sér. Verkefnið er alltaf að auka lífsgæði almennings með góðri og öflugri heilbrigðisþjónustu.

Betri nýting fjármuna

Flestir viðurkenna að auka verði útgjöld til heilbrigðismála eftir því sem þjóðin eldist. Við getum dregið úr aukningunni með skynsamlegri fjárfestingu í baráttunni gegn lífsstæðingum sjúkdómum. En við verðum um leið að horfast í augu við þá staðreynd að fjármunum er víða sóað, þeir eru illa nýttir. Ég hef haldið því fram að eitt stærsta verkefni okkar á sviði heilbrigðismála sé að tryggja betri nýtingu fjármuna – að skattgreiðendur – hinir sjúkratryggðu – fái það sem greitt er fyrir; öfluga og góða heilbrigðisþjónustu. Þar skiptir skipulagið – kerfið sjálft – mestu.

I grein hér í Morgunblaðinu síðastliðinn föstudag rökstyður Reynir Arngrímsson, formaður Læknafélags Íslands, ágreitlega þá fullyrðingu að álag á Landspítalann sé „komíð yfir

þolmörk“. Hann sér hins vegar ekki aðeins vandann heldur einnig lausnir:

„Möguleg lausn væri að skoða alla þjónustuhætti sjúkráðsins og greina betur það sem kalla má kjarna- og lykilstarfsemi frá annarri starfsemi sem hægt væri að fela öðrum sem þegar eru reiðubúin að sinna þeirri heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisvirkvöld virðast mótfallin slíkum aðgerðum og hafa með aðgerðum sínum í raun kallað fram það öfremdarástand sem nú hefur þróast.“

Reynir segir að á sama tíma og álagið á bráðþjónustu Landspítalans sé komið að þolmörkum séu sjúkráðsins „falin viðbótarverkefni, ýmist í formi svokallaðra átaksverkefna eða þjónustu sem verð er að færa til vegna þeirrar stefnu heilbrigðisvirkvalda að einkarekin heilbrigðisþjónusta skuli dregin saman með öllum tiltækum ráðum“.

Skilaboð formanns Læknafélagsins eru skýr. Það megj með rökum halda því fram að viðbótarfjárfestingar til Landspítalans vegna „átaks- og sérverkefna hafi í raun haft þau heildaráhrif að þjónustan á öðrum sviðum og sérstaklega við bráðveikt fólk hafi skerst og sé komin niður fyrir þau öryggismörk sem læknar telja viðunandi“.

Sáttmáli brotinn

Svo virðist sem það sé inngróin tregða í kerfinu að nýta kosti einkaframtaksins í heilbrigðisþjónustu, auka valmöguleika almennings og stuðla að hagkvæmri nýtingu fjármuna og draga úr álagi á sjúkráðsnum. Þegar sýnt er að takmarkaðir fjármunir nýtast betur og þjónustan við landsmenn verður öflugri er eng-

in skynsemi í því að leggja steina í götur einkarekstrar. Afleiðing blasir við, eins og formaður Læknafélagsins bendir á.

Fábreytileiki í rekstrarformi innan heilbrigðiskerfisins leiðir til verri þjónustu við landsmenn – sem allir eru sjúkratryggðir – veldur auknum kostnaði og grefur undan samkeppnishæfni Íslands við að laða til landsins vel menntað og hæfileikaríkt starfsfólk, eftir langt sérnám. Dregið er úr framþróun enda horft fram hjá því að læknisfræðin er þekkingarriðnaður.

Íslensk heilbrigðisþjónusta er á leið í sjálfheldu frábreytileika og aukinna útgjalda. Engu er líkara en að allta stúið um að auka útgjöldin og koma böndum á einkarekstur, í stað þess að leggja áherslu á þjónustu við alla sjúkratryggða.

Vandi heilbrigðiskerfisins verður ekki leystur með sífellt auknum útgjöldum (þó að við þurfum örugglega að auka útgjöldin á komandi árum og áratugum). En verst af öllu er að verða vitni að því hvernig hægt og bitandi er að myndast jarðvegur fyrir tvöfalt heilbrigðiskerfi og einkareknar sjúkratryggingar, með því að vinna gegn samþættingu og samvinnu opinbers rekstrar og einkarekstrar. Efnafólk mun nýta sér góða og örugga heilbrigðisþjónustu á vegum einkaaðila en við hin biðum milli vonar og ótta á ríkisreknum biðlistum um að fá nauðsynlega þjónustu áður en það er orðið of seint. Og þá stendur ekkert eftir af þjóðarsáttmálanum um að sameiginlegu tryggingum við öllum jafnan aðgang að nauðsynlegri þjónustu óháð efnahag.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Vilji meirihluta kjósenda nær loksins fram

Eftir Óla Björn Kárasón



Óla Björn Kárasón

Undir lok júní 2016 skrifaði ég eftirfarandi í Morgunblaðsgrein:

„Vonir um að embættismenn og Evrópu-elítan bæru gæfu til að draga réttan lærdóm af skilaboðum meirihluta breskra kjósenda virðast því miður ekki ætla að rætast. Valdastéttin í Evrópu er ekki fær um að hlusta. Þegar almenningur segir hingað og ekki lengra; við settum okkur ekki hrokann frá valdhöfum, við erum á móti aukinni miðstýringu, við viljum fá að ráða meiru um eigin örlög, við viljum endurheimta fullveldi okkar frá embættismönnum í Brussel sem enginn hefur kosið, hristir elítan hausinn. Vísad er til fávísí og menntunarlýsis almúgans sem elítan er sannfærð um að geti ekki tekið skynsamlega ákvörðun um framtíðina.“

Tíleflni ofangreindra orða var niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem meirihluti breskra kjósenda samþykkti að ganga úr Evrópusambandinu. Almennungur gekk á hölm við fjölmöla, áhrifamikla álitsgjafa og stjórnmálamenn. David Cameron, þá forsætisráðherra og leiðtogi Íhaldsflokksins, barðist fyrir áframhaldandi aðild en hann mislas kjósendur herfilega og sagði af sér sem forsætisráðherra.

Yfirlæti og hroki

Viðbrögð embættismanna Evrópusambandsins, fjölmölamanna og fjölda sérfræðinga í Evrópu og Bretlandi, en ekki síður hér á Íslandi, voru ekki aðeins örúleg heldur núturlegur vitnisburður um viðhorf valdastétta til almennings. Elítan getur illa sætt sig við að ná ekki sínu fram.

Íslenskir Evrópusinnar töluðu af yfirlæti.

Bretar voru sagðir íhaldssamir, gamaldags og staðnaðir. Því var haldið fram að það hefði verið fyrst og fremst fólk með litla menntun sem studdi Brexit. Hinir menntuðu – sem vita best – væru á móti úrsögn. Hið sama ætti við um unga fólk með sem hefði verið á móti úrsögn – það hefði kosið með framtíðinni, en þeir eldri tekið völdin og ákveðið dökka framtíðina fyrir þá yngri.

Í Bretlandi var hrokinn gagnvart kjósendum grímulaus og þingmaður Verkamannaflokksins

krafðist þess að þingið hundsáði niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Jafnvel innan Íhaldsflokksins voru þingmenn sem töldu ekkert rangt – hvorki síðferðilega né lalagalega – við að vilji meirihluta kjósenda yrði virtur að vettugi. Í rúm þrjú ár var öllum brögðum beitt til að koma í veg fyrir að vilji meirihluta kjósenda næði fram að ganga. Kosningasigur Íhaldsflokksins, undir forystu Boris Johnson forsætisráðherra, í desember var hins vegar rothöggið sem þurfi til að binda enda á klekjustjórnmal þeirra sem vildu ekki hlíta ákvörðun meirihluta breskra kjósenda.

Grunnurinn að mesta kosningasigrí Íhaldsflokksins frá 1987, þegar Margaret Thatcher leiddi flokkinn, var árangur hans í Norður-Englandi, einföld og skýr skilaboð og trúverðuleiki. Boris Johnson hefur gengið herra og örugglega til verka sem forsætisráðherra. Bretar ganga úr Evrópusambandinu í lok vikunnar. Svokallaðan aðlögunartíma fram að áramótum á að nýta til að semja um samskipti Evrópusambandsins og Bretlands. Og það verður reynt að leggja steina í götu slíkra samninga. Elítan er þegar byrjuð að tína steinana til. Úrslit þingkosninganna í desember og ekki

» Semja þarf um samskipti ESB og Bretlands en það verður reynt að leggja steina í götu slíkra samninga. Elítan er þegar byrjuð að tína steinana til.

síður niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar 2016 þar sem Brexit var samþykkt, bendir til að breskur almenningur sé að brjótast undan elítunni – sé hættur að taka mark á sérfræðingum og fjölmögum. Þetta er ekki ósvipað og gerðist hér á Íslandi í tvígang þegar mikill meirihluti Íslendinga hafnaði Icesave-samningunum. Sérfræðingar, álitsgjafar og ráðherrar boðuðu efnahagslegar hamfarir og einangrun landsins, ef íslenskir skattgreiðendur öxluðu ekki skuldir einkabanka. Kjósendur tóku sjálfstæða ákvörðun sem reynt hefur gæfurik.

Mikilvægt viðskiptaland

Þótt slest hafi upp á vinskápin endrum og sinnum eru Bretar ein nánasta vinahjón okkar Íslendinga og samstarfsaðili í varnarmálaágreiðslu vestrænna þjóða – Nató. Bretland er eitt okkar mikilvægasta viðskiptaland. Um 10% af heildarvörutúflutningi okkar fara til Bretlands og 15,3% af sjávarafurðum. Þetta eru 59 milljarðar á ári í vörutúflutning, en þjónustutekjur okkar frá Bretum eru líka gríðarlegar, um 83 milljarðar eða tæplega 12% af túflutningstekjum okkar af þjónustu í heild. Því skiptir það okkur gríðarlega miklu máli að það tákist að ganga frá frívlersunarsamningi við Bretland sem tryggir hagsmuni, ekki bara okkar á Bretlandi heldur líka breska aðila sem eiga viðskipti við okkur á Íslandi.

Í öndurbúnum fyrirsprungartíma á Alþingi um stöðuna gagnvart Bretlandi þegar ESB er í nóvember 2018 sagði Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra meðal annars:

„Við viljum ekki sjá verri viðskiptakjör en við höfum núna. Helst viljum við sjá betra og nánara samstarf.“

Markmið ráðherrans er skýrt enda hefur hagsmunagæsla vegna útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu verið forgangsmál frá því að hann tók við embætti. Í blaðgrein í síðustu viku bentu Guðlaugur Þór á að huga hefði þurft að mótu „sérstaklega ef Bretar og ESB næðu ekki samningi. Okkur tókst að tryggja lykilhagsmuni Íslands óháð því hvort útgangur hefði orðið með eða án samnings. Í viðræðunum sem nú fara í hönd byggjum við á þeim trausta grunni sem þá var lagður.“

Raunar gæta tekifæri legið í nánari samvinnu við Bretland á komandi árum. Ég hef lengi látið mig dreyma um að myndast verði frívlersunarsvæði í norðurhúfinu; Bretland, Bandaríkinn, Kanada, Grænland, Færeyjar, Noregur og Ísland. Með frívlersunarsamningi landanna yrði til markaður um 430 milljóna manna og lagður grunnur að einu mesta hagvaxtarsvæði heims.

Frívlersun í Norðurhófum gæti orðið jafn styrk stóð undir efnahag og lífskjör okkar Íslendinga til framtíðar og EES-samningurinn. Hugmyndin er hins vegar eitru í beinum Evrópusinnna eins og kom ágreituga í ljós í umræðum á þingi í október síðastliðnum. Íslenska elítan sem þekki andlegt fótur sitt til Brussel gerir sér ágreituga grein fyrir að með sama hætti og EES-samningurinn er steinn í göttunni til Brussel yrði frívlersun í norðurhófum það einnig. Og það bendir til að hugmyndin sé nokk- uð góð.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Land tækifæra og velmegunar

Eftir Óla Björn Kárasón



Óli Björn Kárasón

Í amstri dagsins þar sem við sitjum þar að auki undir stóðugum fréttum af því sem miður fer í heiminum, vill að gleymast hve gott það er að búa á Íslandi – hversu mikil gæfa það er að fæðast hér eða eiga hér heima.

Þrátt fyrir ýmislegt megí færa til betri vegar og mörg óunninn verk séu fram undan, er Ísland eitt mesta velmegunarland heims. Í raun skiptir litlu hvort horft er á efnisleg gæði eða huglæg.

glæsilegri árangri en nokkurn Íslending dreymdi um. Svipað er að segja um landsliðið í körfubolta, að ekki sé talað um handboltann þar sem framtíðin virðist björt með ungum og efnilegum leikmönnum. Íslenskir fatlaðir íþróttamenn standa margir fremstir í heiminum á sínu sviði. Gunnar Nelson, Annie Mist Þórisdóttir, Fanney Hauksdóttir, Ásdís Hjalmsdóttir og Arnar Davíð Jónsson eru afreksfólk og meðal þeirra fremstu í heiminum í sínum íþróttagreinum.

Í gamni hafa útlendingar haldið því fram að það sé eitthvað í vatninu sem skýri glæsilegan árangur margra íþróttamanna. Hreina loftið – súrefnið – gefi Íslendingum aukakraftinn. Stórbróttin náttúra – landið sjálf, blítt og gjóflut – einnig harðneskjulegt og óvæglegt, hafi hert fámenna þjóða, gefið henni kraft en einnig innblástur sem brjótist fram ekki aðeins á íþróttavellinum heldur ekki síður í bókmenntum, tónlist, dansi, kvikmyndum, myndlist og leiklist.

Hlutur launafólks vex

Það er langt í frá sjálfgefið að fámennri þjóð tækist að byggja upp eitt besta heilbrigðiskerfi heims, að mati Lancet, sem er eitt virtasta vísindarit heims á sviði læknisfræði. Íslenskir vísindamenn á sviði læknisfræði standa framalega. Með sama hætti gerðist það ekki af sjálfu sér að til hefur orðið jarðvegur fyrir öflug háteknifyrirtæki sem eru leiðandi á sínu sviði í heiminum eða framsækin hugbúnaðaryrirtæki sem sækja út á erlenda markaði.

Og þrátt fyrir að íslenskt þjóðarþú hafi orðið fyrir áföllum hefur okkur tekist að byggja upp velferðarsamfélag sem stenst samanburð við þau bestu í heiminum. Í ýmsu stöðum við framfarðum öðrum þjóðum í lífsgæðum.

Síðustu ár hafa verið góð og íslenskt launafólk stendur betur að vigi en nokkru sinni. Frá

» Umhugsunarvert er af hverju reynt er að draga aðeins upp dökka mynd af landi og þjóð. Engu er líkara en ákveðin öfl nærast á að dvelja við hið neikvæða.

2014 til 2019 jókst kaupmáttur launa um 26% og kaupmáttur lágmarkslauna um 32%. Þetta þýðir að kaupmáttur hafi aukist um 5-6% að meðaltali á hverju ári. Fjárhagsstaða heimilanna hefur gjörbreytt á síðustu árum. Skuldir lækkað og eigið fé aukist.

Í engu ríki OECD rennur stærri hluti af verðmætasköpun efnahagslífsins til launfólks en á Íslandi, eða 64%. Sviss og Danmörk koma þar á eftir með 60,5% og liölega 59%. Launahlutfallið hefur farið hækkandi á undanföllum árum sem þýðir að hlutdeild launafólks hefur aukist en hlutur fyrirtækja dregist saman. Árið 2009 var hlutur launafólks rétt tæp 51%.

Jöfnuður er meiri á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum (skv. Gini-stuðli). Ekkert land í OECD er með meiri jöfnuð fyrir utan Slóvakíu, en þar eru lífskjörin töluvert lakari en hér á landi. Hvergi er fátækt öfl borgara minni en á Íslandi og samkvæmt alþjóðaeftirlaunavísitölunni er hvergi betra að fara á eftirlaun. Samkvæmt OECD er fátækt (hlutfall fólks með lægri tekjur en 50% af miðgildistekjum) hvergi minni en í Danmörku og á Íslandi.

Á Íslandi eru greidd hæstu meðallöunin. Næst á eftir koma Lúxemborg, Sviss og Bandaríkin. Lágmarkslaun á Íslandi eru þau þriðju hæstu í löndum OECD. Í Noregi og Danmörk eru lágmarksloaunin hærrí.

Hagkerfi til fyrirmyndar

Jafnrétti kynjanna er hvergi meira en á Íslandi. Í ellefu ár hefur Ísland verið leiðandi meðal þjóða í jafnréttismálum samkvæmt

skýrslu Alþjóða efnahagsráðsins (World Economic Forum).

Á síðustu árum hafa Íslendingar notið verðstöðugleika. Verðbólga hefur aldrei farið yfir 3% að meðaltali síðustu sex ár, í fjögur ár var verðbólga 2% eða lægri. Vextir eru í sögulegu lágmarki.

Ísland er fyrirmyndarhagkerfi í úttekt Alþjóða efnahagsráðsins. Á mælikvarða „Inclusive Development Index“, sem mælir ekki aðeins hagvöxt heldur ýmsa félagslega þætti og hvernig ríkjum tekst að láta sem flesta njóta efnahagslífs ávinnings og framfara og tryggja jöfnuð milli kynslóða raða Norðurlöndin sér í efstu sætin; Danmörk, Noregur, Finnland Svíþjóð og Ísland.

Ísland er öruggasta og fríðsasta land heims samkvæmt „Global Peace Index“. Danmörk er í fimmta sæti, Finnland í fjórtaða sæti, Svíþjóð í því átjándaga og Noregur í tuttugasta sæti.

Þegar allt þetta er haft í huga er það umhugsunarvert af hverju reynt er að draga aðeins upp dökka mynd af landi og þjóð. Það er engu líkara en ákveðin öfl nærast á að dvelja við hið neikvæða. Fjá tækifæri eru látin ónotuð til að tala Ísland nú. Alt er gert til að byggja undir þá tilfinningu að Ísland sé spilt land þótt landið sé í hópi þeirra óspilltustu að mati alþjóðsamtaka sem berjast gegn spillingu. Ísland er í 11. sæti af 180 löndum á lista Transparency International.

En þótt margt hafi tekið vel og staðan almennt góð, er ekki þar með sagt að ekki sé hægt að gera betur á ýmsum sviðum. Við eigum ýmis verk óunninn þegar kemur að almannatryggingum, skipulagi heilbrigðiskerfisins og ekki síður menntakerfisins. Við þurfum að gera meiri kröfur til þess að sam-eiginlegir fjármunir okkar nýtist en sé ekki söluástand. Og okkar bíða risaverkefni á sviði innviðafjártefninga og til þess erum við vel í stakk búin. Tækifæri eru fyrir hendi.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Leikið á strengi sósíalísmans

Eftir Óla Björn Kárasón

Hafa fullorðinsárin valdið vonbrigðum? Kjóstu mig og ég mun borga þér Þú þarft ekki að þroskast, satt er það Allir þínir reikningar verða greiddir Fullorðinsárunum frestað, og ég mun gefa þér alla þessa peninga

Alla þessa peninga þú færð frá Jóa Alla þessa peninga ef ég næ kosningu

Launin þín hækka Allar skuldir niður falla Leikskólagjöldin greidd Fæðingarorlofið frítt þér veitt Gefðu mér þitt atkvæði og ég mun gefa þér alla þessa peninga

Alla peningana hans Jóa ég mun færa þér Alla peningana hans Jóa ef ég næ kjöri

tveimur ríkjum stendur sósíalístin Bernie Sanders best að vigi og það er ekki síst að honum sem Remy beinir spjótum sínum. Um Sanders er sagt að hann lofi dönsku velferðarkerfi með því að innleiða efnahagsstefnu sósíalísta í Venesúela. En hvað sem segja má um Sanders er ljóst að hann er maður sannfæringar og heillar marga kjósendur, ekki síst þá yngri.

Í Bandaríkjunum líkt og svo víða í Evrópu hefur fennit yfir söguna. Hungursneyðir, fangabúðir og milljóónir fórnarlamba sósíalískra tilrauna hafa litla þýðingu í hugum stórs hluta íbúa lýðræðisríkja vestan hafs og austan. Þrátt fyrir blóði drifna sögu lifir í glæðum sósíalísmans.

Auðvitað er langur vegur eftir fyrir Sanders að tryggja sér útnefningu demókrata, en hann stendur vel að vigi og meðaltal allra skoðanakannana gefur til kynna að hann hafi forystu yfir landið allt.

» Sá sem leikur á strengi sósíalísmans og lofar að gefa kjósendum „alla peningana hans Jóa“ stendur best að vigi.

Átta framþjóðendur standa eftir hjá demókrötum. Í upphafi voru vonbiðlarnir nær 30 talsins. John Delaney, fyrirverandi fulltrúadeldi-arþingmaður, reid á vaðið sumarið 2017 og nokkru síðar tilkynnti Andrew Yang, lögfræðingur og frumkvöðull, framboð sitt. Delaney hætti í byrjun árs og Yang gafst upp eftir forkosningar í Iowa og New Hampshire. Aðrir höfuð ekki sama úthaldið.

Eftir standa átta framþjóðendur sem keppast um að sannfæra samflokksmenn sína um að þeir séu líklegastir til að fella Donald Trump úr forsetastöli. Fúa „hata“ demókratar meira en Trump.



Óli Björn Kárasón

Auðkýfingurinn Michael Bloomberg mætti síðastur til leiks og raunar alls ekki í Iowa og New Hampshire. Þessi fyrirverandi borgarstjóri New York og stofnandi Bloomberg-applýsingaveitunnar ætla að leggja keppinautana að velli á Stóra þriðjudeginum (3. mars) þegar forval fer fram í 14 ríkjum, þar af tveimur af fjölmennustu ríkjum; Kaliforníu og Texas. Bloomberg hefur lýst því yfir að hann fjármagni kosningabaráttuna úr eigin vasa og hefur þegar verið um 350 milljónum dollara í auglýsingar. Hann hefur verið sakaður, af eigin flokksmönnum, um að setla að „kaupa“ kosningarnar.

Joe Biden, fyrirverandi varaforseti Barack Obama, var lengi vel talinn öruggur um að verða valinn forsetaefni. Allt síðasta ár hafði hann góða forystu, utan nokkurra daga í október þegar Elizabeth Warren öldungadeildarþingkona tók fram úr honum. Allt frá þeim tíma hefur Warren horft upp á stöðugt minnkandi fylgi. Hún hefur verið í öformlegri keppni við Sanders um hvort þeirra sé meira til vinstri. Og varaforsetinn fyrirverandi hefur misst vinnu úr seglumum. Meðaltal skoðanakannanna sýnir að Biden hefur misst yfir 10 prósentustig frá því í janúar og yfir 20 prósentustig frá maí á síðasta ári þegar staðan hans var sterkust. Órgustund Biden's verður 3. mars.

Aldur afstaður

Fyrir þá sem telja að aldur sé afstaður – í stjórnmálum og á öðrum sviðum – er á margan hátt gott að



Kosningaloforð „Miðað við stöðuna nú stendur sá sem leikur á strengi sósíalísmans og lofar að gefa kjósendum „alla peningana hans Jóa“ best að vigi.“

horfa yfir þann átta manna hóp sem eftir stendur í forvali demókrata:

- Meðalaldur framþjóðenda er liölega 62 ár.
- Fjórir framþjóðendanna eru 70 ára eða eldri.
- Einn er yfir sextugu.
- Einn á eitt ár í sextugt.
- Tveir eru 38 ára.
- Þeir framþjóðendur sem njóta mests stuðnings á landvisu eru allir yfir sjötugu.

Það eru því allar líkur á því að í nóvember næstkomandi verði keppinautar um forsetaembætti Bandaríkjaanna – valdamesta embætti heims – komnir vel á eftirlaunaldurinn. Donald Trump fagnar 74 ára afmæli í júní næstkomandi. (Kamski minnir þetta okkur Íslendinga á hversu fráleitt það er að neyða fólk sem hefur vilja og getu út af vinnumarkaði).

En svo kann að vera að Pete Buttigieg, 38 ára gamall fyrirverandi borgarstjóri South Bend í Indiana (svipuð og Reykjavík), nái að velgja

gamla löðnu undir auggum. Hann hefur þegar vakið athygli og gefur árangur hans í fyrstu forkosningunum tilefni til að fylgjast vel með honum. Þótt á brattann sé að sækja og líkur lítlar á að hann verði forsetaefni á þessu sinni á hann framtíða fyrir sér. Fyrirverandi hermaðgur, samkyngneigður og hófsamur a.m.k. í samanburði við Sanders og Warren.

Kamski nær Biden sér á strik á Stóra Þriðjudeginum. Ef til vill dugar Bloomberg-aðurinn til að verða forsetaefni. En miðað við stöðuna nú stendur sá sem leikur á strengi sósíalísmans og lofar að gefa kjósendum „alla peningana hans Jóa“ best að vigi.

Hvernig frjóv jarðvegur fyrir sósíalísmna varð til í Bandaríkjunum er ónnur saga. Kamski sú sama og er að baki kosningasigrí Donalds Trumps fyrir tæpum fjórum árum.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Margt er skrítið, annað forvitnilegt

Eftir Óla Björn Kárasón

Ok, það skal viðurkennt: Ég býð alltaf spennur eftir að Tiund, tímarit Ríkisskattstjóra, komi út. Margt er þar athyglisvert en ítarleg greining Páls Kolbeins rekstrarhagfræðings á álagningu einstaklinga hvers árs fangar hugann. Mér



Óli Björn Kárasón

er til efs að betri árleg greining sé gerð á tekjum, eignum, skuldum, sköttum og gjöldum einstaklinga.

Nýjasta tölublað *Tiundar*, sem kom út fyrir skömmu, sveik ekki. Greining Páls Kolbeins er á sínum stað; álagning einstaklinga 2019 vegna tekna ársins 2018. Páll bendir í upphafi á að skattframtöl beri vitni um mikinn uppgang á árinu 2018. „Útlendingar flyktust til landsins, laun og tekjur hækkðu og verðmæti eigna jókst. Skuldir jukust en þó í minna mæli en eignir og eigið fé. Þó að nokkuð hafi dregið úr hinum mikla vexti sem var hér á árunum 2016 og 2017 þá er engu að síður óhætt að segja að það hafi blásið byrlega fyrir landsmönnum á árinu 2018.“

29 þúsund í skatt af einni krónu

Í hafsþjó upplýsinga finnst margt sem er skrítið og sumt kann að sýna réttlætiskenn. Eins og Páll

Kolbeins bendir á, þá leggjast svokallaðir nefskattar – ákveðin fjárhæð sem er lögð jafnt á alla – þyngst á þá sem lægstu tekjurnar hafa. Eftir því sem tekjurnar eru hærrí er baggin léttari. Útvarpsgjald og gjald í Framkvæmdasjóð aldrára eru nefskattar. Allir einstaklingar 16-70 ára með tekjur yfir skatt-

leysismörkum verða að standa skil á þessum sköttum. Öryrkjar sem dvelja á dvalar- og hjúkrunarheimilum eru undanþegnir. Árið 2018 var útvarpsgjaldið 17.100 krónur og gjald í Framkvæmdasjóð var 11.454 krónur. Alls 28.954 krónur.

Þetta sama ár voru skattleysismörkin 1.750.782 krónur – tæplega 146 þúsund á mánuði. Einstaklingur sem hafði einni krónu hærrí tekjur varð því að greiða nær 29 þúsund krónur í nefskatta. Varla er hægt að finna dæmi um þyngri skattheimtu. Dæmi um óréttlæti skattkerfisins? Auðvitað. Gjald í Framkvæmdasjóð aldrára nam tæpum 2,6 milljörðum króna og var lagt á 225.660 einstaklinga, 8.067 fleiri en árið á undan.

Pakkað í bómull

Samkvæmt upplýsingum í grein Páls Kolbeins voru rúm 3,9 millj-

» Peir sem búa í sveitarfélagi þar sem útsvar er í hámarki greiða 20.800 krónum meira í útsvar af hverri milljón en þeir sem njóta lágmarksútsvars.

arðar lagðir á einstaklinga í útvarpsgjald vegna ársins 2018. Gjaldið var lagt á 225.468 gjaldendur og fjölgaði þeim um líölega átta þúsund. Ríkisútvarpið er eini fjölmiðill landsins sem býr við þær kjöraðstæður að „áskrifendum“ fjölga sjálfvirkir ár eftir ár, án þess að nokkuð sé fyrir því haft. Á fimm árum frá 2015 hefur þeim einstaklingum sem greiða útvarpsgjald fjölgað um líölega 36 þúsund.

En þar með er ekki sagan öll sögð því allir lögaðilar þurfa að greiða útvarpsgjald. Rétt tæplega 42 þúsund lögaðilar greiddu alls um 735 milljónir. Á fimm árum hefur þeim fjölgað um rétt tæplega sex þúsund.

Ekki verður annað sagt en að löggjafinn hafi hugað vel að Ríkisútvarpinu – í raun pakkað fyrirtekni í eins konar bómull og tryggt að í hvert einasta skipti sem einhver heldur upp á 16 ára afmælið og/eda aflar sér einni krónu meira en skattleysismörkin, þá bætist í hóp „áskrifenda“. Og

það sem meira er. Þegar einhver framtaksmaðurinn stofnar fyrirtæki fjölga „áskrifendum“. Til að gulltryggja þetta allt hefur Ríkisútvarpið frjálssar hendur á auglýsingamarkaði í samkeppni við sjálfstæða fjölmiðla.

Útsvarið skiptir máli

Pvert á það sem margir halda þá er hlutur sveitarfélaganna í staðgreiðslu stærri en ríkissjóðs. Þetta er vegna þess að ríkið tryggir sveitarfélögunum útsvar af tekjum þeirra sem eru undir skattleysismörkum og greiða þeir engan skatt af tekjum, hvorki tekjuskatt né útsvar. Útsvar var lagt á líölega 298 þúsund einstaklinga vegna tekna 2018, rúmlega 63 þúsund fleiri en greiddu tekjuskatt. Útsvarstekjur námu 232 milljörðum króna á móti 190 milljörðum sem runnu í ríkissjóð í formi almenns tekjuskatts.

Í greiningu Páls Kolbeins kemur þannig skýrt fram að útsvar leggst þyngra á herðar launafólks en tekjuskattur. Einmitt þess vegna skiptir það skattgreiðendum miklu að sveitarfélögin gæti hófsemi þegar kemur að því að ákvarða útsvarsprósenta. Samkvæmt lögum er hámarkið 14,52% (eins og Reykjavík leggur á borgarþúá), en sveitarfélög geta ekki lagt á lægra útsvar en 12,44%.

Munurinn á hæsta og lægsta útsvari er 2,08%. Páll Kolbeins dregur fram athyglisverða stað-

reind: Peir sem búa í sveitarfélagi þar sem útsvar er í hámarki greiða 20.800 krónum meira í útsvar af hverri milljón sem þeir afla en þeir sem eiga heima í sveitarfélagi sem leggur á lágmarksútsvar.

Einstaklingur sem er að jafnaði með 450 þúsund krónur í mánaðartekjur greiðir um 112 þúsund meira í útsvar á ári fyrir að búa í sveitarfélagi þar sem álagningin er í hámarki en hann gerði ef hann væri búsettur í einu af þeim þremur sveitarfélögum sem gæta mestu hófseminnar. Þetta er um 25% af mánaðarlaunum.

Þegar þessi einföldu sannindi eru höfð í huga er erfið að skilja hvers vegna augu almennings og þá ekki síst forystu launafólks beinast ekki í ríkara mæli að háskattastefnu margra sveitarfélaga. Útsvar leggst þyngra á láglaunamanninn en tekjuskattur ríkisins, alveg með sama hætti og nefskatturinn sem rennur til Ríkisútvarpsins.

Og að lokum er forvitnileg staðreind frá Páli Kolbeins. Tekjur landsmanna námu alls 1.863 milljörðum króna árið 2018 og hækkðu um rúmlega 43 milljarða króna. Laun, hlunnindi og lífeyrir hækkðu um 76,9 milljarða en fjármagnstekjur lækkuðu um 33,8 milljarða. Lækkun fjármagnstekna veldur hins vegar fám áhyggjum.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Sálrænt heilbrigði efnahagsmála

Eftir Óla Björn Káráson

Það liggur í mannlegu eðli að halda að sér höndum á tímum óvissu. Athafnamaðurinn setur áfornt um fjárfestingar í nýjum tækjum á ís og fjölskylda sem hugar að íbúðakaupum hikar og bíður þess að framtíðin skýrist.

Á tímum óvissu er lítið hægt að fullyrða annað en að líkur séu á því að efnahagsleg umsvif minnki. Jafnvel hagfræðingar, sem eru sannfærðir um að hægt sé að setja allt efnahagslífið inn í reiknilíkan og spá fyrir um framtíðina, jata sig sígráða. Spásmódel hagfræðinga (sem sumir hverjir telja sig eiga sæti á bekk með raunvísindamönnum) eru ófullkomin.

Óvissa í efnahagsmálum er oft vegna athafna eða athafnaeysis stjórnvalda. Brexit og viðskiptadeilur Bandaríkjanna og Kína, hafa valdið efnahagslegum höfuðveikjum í flestum löndum heims. Pólitískur óstöðugleiki hefur leikið mörg lönd grátt í gegnum söguna. Efnahagslegar hörmungar eru fylgifiskur stríðs og átaka.

Þannig skapar maðurinn sjálfur óvissu. En samt er ekki á mannlegu valdi. Náttúran veitir ekki fyrir sér stöðunni á hlutabréfamörkuðum og lætur sér þróun efnahagsmála í léttu rúmi liggja. Náttúruhamfarir, fellibyljir, eldgos, flóð, þurrkar, skógaveidlar og önnur óráran, eru oft þungur baggi fyrir einstök lönd og landsvæði, stundum heiminn allan. Farsóttir ógna lífi og heilsu. Í heimi nútímans, þar sem fólk ferðast frjálst milli landa, getur vírusótt orðið að heimsfaraldi, sem hefur ekki aðeins alvarlegar afleiðingar á líf einstaklinga heldur teyfir í tvísýnu efnahagslegum stöðugleika og lífjörum almennings.

Kórónuveiran (Covid-19)

Faraldur Covid-19 af völdum nýrrar kórónuveiru sem á uppruna sinn í Wuhan-héraði í Kína hefur breiðst hratt út. Vonir um að hægt væri að hemja útbreiðsluna rættust ekki. Líklega sleppur ekkert land undan veirunni.

Hér verður ekki gert lítið úr þeirri ógn sem stafar af kórónuveirunni. Veirusótt sem verður faraldur er alvarleg. Ekki verður annað séð en að



Óli Björn Káráson

viðbrögð íslenskra yfirvalda hafi verið fumlaut og hnitmiðað. Og að líkindum er það undir hverju og einu okkar komið hvernig til tekst í baráttunni.

En það er nauðsynlegt að gera ekki meira úr hættunni en efni standa til. Í gærmorgun (þriðjudag) höfðu verið staðfest smit af völdum veirunnar í 90.936 ein-

staklingum í heiminum öllum, að því er fram kemur á vef BBC. Langflestir hinna smitðu eru í Kína (80.151), síðan í Suður-Kóreu (4.812), Ítalíu (2.036) og í Íran (1.501). Staðfest dauðsföll eru 3.117 – langflest í Kína.

Til samanburðar er vert að hafa í huga að á hverju ári veikist um einn milljarður manna af influensu á hverju ári. Milli 290 og 650 þúsund deyja í stofn veirunnar er misalvarlegur.

Vanmetin áhrif

Margt bendir til að stjórnvöld og viðskiptalíf í heild sinni hafi vanmetið áhrif kórónuveirunnar – áhrifin geta orðið meiri, djúpri og langvinnari en nokkur reiknaði með. Líðin vika var sú versta á hlutabréfamörkuðum í Bandaríkjunum frá fjármálakreppunni 2008. Þrjár helstu vísitölur hlutabréfa lækkuðu um 10% eða meira, þrátt fyrir nokkra hækkun fyrir lok markaða á föstudag.

Peter Dixon, hagfræðingur hjá Commerzbank, segir í viðtali við tímaritið National Review um helgina að staðan sé ólík aðstæðum frá fjármálakreppunni 2008. Þá hafi fjármálamarkaðir brugðist við því sem var að gerast en nú séu þeir að bregðast við því sem gæti gerst. „Það er nær ómögulegt fyrir fjárfesta og greiningaraðila að gera skýnsamlegar spár um hvað gæti gerst – við erum í blíndflugi.“

Hversu alvarleg eða langvarandi efnahagslegu áhrifin eru veit enginn. Kórónuveiran kemur hins vegar á vöndum tíma fyrir efnahag heimsins. Hagvöxtur hefur farið minnkandi í Kína og þrátt fyrir að vextir dansi um og undir núllinu hefur hagkerfi Evrópusambandsins ekki náð nauðsynlegri viðþyrnu. Hagfræðingar keppast við að uppfæra spár sínar og forystumenn ríkisstjórna um allan



AFP

Faraldur „Margt bendir til að stjórnvöld og viðskiptalíf í heild sinni, hafi vanmetið áhrif kórónuveirunnar.“

heim klóra sér í kollinum yfir því til hvaða aðgerða sé hægt að gripa. Vextir verða a.m.k. ekki keyrðir mikið niður til að örva efnahagslífið. OECD hefur lækkað hagvaxtarspá sína fyrir heiminn og hefur hún ekki verið lægri frá fjármálakreppunni. Samkvæmt upplýsingum Bloomberg-upplýsingaveitunnar er framleiðsla verksmíða í Kína aðeins 60-70% af getu. Í Kína eru framleiddar mikilvægar neytendavörur og íhlutir fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum heims. Fall í framleiðslu hefur áhrif á þessi fyrirtæki, s.s. Apple, og neytendamarcaði í flestum löndum.

Visbendingar eru um að áhrif kórónuveirunnar – að minnsta kosti til skamms tíma – kunni að vera meiri en fjármálakreppunnar fyrir 12 árum.

Misjöfn staða

Sum ríki standa veikar efnahagslega en önnur. Í Evrópu hafa flest smit verið á Ítalíu, en sem komið er. Ítalía hefur í mörg ár barist við króníska stöðnun og má vart við áföllum vegna kórónuveirunnar. Á síðasta ári var framleiðsla ítalska hagkerfisins sú sama og fyrir 15 árum og 4% minni en 2007 í aðdraganda fjármálakreppunnar. Atvinnuleysi viðvarandi. Atvinnuleysi meðal 25 ára og yngri er um 29% og hvergi meira í Evrópusambandinu

» Bjartýni ýtir undir athafnir. Svartýni og óvissa draga úr framkvæmdavilja. Sálarástand er oft í beinu samhengi við störf og stefnu stjórnvalda.

nema á Spáni og Grikklandi. Verg landsframleiðsla dróst saman á síðasta ársfjórðungi liðins árs.

Það eykur vanda Ítala að þeir geta ekki gripið til peningalegra aðgerða. Verkfærin eru öll í höndum Seðlabanka Evrópu og stýrivextir eru þegar mjög lágir (sumir neikvæðir). Svigrúmið í ríkisfjármálum er ekkert. Skuldir ítalska ríkisins eru um 133% af vergri landsframleiðslu – langt yfir ofan 60% viðmið Evrópusambandsins. Aðeins Grikkland er í verri stöðu.

Ólíkt Ítalíu er efnahagsleg staða Íslands sterk. Þótt enn sé ekki að fullu hægt að átta sig á hvaða áhrif kórónuveiran hefur á efnahag okkar erum við í stakki búinn til að gripa til ráðstafana og getum beitt verkferum sem standa Ítöllum ekki til boða, jafnt í peningamálum og ríkisfjármálum.

Mestu áhyggjurnar eru af nei-

kvæðum áhrifum veirunnar á ferðaþjónustuna. Samstíllt átak einkafyrirtækja og ríkisins í markaðssetningu lands og þjóðar hefur áður skilað gríðarlegum árangri. Þann leik verður að endurtaka. En fleira þarf að koma til. Endurskoða þarf ýmis sérgjöld sem lögð eru á ferðaþjónustuna samhliða því að losa um lausafjárkröfur bankanna til að gera þeim mögulegt að auka útlán til fjárfestinga – ekki aðeins í ferðaþjónustu heldur á öllum sviðum atvinnulífsins. Við getum orðað þetta sem svo að verið sé að hleypa súrefni inn í efnahagslífið. Íslensk stjórnvöld geta auðveldlega skrifað frá fleiri súrefniskrönum, líkt og hef margt benti á í ræðu og riti. Til þess þarf vilja og stefnu-festu.

Viðbrögð markaðsaðila um allan heim við útbreiðslu kórónuveirunnar sýna hve mikil áhrif sálarástand – væntingar um framtíðina – hefur á framvindu efnahagsmála. Bjartýni ýtir undir efnahagslegar athafnir. Svartýni og óvissa draga úr framkvæmdavilja sem að öðru óbreyttu leiðir til verri lífskjara almennings. Oftan en ekki er sálarástand í beinu samhengi við störf og stefnu stjórnvalda.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Sterk staða í mótbyr

Eftir Óla Björn Kárason

Það þarf ekki sérþekkingu til að átta sig á því að blíkur eru á lofti í efnahagsmálum hér á landi líkt og í heiminum öllum. En ólíkt flestum öðrum löndum erum við á Íslandi í sterki stöðu til takast á við áskoranir sem eru fram undan. Skynsamleg og fumulaus viðbrögð í peninga- og ríkisfjármálum skipta sköpum.

Kórónuveiran ætlar að reynast alþjóðlegu efnahagslífi þyngrt í skauti en nokkur reiknaði með jafnvel hinir svartsýnustu. Á mánudag lékkaði gengi allra íslenskra hlutabréfa í Kauphöllinni. Um allan heim byrjaði vikun illa. Lækkunin var sú mesta á einum degi frá því að Lehman Brothers hrundi árið 2008. Í London féllu hlutabréf um 8% og í Bandaríkjunum lékkaði gengi fjármálafyrirtækja um 7%. Mánudagsins 9. mars verður líklega minnst sem svart mánudags.

Bóndinn safnar korni

Eitt meginmarkmið hagstjórnar er að búa svo um hnutána að hagkerfi geti tekið á við það óvanta – að hægt sé að sigla í gegnum efnahagslega erfiðleika. Þegar gefur á báttin í efnahagsmálum kemur betur í ljós en



Óli Björn Kárason

áður hverju skynsamlega haldið hefur verið á ríkisfjármálum á síðustu árum. Fyrir tæpu ári orðaði ég þetta þannig að allt frá 2013 hafi bóndinn í fjármálaráðuneytinu verið duglegur við að safna korni í hlöður til að mæta mögnum árum. Hann hafi ekki fallið í þá freistingu að eyða búhnykk og hvalrekum í pólitískt

stundargaman.

Árangurinn: Staða ríkissjóðs hefur gjörbreytt á síðustu árum. Í lok árs 2011 námu skuldir ríkissjóðs um 86% af vergrí landsframleiðslu. Við lok síðasta árs var hlutfallið komið niður í tæp 22%. Erlend staða þjóðarþúsins er einnig sterk. Umskiptin eru ótrúleg. Árið 2015 var staðan neikvæð um 5% af landsframleiðslu en er nú jákvæð um 25%. Erlend staðan hefur aldrei verið betri. Gjalddeyrisforði Seðlabankans er um 28% af landsframleiðslu.

Góð staða ríkissjóðs, ríflegur gjalddeyrisforði, miklar erlendar eignir og sú staðreynd að íslenska bankakerfið er óvenjulega vel fjármagnað, gefur Íslendingum möguleika til kröftugar viðsýrnu þegar kreppir að. Og kanski munu þeir sem hafa talið það laus allra vandamála að

» Til skemmri og lengri tíma er verkefni stjórnvalda í senn einfalt og flókið: Að hleypa súrefni inn í atvinnulíf og létta undir með heimilunum.

henda krónunni og taka upp evru læra að meta mikilvægi þess að vera fullvalda þjóð í peningamálum.

Til skamms tíma

Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir til hvaða aðgerða stjórnvöld gripa á næstunni til að vinna gegn efnahagslegum áföllum. Verkefnið er hins vegar nokkuð skýrt.

Það verður að slaka á aðhaldi peningamála, lækka eiginfjárfærslur bankanna til jafns við það sem gerist í samkeppnislöndum okkar, afnema eiginfjárfæringu og endurskoða lausafjárþingningu. Þannig verður auknu súrefni hleypit út í efnahagslífið í gegnum fjármálakerfið. Lækkun vaxta er einnig skynsamleg við ríkjandi aðstæður. Gengi krónunnar hefur gefið eftir á síðustu vikum.

Veikara gengi er hluti af aðlögun efnahagslífsins og styrkir stöð samkeppnisgreina – ferðahjónustunnar og útflutningsfyrirtækja.

Í ríkisfjármálum verður að slaka á

klónni. Koma til móts við fyrirtæki sem glíma við tímabundna erfiðleika og létta undir með heimilunum. Lækkun skatta – tímabundin og til frambúðar – skiptir þar miklu.

Til lengri tíma

Samkvæmt fjárlögum nema framfærslu til fjárfestinga ríkisins ríflega 78 milljörðum á þessu ári og hafa aukist um rúma 27 milljarða að raungildi frá árinu 2017. Ríkisstjórnin hefur þegar gefið til kynna að fjárfesting í innviðum verði aukin enn meira á þessu og komandi árum. Með öðrum orðum: Það verður stigið á bensín-gjöfina.

Með sama hætti og lægri skuldir bæta hag almennings er mikilvægt að innviðir séu byggðir upp og stöðir hagvaxtar styrktir. Það skiptir hins vegar miklu í hvaða innviðum er fjárfest og með hvaða hætti.

Í niðursveflu – slaka í efnahagslífinu – er tækifæri til að byggja upp til framtíðar. Ég hef, ásamt félögum mínum, barið fyrir því í mörg ár, að umbreyta ákveðnum eignum ríkisins í hagræna innvið. Raunar hef ég gengið svo langt að halda því fram að á komandi árum eigi fjármögnun hagrænna innviða fyrst og fremst að vera í formi umbreytingar á eignum ríkisins (sala hlutabréfa, fasteigna, jarða o.s.frv.) og í gegnum samstarfsverkefni við stofnanafjárþingningu (lífrýssjóði og aðra fjárfesta). Um leið

gerist hið augljósa. Svigrúm ríkissjóðs til að ráðast í fjárfestingu í félagslegum innviðum (s.s. skólar og heilbrigðisstofnanir) eykst.

Í viðtali við hlauvarp Viðskipta-Moggans í síðustu viku varpaði ég fram þeirri hugmynd að komið yrði á fót innviðasjóði ríkisins og að eiginfjárframlag yrði a.m.k. helmingur hlutur í Íslandsbanka. Innviðasjóðurinn fjármagni innviðaverkefni ymist einn eða í samstarfi við stofnanafjárþingningu um einstök verkefni. En mestu skipti í hvaða innviðum fjárfest er. „Þú getur fjárfest í einhverri steinsteypu, byggingu, sem kallar síðan í sjálfu sér á aukin ríkisútgjöld í framtíðinni. Ég er ekki þar. Ég vil að við einbeittum okkur að því að setja fjárfunni í að byggja upp hagræna innviði sem eru arðbærir, létta undir með atvinnulífum, létta undir með einstökum byggðum í landinu. Þar horfi ég á samgöngurnar fyrst og fremst, fjárfestingunni og flutningakerfi raforku.“

Til skemmri og lengri tíma er verkefni stjórnvalda í senn einfalt og flókið: Að hleypa súrefni inn í atvinnulíf og létta undir með heimilunum í gegnum skattkerfið. Okkur hefur tekið að búa svo um hnutána á síðustu árum að súrefnið er til á flestum tóknum.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Leiðtogar: Sumir brotna, aðrir rísa upp

18.mars

Eftir Óla Björn Kárason

..... í fyrsta lagi vil ég undirstrika þá staðofstu trú mína að það eina sem við höfum að óttast er ... óttinn sjálfur – nafnlaus, örökstudd, örökkræn hræðsla sem lamar viðleitni okkar að snúa vörn í sókn.“

Þannig komst Franklin D. Roosevelt,

32. forseti Bandaríkjanna, að orði í innsetningargæðu sinni í mars 1933 – fyrir 87 árum. Líkt og flest lönd heims glímdu Bandaríkinn við alvarlega efnahagskreppu. Þá líkt og nú þurfti leiðtoga til að stíga fram, taka forystu, stappa stálinu í almenning og fyrirtæki, blása þeim bjartsýni í brjóst.

Matthew Karanitschnig, blaðamaður veftíðis Politico, segir í upphafi fréttaskýringar síðastliðinn mánudag, að hafi COVID-19 kennt okkur eitthvað annað en mikilvægi hreinlætis, þá sé það að leiðtogar verði fórnarlömb farsóttá. Hann saknar þess að enginn þjóðarleiðtogi hafi stigið fram, tekið forystuna í baráttunni við illvigan vírus, þjappað þjóðum heims saman í stað þess að sundra. Margir hafi lokað eyrum og augum í margar vikur gagnvart aðstæðandi ógn – látið viðvaranir sérfræðinga sem vind um eyru þjóta. Heilbrigðisvandin er ekki síður efnahagsvandin verði meiri í sundurbýkkjum heimi.

Samstarf á veikum grunni

Síðustu daga hefur komið æ þetur í ljós hve alþjóðlegt samstarf



Óli Björn Kárason

stendur á veikum grunni þegar kreppir að. Nokkrum dögum eftir að hafa lýst því yfir að kórónuveiran sé eitt stórt pólitískt „gabb“ setti Donald Trump forseti bann við komu Evrópuþinga til Bandaríkjanna (Bretar voru í fyrstu undanskildir). Í kjölfarið tóku fjármálamarkaðir enn eina dýfuna. Trump

sætir þungrt gagnrýni fyrir hvernig stjórnvöld hafa haldið á málum. Baráttan gegn virusnum sé fálmennd og ómarkviss. Hægt og bitandi hafa lösmenn Trumps átt sig á því að COVID-19 hefur grafið undan pólitískri stöðu forsetans á kosningarári.

Ráðamenn í Evrópu, sem brugðust hart við ferðabanni Trumps, hafa í örventingu gripið til svipaðra aðgerða. Hvert Evrópuþingi á fætur öðru lokar landamærum sínum – ríkisstjórnir hrekjast undan óttanum. Pólitísk sjónarmið hafa náð yfirhöndinni og ráðgjöf vísindamanna verið lögð til hliðar. Samstaða og samstarf Evrópusambandsins er að rakna upp.

Evrópuhugsjónin um samvinnu, ekki síst á ógurstundum, er komin ofan í skúffu. Ítalir vita að þeir standa einir í baráttunni gegn skæðum vírus. Þeir eru með bundnar hendur fyrir aftan bak í tilrunum til að lágmarka efnahagslegan skaða.

Því miður erum við að verða vitni að því að fleiri leiðtogar brotni en rísi upp.

Á mánudag klóruðu leiðtogar G-7 ríkanna (Bandaríkin, Þýskaland,

» Á sviði heilbrigðismála höfum við eignast leiðtoga í baráttunni við COVID-19. Íslenskt samfélag þarf sterka leiðtoga á hálu svelli stjórn mála.

Bretland, Frakkland, Ítalía, Kanada og Japan) í bakann. Gefin var út yfirlýsing um að þeir myndu vinna saman að öllum nauðsynlegum aðgerðum í baráttunni gegn COVID-19 faraldrinum og tryggja öflug efnahagslega viðsýrnu, sjálfbærar hagvöxt og velmegun almennings. Yfirlýsingin er almenn og án útlitana. Gripið verður til samræmdra aðgerða á sviði peninga- og ríkisfjármála til að stýrja við bakíð á launafólki og fyrirtækjum.

Lukkuriddarar sem allt vita

Á tímum óvissu, ekki síst þegar hætta stöðjar að, koma altarf fram á sviði lukkuriddarar sem annaðhvort sjá pólitísk tækifæri í stöðunni eða eru hreinlega haldnir þeirri gríllu að þeir vitu flest betur en aðrir. Við höfum þegar séð vitringana birtast á samfélagsmiðlum. Þeir draga alla í efa sem gert hefur verið. Ráðleggingar og ákvarðanir vísindamanna – heilbrigðisfyrivalda – eru létvægar fundnar. Og á komandi dögum og vikum verður freistingin líklega af mikil fyrir lukkuriddarana til að halda aftur af sér í yfirboðum og fögrum loforðum um efnahagslegar aðgerðir sem verður að gripa til.

Það versta sem nokkur þjóð getur gert við fordæmalasur og

hættulegar aðstæður er að láta lukkuriddara og sjálfskipaða vitringa ráða för. Við Íslendingar höfum notið þeirrar gæfu að þegar í upphafi var tekið fast á málum undir styrkir handleiðslu þrieykisins, Ólmu Möller landlæknis, Þórólfs Guðmasonar sóttvarmalæknis og Víðis Reynissonar yfirlögregluþjóns.

Fumlaus og skipulögð viðbrögð koma okkur í gegnum hættuna. Verkefnið er ekki síst að hægja á útbreiðslu vírusins, tryggja eins og hægt er að heilbrigðiskerfið ráði við að veita nauðsynlega – oft lifsnauðsynlega þjónustu. Vernda þá sem eru viðkvæmasti og í mestri hættu, en um leið tryggja að samfélagið haldi.

Við höfum orðið vitni að því hvernig einstaklingar stíga upp og verða leiðtogar við erfiðar aðstæður. „Við höfum lent í mörgum áföllum sem þjóð og við tókumst bara á við þetta eins og við höfum gert með svo margt annað í gegnum tíðina. Við gerum það saman og það er lykilatriðið,“ sagði Víðir Reynisson í viðtali við Ríkisútvarpið fyrir nokkrum dögum. Þrieykið hefur, með framgöngu sinni, þjappað þjóðinni saman. Slíkt er háttur leiðtoga.

Með skýrum og ótvíræðum hætti verða stjórnvöld að standa þétt við bakíð á öflugum starfsfólki heilbrigðiskerfisins, fjárhagslega sem andlega. Þegar barist er gegn illvigan faraldri eiga stjórnvaldamenn ekki að troða sér upp á sviði. Við sem sitjum á Alþingi getum haft okkar skoðanir á einstökum ákvarðunum heilbrigðisfyrivalda, en við verðum að hafa andlegan styrk til að þega. Við þurfum að einbeita okkur að öðru – efnahagslegum aðgerðum til

að lágmarka skaðann fyrir íslenskt fyrirtæki og heimili.

Leiðtogar stíga fram

Það er mikilvægt að stjórnvöld – ríkisstjórn, alþingi – hafi í huga að ekki er í öllu hægt að beita hefðbundnum verkferum í ríkisfjármálum til að örva efnahagslífið. Hér eru að verki önnur lögmál en ráða för í hefðbundnum efnahagslegum samdrætti eða kreppu.

Þegar þetta er skrifað hafa fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum verið kynntar. Það er eftir stærra útspilli sem verður kynnt síðar í vikunni. Samræmdar aðgerðir í ríkisfjármálum og peningamálum skipta mestu.

Á sviði heilbrigðismála höfum við Íslendingar eignast leiðtoga í baráttunni við COVID-19. Íslenskt samfélag, – atvinnulíf og heimilin – þarf sterka leiðtoga á hálu svelli stjórn mála og efnahagsmála.

„Ég ætla að lýsa því yfir hér að ég hef trú á því að mestu mistökinn sem við getum gert hér í þinginu væri að ganga allt of skammt. Það væri betra fyrir okkur að nýta þá góðu stöðu sem við búum yfir til að gera rétt rúmlega það sem þarf vegna þess að sameiginlega tjónið af því að gera of lítið of seint getur orðið miklu meira en tilkostnaðurinn af því að gera aðeins of mikið,“ sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðgjafi í síðustu vikum umræðu og í hönnu viku um aðgerðir stjórnvalda í efnahagsmálum vegna veirufaraldurs.

Aðeins leiðtogi sem hefur safnað korni í hlöðurnar í góðari hefur efni á að tala með þessum hætti.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Fyrsti leikhluti – skjól myndað

Eftir Óla Björn Kárasón

Eftir að hafa gengið 16 hringum um Alþingishúsið og inn í þingsal til að greiða atkvæði samþykktu þingmenn á mánuðagskvöld mikilvæg lagafrumvörp og eina þingsályktunartillögu, vegna aðgerða stjórnvalda til að verja íslenskt efnahagslíf vegna heimsfaraldurs COVID-19. Óhætt er að fullyrða að allir þingmenn hafi áttað sig á að þar með sé varnaraðgerðum ekki lokið. Langt í frá.

Í nefndaráli efnahags- og viðskiptaneftar um lagafrumvarp um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áföllum er bent á hið augljósa: „Náin og góð samvinna Alþingis, ríkisstjórnar, Seðlabanka og aðila vinnumarkaðarins, skiptir sköpum þegar tekist er á við efnahagslega erfiðleika.“

Við höfum séð hvernig hægt er að láta peningamáli og ríkisfjármál vinna saman. Seðlabankinn hefur gripið til róttækra aðgerða. Meginvextir bankans hafa lækkað og hafa aldrei verið lægri – 1,75%. Bindiskylda banka hefur verið lækkuð um 40 milljarða og sveiflujöfnunarauki hefur verið afdnummin. Geta bankanna til að styðja við heimili og fyrirtæki hefur verið aukin og myndað hefur verið 350 milljarða svigrúm til nýrra útlána. Seðlabankinn hefur einnig ákveðið að hefja bein kaup á skuldabréfum ríkissjóðs á eftirmarkaði. Þannig er stutt við stefnuna í ríkisfjármálum og stuðli að að því að stefna Seðlabankans um tryggja jafnt heimilum og fyrirtækjum lægri fjármögnunarkostnað, nái fram að ganga.

Prófsteinn á bankana

Á komandi vikum og mánuðum er mikilvægt að viðskiptabankarnir standi þétt við bakkið á viðskiptavinum sínum. „Vaxtalækkun, afhám sveiflujöfnunaraukans, lægri bindiskylda lausafjár og lækkun sérstaks banka-

skatts, verður að birtast í hagstæðari lána- kjörum fyrirtækja og heimila.“ segir í álit efnahags- og viðskipta- nefndar. Hvernig viðskiptabankarnir standa að verki verður prófsteinn fyrir þá og getur orðið lykkillinn að því að auka traust á bankakerfinu.

Með afgreiðslu lagafrumvarpa á mánudaginn er fyrirtækjum m.a. gefinn kostur á því að fresta allt að þremur gjaldögum staðgreiðslu og tryggingagjalds fram á næsta ár til að bæta lausafjárstöðuna. Á þriggja mánaða tímabili má ætla að frestu tekju- skatts, útsvars og tryggingagjalds hjá launagreiðendum öðrum en opinberum aðilum, nemi um 100 milljörum króna. Einnig er gjalddagi helmings opinberra gjalda í mars framlangdur til 15. janúar 2021. Áætlað er að umfangið sé um 11 milljarðar.

Afhám gistináttgjalds til ársloka 2021, úttekt séreignarsparnaðar og aukin endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu létta undir með atvinnulífni og övra það. Barnabótaauki og uppbót til örorkulífisryðisþega skiptir miklu.

Það verður stigið á bensínjöfina þegar kemur að fjárfestingum. Samtals verða fjárfestingar hins opinbera auknar um 22,5 milljarða umfram það sem áður var ákveðið. Þetta þýðir að fjárfestingar ríkisins verða um 37% meiri en á síðasta ári og nær 80% meiri en árið 2017 – hækkun um nær 41 milljarð. Alls verða fjárfestingar ríkisins því lítlegra 92 milljarðar en því til viðbótar koma fjárfestingar ríkisfyrirtækja.

Allt þetta vegur þungt í varnaraðgerðum gegn efnahagslegum þrengingum. Og öllum er orðið ljóst hve



Óli Björn Kárasón

mikilvægt það var að Alþingi sameinaðist fyrir nokkrum dögum um frumvarp um hlutastörf þar sem ríkissjóður greiðir allt að 75% launa fólks. Þannig eru störfin varin og reynt að tryggja eins og unnt er að ráðningarsamband milli launafólks og fyrirtækja haldist í gegnum erfiða tíma.

Tímabundið skjól

Eitt er að mynda tímabundið skjól og annað að búa svo um hnútana að atvinnulífið komi ekki út ír hremmingum svo skuldum vafð að fyrirtækin hafi enga möguleika á því að nýta tækifærin sem bjóðast þegar birtir yfir. Það er augljóst að flest ef ekki öll fyrirtæki verða skuldsettari eftir hörmungarnar – sum mjög skuldsett. Mörg verða að nýta sér greiðslufresti opinberra gjalda fram á næsta ár og greiðslufresti á bankalán- um. Til að komast í gegnum brotá- ginn verður lífsnaðsynlegt fyrir fjölda fyrirtækja að fá brúarlán sem að hluta verð með ábyrgð ríkisins. Ekki þarf að fara mörgum orðum um mikil- vægi þess að þar sitji fyrirtæki við sama borð og séu undir sömu viðmið sett.

Í raun má halda því fram að með tímabundnum skjóli – í viðleitni okkar að verja launafólk og fyrirtækin – sé- um við ýta snjóboltanum (sem stækk- ar) á undan okkur. Það er á margan hátt skynsamlegt til að fá heildstæð- ari mynd af stöðunni þannig að hægt sé að gripa til frekari markvissra að- gerða.

Hættan er hins vegar sú að með viðamiklum og róttækum tímabund- um aðgerðum sé búið til svikalogn. Þótt öll okkar athygli og kraftur fari þessa dagana í að leysa bráðavanda í

» Eitt er að mynda tímabundið skjól og annað að búa svo um hnútana að fyrirtækin eigi möguleika á að nýta tækifærin sem bjóðast þegar birtir yfir.

efnahagslífinu, verðum við að horfa lengra fram í tímann. Annars er sú hættu fyrir hendi að stór hluti fyrirtækjanna verði lifandi dauður.

Það væri blekking að halda því fram að allar þær skatttekjur sem ákveðið hefur verið að fresta fram á komandi ár innheimtist í ríkisskassan á endanum. Því miður eru líkur á að mörg fyrirtæki sigli í þrot á næstu mánuðum – skattar af þeim verða ekki innheimtir. Önnur fyrirtæki sem standa af sér hremmingarnar verða fjárhagslega veikburða og munu eiga erftit með að standa skil á opinberum gjöldum. Það kann að verða skynsam- legt fyrir ríki og sveitarfélög að fella miður slíkar skuldir. En komi til þess er mikilvægt að unnið sé eftir gagn- sæjum reglum og tryggt að þeim fyrirtækjum sem ekki neyddust til að nýta sér greiðslufresti, verði ekki refsáð.

Uppstokkun skatta- og gjaldkerfis

Ríki og sveitarfélög komast ekki undan því að gera róttækar breyt- ingar á skatta- og gjaldkerfi atvinnu- lífsins til frambúðar. Í þeirri vinnu verða skilaboðin að vera skýr: Reglu- verk og skattaumhverfi atvinnulífsins verður sniðið til að efla fyrirtækin, lítil og stór, auka samkeppnishæfni þeirra, arðsemi og getu til að standa undir góðum launum.

Fleira þarf að koma til. Tryggja verður aðgengi fyrirtækja, ekki síst

sprotafyrirtækja, að áhættufé og þar skiptir öflugur hlutabréfamarkaður miklu. Í öllum samkeppnisöndum okkar er hlutabréfamarkaður upp- spretta fjármagns og veitir fyrirtækjum og frumkvöðlum aðgang að nauðsynlegu áhættufé. Ég hef áður bent á að skilvirkur hlutabréfamark- aður sé óaðskiljanlegur hluti öflugs efnahagslífs. Þess vegna eigi stærku markaður þar sem fyrirtæki hafa greiðan aðgang að fjármagni til fjár- festingar og vaxtar að vera keppikefli stjórnvalda ekki síður en að byggja upp skilvirkan og samkeppnishæfan fjármálamarkað í heild sinni.

Undir lok síðasta árs lagði ég ásamt nokkrum samherjum mínum fram frumvarp þar sem einstakling- um er veitt heimild, með ákveðnum takmörkunum, til að draga frá tekju- skatti kaup á skráðum hlutabréfum og hlutdeildarskráttinum verðbréfa- og hlutabréfasjóðs sem eru skráð á skipulegan verðbréfamarkað eða fjár- festa eingöngu í skráðum hlutabréf- um. Markmið okkar er ekki aðeins að byggja undir skilvirkan hlutabréfa- markað heldur ekki síður að sam- þætta betur hagsmuni launafólks og fyrirtækjanna. Frumvarpið er skref í þá átt að láta gamlan draum rætast um að fyrirtæki geti boðið starfs- mönnum sínum eignarhlut og þar með hlutdeild í arðsemi fyrirtækisins. Frumvarpið er lítið dæmi um að hverju þarf að huga til framtíðar.

Aðgerðir stjórnvalda síðustu daga og vikur hafa verið nauðsynlegar en eru aðeins partur af fyrsta leikhluta í varnarleik íslensks samfélags. Því miður vitum við ekki hversu margir leikhlutarnir kunna að verða. Það kemur mér hins vegar ekki á óvart að það sé styttra en við höldum í að varn- arleikur snúist í sóknarleik.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Fánytar kennslubækur

Eftir Óla Björn Kárasón

Kórónuveiran hefur sett heiminn í efnahagslega herkví. Hagfræðingar geta ekki sótt í gamlar kennslubækur til að teikna upp skynsamleg viðbrögð. Spámódel, jafnt hin flóknuðu sem einföld tímaráðamódel, ná ekki utan um það sem er að gerast. Í stað þess að birta spár um þróun efnahagsmála leggja hagfræðingar fram „sviðsmyndir“ til að reyna að átta sig á stöðunni og hver sé líkleg þróun.

Efnahagsleg áhrif kórónufaraldursins hafa komið hratt en örugglega í ljós. Í stað vaxtar á þessu ári mun hagkerfi heimsins dragast saman. Fá lönd sleppa undan áhrifunum, allt frá Kína til Bandaríkjanna, frá Pýskalandi til Argentínu, frá Suður-Kóreu til Íslands. Samdrátturinn kemur verst niður á löndum sem eiga mikið undir öllum alþjóðlegum viðskiptum. Ísland er eitt þeirra.

Barátta við veiruna er tvíþætt. Annars vegar að verja líf og heilsu almennings. Sú barátta er í forgangi. Hins vegar að verja efnahag þjóða, fyrirtækja og heimila – tryggja efnahagslega framtíð.

Áhrifarkasta vopnið í baráttunni við hættulegan vírus, fyrir utan almennt hreinlæti, er í senn einfalt, áhrifamikill og kostnaðarsamt: Að stöðva eða hægja hressilega á hjóli efnahagslífsins og takmarka bein mannleg samskipti.

Höfum ekki leiðavísi

Vandinn er sá að við vitum ekki hversu lengi stríðið mun standa. Við vitum ekki fyrir víst hvenær við getum snúið til okkar daglega hefðbundna lífs – hitt vini og kunningja, tekið í hendur á góðu fólki og faðmað þá sem okkur þykja vænt um. Enginn getur sagt með vissu hvenær veitingastaðir verða opnaðir aftur, hvenær rakarinn getur tekið skærin aftur



Óli Björn Kárasón

fram eða snyrtifráðingurinn fær að bjóða viðskiptavinum sína aftur velkomna.

Engar kennslu- eða fræðibækur í hagfræði eða fjármálafræði geyma leiðarvísi fyrir stjórnvöld eða forystumenn í atvinnulífinu um hvernig best sé að bregðast við aðstæðum, þar sem búið er að „slökkva“ á véluviðskipta, af lífrí nauðsyn. En verkefnið liggur ljóst fyrir. Að koma súrefni til tekjulausra/litilla fyrirtækja til að fleyta þeim í gegnum erfiða tíma. Hættan er sú að fyrirtæki leysist hreinlega upp í súru baði fasts kostnaðar án þess að eiga nokkra raunverulega möguleika á að afla tekna.

Aðgerðir íslenskra stjórnvalda á síðustu vikum hafa verið nauðsynlegar og skapað svigrúm til frekari ráðstafana til að styðja við atvinnulíf – fyrirtæki og heimili. Það er skynsamlegt að gefa fyrirtækjum kost á því að fresta greiðslu opinberra gjalda fram á komandi ár. Að sama skapi skiptir það miklu að auka bolmagn bankakerfisins til nýrra útlána og að ríkissjóðir gangist á ábyrgð fyrir hluta lána til fyrirtækja. En meira þarf að koma til eins og öllum má vera ljóst.

Að velta sköttum og gjöldum á undan sér í von um betri tíma léttir undir og hið sama á við um ný lán á hagstæðum kjörum. En þetta dugar skammt ef fyrirtæki eru tekjulitill/laus fórnarlömb óværunnar. Þess vegna hljóta beinar greiðslur ríkisins til að standa undir hluta af föstum kostnaði fyrirtækja að koma til greina. Við þurfum að tryggja að sem flest fyrirtæki, ekki síst litil og meðalstór, eigi sér viðreisnar von þegar hildaríeknum lýkur.

Hvað höfum við lært?

Við eigum eftir að læra margt af þeim hamförum sem ríða yfir íslenskt samfélag. Sumt mun síast hægt og bitandi inn, annað kallar á



Morgunblaðið/Arni Seberg

Skiptum um gir „Barátta við veiruna er tvíþætt. Annars vegar að verja líf og heilsu almennings. Sú barátta er í forgangi. Hins vegar að verja efnahag þjóða, fyrirtækja og heimila – tryggja efnahagslega framtíð.“

» Við eigum eftir að læra margt af þeim hamförum sem ríða yfir. Sumt síast hægt og bitandi inn, annað kallar á endurmat, nýja hugsun og nýja nálgun.

endurmat, nýja hugsun og nýja nálgun.

Um eitt höfum við fengið fullvissu – hafi einhver efast: Það er þjóðarsáttmála um að tryggja öllum aðgengi að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag. Sterkt heilbrigðiskerfi með öflugum starfsfólki skiptir sköpum í að verja líf og heilsu. Það er vegna þess sem við vitum að fyrr fremur en síðar munum við yfirstiga aðstæðandi ögn.

Síðustu vikur hafa einnig sýnt

og sannað hversu mikilvægt það er fyrir frjálsa þjóð að tryggja matvælaöryggi. Ísland er matvælaframleiðsluland, til sjávar og sveita. Hafi einhver ekki áttað sig á mikilvægi landbúnaðar áður en hamfarirnar ríðu yfir, ætti allur efi að hafa gúfað upp líkt og dögð fyrir sölu. Og þótt ekki blási byrlega á sumum mörkuðum fyrir sjávarfarur í nokkrar vikur, er augljóst að enn á ný mun sjávarútvegurinn skipta þjóðina miklu í nýrri uppbyggingu efnahagslífsins.

Við höfum einnig séð hversu mikilvægt það er að til séu öflug háteknifyrirtæki hér á landi – fyrirtæki sem spröttinn eru úr íslenskum jarðvegi með íslensku hugviti og þekkingu. Össur hefur reynst öflugur bakbjálur heilbrigðiskerfisins. Íslensk erfðagreining með Kára Stefánsson í fararbroddi hefur verið í lykilkutverki í baráttunni við íllvíga veiru. Hælbítarnir hafa því þagnað, a.m.k. um sinn.

Nú þegar gefur hressilega á bátinn höfum við einnig fengið staðfestingu á því hversu mikilvægt það er að fylgja aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum á tímum góðæris. Safna korni í hlöðurnar fyrir mögru árin. Þessari stefnu hefur verið fylgt allt frá 2013 undir forystu Bjarna Benediktssonar. Þess vegna erum við Íslendingar betur í stakk búnir en flestar aðrar þjóðir að glíma við efnahagsleg áföll.

Í eftirleik þessara hörmunga eigum við eftir að svara mörgum spurningum. Hvernig mun hagkerfi heimsins breytast? Hvaða áhrif hefur faraldurinn á alþjóðlega samvinnu? Hvernig breytast grunnhugmyndir stjórnmalanna?

Eða mun ekkert breytast og allt falla í sama farið? Vonandi ekki, því þá höfum við lítið lært.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Að láta hjólin snúast að nýju

Eftir Óla Björn Kárasón

Ekkert hagkerfi fær staðist til lengri tíma ef komið er í veg fyrir efnahagslega starfsemi borgaranna. Skiptir engu hversu öflugt og stórt hagkerfi er. Hægt og bitandi byrja undirstöðurnar að molna – velsæld breytist í fátækt og örbíng, öflugt heilbrigðiskerfi brotnar niður, almennatryggingar komast í þrot. Pólítískur orði og sundrung hjóðar eru fylgifiskar efnahagslegra þrenginga. Þetta vita kjórnir leiðtogar lýðræðisríkra.



Óli Björn Kárasón

Í baráttunni við kórónuveiruna, sem ógnar lífi og heilsu almennings um allan heim, hefur í raun verið slökkt á vélum efnahagslífsins. Víða hefur fólk verið skipað að halda sig heima, einangra sig frá öðrum. Útgöngubanni verið komið á. Stræti stórborga eru mannluss, kaffihús, barir og veitingahús lokuð, verslanir hafa læst dyrum sínum. Þeir sem geta hafa komið sér upp vinnuástandi heima. Í mörgum löndum hafa börn og unglingar verið send heim úr skóla en háskólastúdentar reyna að sinna námi í fjarökunum. Vélur í verksmiðjum hafa þagnað. Flestir skilja mikilvægi tveggja-metra-reglunnar og eru hættir að heilsa með handabandi. Enginn hleypur til og faðmar gamlan vin. Ferðalög milli landa eru aðeins til í minn-

ingum og draumum fólks.

Allt þetta hefur reynst nauðsynlegt til að ná tökum á Covid-19 faraldrinum. En fyrir eða síðar verða stjórnvöld að slaka á ströngum reglum, bæði af efnahagslegum og félagslegum ástæðum.

Forsenda þess að hægt sé að byggja upp og reka sterkt heilbrigðiskerfi er öflugt efnahagslífi. Það er ein af skyldum viðskiptahagkerfisins að búa til verðmæti sem standa undir velsæld hjóða. Félagslega kemst maðurinn illa af án opinna samskipta við annað fólk. Sálárheill hjóða byggist ekki síst á því að geta átt beint samneyti við aðra, á götum úti, á kaffihúsum, á vinnustað. Við getum í skamman tíma komist af með fjarfundi og tryggt að sambandi við fjölskyldu og vini rofni ekki með því að nýta spjallforrit og samfélagsmiðla. En tæknin leysir aldrei af hólm persónuleg samskipta og nánd. Síðmenning byggist á opnum samskiptum og samvinnu einstaklinga.

Hagkerfi endurræst

Á komandi mánuðum og árum munu visindamenn átta sig betur á því hvaða mistök hafa verið gerð í einstökum löndum og í samstarfi (eða samstarfsleysi) hjóða í baráttunni við illvögun virus. Hagfræðingar eiga eftir að meta efnahags-

» En fyrir eða síðar verða stjórnvöld að slaka á ströngum reglum, bæði af efnahagslegum og félagslegum ástæðum.

legan skaða sem vírusinn hefur valdið heiminum en ekki síður skrifa nýjar kennslu- og fræðibækur um hvernig best sé að beita ríkisfjármálum og peningastjórnun þegar tekist er á við heilbrigðisögn í framtíðinni.

Stjórnvöld um allan heim standa hins vegar frammi fyrir miklum áskorunum. Það verður að endurræsa hagkerfið en um leið tryggja að faraldurinn nái sér ekki á strik aftur með skelfilegum afleiðingum. Ekki er hægt að búaast við öðru en stöðugt verði varfærni skrefi í þá átt að koma samfélögum í eðlilegt horf.

Sebastian Kurz, kanslari Austurríkis, hefur þegar kynnt áætlanir um að afletta takmörkunum á viðskiptalífni. Í opnu bréfi á laugardag sagðist hann vilja „koma út úr kreppunni eins fljótt og auðið er og verja hvert einasta starf í Austurríki“. Verslanir eru undir 400 fm að stærð, sem og bygginga-vörverslanir og blómabúðir hafa fengið að opna að nýju. Endurræsing austurríska hagkerfisins byggist á skref-fyrir-skref áætlun. Leyft verður að öllu óbreyttu að opna

stærri verslanir, verslunarmiðstöðvar og hárgreiðslustofur að nýju 1. maí en veitingastaði og hótél um miðjan maí. Enn verða í gildi strangar reglur um félagslega fjarlægð og fólk er hvatt til að vera heima eins mikið og mögulegt er. Í matvöruverslunum og lyfjabúðum verður enn skylda að vera með andlitsgrímu.

Önnur lönd eru einnig að feta sig í átt að því sem hægt er að segja að sé eðlilegt ástand. Skrefin eru ekki stór en eru hluti af varfærnum áætlunum um að koma hjólum efnahagslífsins af stað. Spánn hefur m.a. leyft byggingaverktökum og verksmiðjum að hefja aftur starfsemi og í Danmörku geta yngri börn sntíð aftur í skóla. Jafnvel á Ítalíu er víða verið að slaka á takmörkunum.

Emmanuel Macron, forseti Frakklands, hefur hins vegar tilkynnt að útgöngubann verði framlengt til 11. maí. Frá þeim tíma verði slakað á kvöldum og reynt að tryggja að hægt og bitandi komist daglegt líf í eðlilegt horf. Forsetinn, sem sagði í sjónvarpsávarpi að enn hefði ekki tekist að ná tökum á faraldurinum, tilkynnti að nánari áætlun yrði kynnt í lok apríl.

Fyrstu skrefin í maí

Fyrst bendir til að heilbrigðisyrirvöldum hafi tekist vel upp í baráttunni við kórónuveiruna. Erlendir visindamenn og fjölmólar hafa vakði athygli á árangrinum. Í hádeginu í gær kynntu íslensk stjórnvöld áætlun um hvernig hægt og bitandi

höftum verði lyft af þjóðarfélaginu frá og með 4. maí. Þar er fylgt til lögum sóttvaramálaknis.

Hefubúndi skólahald í leik- og grunnskólum hefst og með nokkrum takmörkunum verður unnt að opna framhalds- og háskóla. Fjöldamörk samkomubanns hækkar úr 20 í 50. Ýmis þjónusta getur hafist, s.s. hárgreiðslustofur, nuddstofur, sjúkrahjálfn, snyrtistofur. Tannlæknar fá að taka til starfa og öll heilbrigðisstarfsemi sem ekki felur í sér valkvæðar skurðaðgerðir verður heimil. Sófn verða að nýju aðgengileg almennngi. Með takmörkunum hefst íþróttastarf barna og unglinga. Enn verða ferðatakmörkin milli landa a.m.k. fram til 15. maí.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um mikilvægi þess að vel takist til við að lyfta íþyngjandi takmörkunum á daglegt líf almennings. Þau skref sem stíga á 4. maí skipta máli en ráða því miður ekki úrslitum um efnahagslega afkomu hjóðarinnar. Við munum enn þurfa að glíma við efnahagslegar þrengingar. Efnahagslegar aðgerðir stjórnvalda, – ríkis, sveitarfélaga og Seðlabanka – hafa verið nauðsynlegar til að verja fyrirtæki og heimili. En þær voru til að koma okkur í gegnum fyrsta leikhúta af nokkrum. Annar leikhúti er að hefjast og ekki verður hjá því komist að beita jafnt ríkisfjármálum og peningamálum með róttækum hætti á komandi mánuðum.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Verkefnið er að verja framleiðslugetuna

Eftir Óla Björn Kárasón

Eitt mikilvægasta verkefni stjórnvalda er að verja framleiðslugetu hagkerfisins. Koma í veg fyrir að tímabundið fall í eftirspurn vegna heimsfaraldurs verði til þess að innviðviðskiptahagkerfisins molni og verði að engu. Byggingar, tæki, töl, fjármagn en ekki síst hugvít og þekking starfsmanna eru forsendur verðmætasköpunar í samfélaginu. Án verðmætasköpunar lamast heilbrigðiskerfið. Velferðar- og menntakerfi verður aðeins fjarlægur draumur. Verðmætasköpun stendur undir lífskjörum hjóða.



Óli Björn Kárasón

Hvernig tekst til við að verja framleiðslugetuna ræður úrslitum um hversu fljótt og vel okkur Íslendingum tekst að vinna okkur upp úr djúpum efnahagslegum öldudal.

Lífið er mikilvægt

Í samantekt Hagstofunnar fyrir Samtök atvinnulífsins um fjölda fyrirtækja og starfsmanna og launagreiðslur á árunum 2010-2018 kemur fram að árið 2018 var fjöldi launagreiðenda rétt líllega 21 þúsund. Upplýsingarnar varpa skýru ljósi á mikilvægi lítila og meðalstórra fyrirtækja fyrir íslenskt atvinnu- og efnahagslífið 2018:

- 98% fyrirtækja á Íslandi eru lítil (49 eða færri starfsmenn).
- Lítil fyrirtæki höfðu um 51% starfsmanna í atvinnulífni í vinnu.
- Lítil og meðalstór fyrirtæki (50-249 starfsmenn) voru með 73% starfsmanna í atvinnulífni í vinnu árið 2018.
- Lítil og meðalstór fyrirtæki greiddu 69% heildarlauna árið 2018.
- Starfsmönnum í atvinnulífni fjölgaði um 38 þúsund frá 2010 til

2018, þar af fjölgaði starfsmönnum lítila og meðalstórra fyrirtækja um líllega 27 þúsund. Líllega 45% fjölgunarinnar eða tæplega 18 þúsund voru hjá örfyrirtækjum (færri en 10 starfsmenn) og lítlum fyrirtækjum.

Það er því ekki tilviljun að ríkisstjórn hafi horft sérstaklega til þess með hvaða hætti hægt sé að styðja við bakíð á

lítlum og meðalstórum fyrirtækjum. Í gær voru kynntar sérstakar bóta-greiðslur til fyrirtækja sem var gert að hætta tímabundið starfsemi vegna baráttunnar við veiruna illvögu. Þá verða sérstök staðningslán boðin fyrirtækjum sem hafa orðið fyrir verulegum tekjusamdrætti. Aukin áhersla á nýsköpun, með hækkan endurgreiðslu kostnaðar vegna þróunar og rannsóknar, er einnig hluti af varnar- aðgerðum, sem skipta ekki síst máli fyrir frunkvöðla. Hér eftir sem hingað til er það eitt meginverkefnið að styðja við bakíð á framtaksmanninum, sem hefur verið og verður afvikar framfara og bættra lífskjara.

50 þúsund einstaklingar

Á vef Vinnuálastofunnar kemur fram að aldrei hafi fleiri verið í þjóðunni stofnunarinnar. Rúmlega 50.000 einstaklingar fá greiddar atvinnuleysis- tryggingar að fullu eða að hluta á móti skertu starfshlutfalli. Þetta eru lítil færri en þúgar samtals í Kópavogi og Garðabæ. Stofnunin áætlað að atvinnuleysi verði um 17% í apríl. Nú hafa yfir 34 þúsund umsóknir um hlútaðar borist og þar af var í byrjun vikunnar búið að afgreiða nær 30.400. Þá hafa um 2.200 nýjar umsóknir um hefubúðnar atvinnuleysistryggingar komið inn það sem af er apríl, sem er

» Lífskjör okkar á komandi árum ákvarðast af því hvernig tekst til við endurreisn viðskiptahagkerfisins – sem stendur undir öllu.

viðbót við þá u.þ.b. 14.200 einstaklinga sem þegar voru skráðir án atvinnu í lok mánuðar fjóldi og allir iðvar Garðabæjar.

Í skýrslu Vinnuálastofunnar um vinnuástandinn í mars kemur fram að yfir 40% af umsóknunum um minnkað starfshlutfall eru í greinum sem tengjast flugrekstri og ferðahjónustu. Stór hluti annarra umsókna er úr þeim hluta verslunargeirans sem tengist ferðahjónustu að einhverju marki.

Atvinnuleysið leggst af misjöfnum þunga á landi. Örst er staðan á Suðurnesjum, þar sem stefnið í 24% atvinnuleysi í þessum mánuði. Sveitarfélög sem hafa treyst á ferðahjónustu hafa orðið og verða illa fyrir barðinu á Covid-19. Staðan er t.d. sérstaklega erfið í Myrdalshreppi, þar sem byggst hefur upp glæsileg ferðahjónusta á síðustu árum.

Verulegur samdráttur verðmæta

Íslenskt þjóðfélag hefur aldrei gætað sætt sig við umfangsmikið atvinnuleysi. Ekki aðeins vegna kostnaðarinnar sem af því hlýst heldur ekki síður vegna þess að atvinnuleysi er líkt og eitru sem seytlar um hjóðarlíkamann. Aukið atvinnuleysi er merki um vanntýni framleiðslugetu samfélagsins. Verðmætasköpunin verður minni og sóuin meiri.

Hagfræðingar eru tregir til að gefa út háspár við þessar aðstæður, enda engin spálfón til sem ná utan um þær efnahagslegu aðstæður sem glímt er


Launagreiðendur, launþegar og launagreiðslur

Hlutfallsleg skipting eftir stærð fyrirtækja 2018

Fjöldi launafólks	Launagreiðendur Fjöldi	%	Starfsmenn / launafolk Fjöldi	%	Heildarlaun m.kr. Fjöldi	%
1-9	18.693	88,6%	39.200	25,3%	168.821	18,6%
10-49	1.978	9,4%	39.511	25,5%	228.063	25,2%
50-249	350	1,7%	34.248	22,1%	229.060	25,3%
250>	80	0,4%	41.866	27,0%	279.468	30,9%
Samtals	21.101	100,0%	154.824	100,0%	905.413	100,0%
þar af <250	21.021	99,6%	112.958	73,0%	625.944	69,1%

Heimild: Hagstofan / Samtök atvinnulífsins

Lítill og meðalstór fyrirtæki: Bakbein íslensks efnahagslífs – hlutfallsleg skipting eftir stærð



við. Nú draga þeir fremur upp sviðsmyndir.

Ef landsframleiðslan dregst saman um 10% á þessu ári (sem því miður gæti verið skásta niðurstaðan) munu verðmætin sem íslenskt þjóðarþú býr til dragast saman á þessu ári um tæplega 300 milljarða. Verði samdrátturinn 15%, minnka verðmætin um nær 450 milljarða. Lífskjör okkar verða lakari og möguleikar hins opinbera til að veita þá þjónustu sem ætlast er til verða minni.

Lífskjör okkar á komandi árum

ákvarðast af því hvernig tekst til við endurreisn viðskiptahagkerfisins – sem stendur undir öllu. Takist okkur að verja innviðviðskiptahagkerfisins – framleiðslugetu atvinnulífsins – verður við fljótt að ná okkur aftur á strik.

Á þessu leyti er verkefnið skýrt, þótt það vefjist fyrir einhverjum hvar og með hvaða hætti verðmætin verða til.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Hvar eru góðu fréttirnar?

Eftir Óla Björn Káráson



Óli Björn Káráson

Góðar og gleðilegar fréttir eru yfirleitt ekki í forgangi hjá fjölmöldum. Hið afbrigðilega og neikvæða vekur meiri athygli, ekki aðeins fjölmöla heldur okkar allra. Slys, náttúruhamfarir, svik, morð og aðrir glæpir eru efniviður í góða fyrirsögn og snarpa og áhrifaríka frétt í sjónvarpi. Frásögn af ungu lífsglöðu fólki sem skapar fram úr í námi og starfi tynist í flóði annarra fréttar. Frétt um konu sem verðullum sínum frítama og getur betur til að aðstoða þá sem standa höllum fæti kemst ekki í yfirlit yfir helstu fréttir eða á forsíðu dagblaðs. Ef fréttir er á annað borð sögð er hún líkt og til uppfyllingar, ekki síst í grúktíð.

Þorbjörn Broddason, prófessor emeritus í félagsfræði við HÍ, svaraði spurningunni um hvað væri frétt á Vísindavefnum árið 2000 og sagði meðal annars:

„Nálægir atburðir verða frekar fréttáefni en fátækar; einstaklingar verða frekar fréttáefni en málefni; neikvæðir atburðir verða frekar fréttáefni en jákvæðir atburðir.“

Á síðustu vikum hafa varla aðrar fréttir komist að hjá fjölmöldum – ekki aðeins hér á landi heldur um allan heim – en frásagnir af Covid-19-faraldrinum. Fréttir um fjölda sýkra og látinna eru stöðugt uppfylling. Myndin sem drögin er upp er dökk. Víða eru sjúkrahús full, skortur er á súrefnisvélum og gríðarlegt álag er á heilbrigðisstarfsfólki. Í flestum löndum er sam-

komubann og víða útgöngubann.

Efnahagslegar þrengingar

Slökkt hefur verið á flestum vélum efnahagslífsins eða þær settar í hægagang til að verjast alvarlegri heilbrigðisögn. Líf og heilsa almennings hefur þannig verið sett í forgang en efnahagsleg gæði sett til hlíðar.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) reiknar með að samdráttur efnahagslífs heimsins verði um 3% á þessu ári. Flest lönd heims þurfa að glíma við samdrátt – sum verulegan. Kanada, Bandaríkin, Þýskaland, Frakkland, Ítalía, Bretland og Japan horfa fram á 5-10% samdrátt á þessu ári. Hér á Íslandi er ástæða til að óttast að samdrátturinn geti orðið meiri. Í Kína verður hagvöxtur hverflandi í fyrsta skipti í áratugi.

Ein afleiðing efnahagssamdráttar er viðtekt atvinnuleysi líkt og við Íslendingar höfum fengið að kynna. Aðrar þjóðir glíma við jafnvel enn alvarlegri stöðu.

Hlutabréfamarkaðir hafa verið í frjálsum falli. Lækkun Dow Jones- og FTSE-hlutabréfavisitalna hefur ekki verið meiri á fyrsta ársfjórðungi árs frá 1987. Frá lokum mars hafa hlutabréf hins vegar rétt aðeins úr kútnum, eftir umfangsmiklar aðgerðir þjóða heims í pening- og ríkisfjármálum. En lækkunin á árinu er enn mikil. Þegar þetta er skrifað hefur Dow Jones (New York) lækkað um nær 25% frá upphafi árs, FTSE (London) um lítlegra 18% og Nikkei (Tókýó) um 15%. Tugþúsunda milljarða verðmæti hafa gufað upp.

» Eitthvað segir mér að eftirspurn eftir jákvæðum fréttum sé að aukast – kannski vegna þess að hið jákvæða er næstum orðið afbrigðilegt.

En það eru undantekningar. Verð hlutabréfa í tæknifyrirtækinu Zoom hefur rökkið upp eftir því sem fleiri reida sig á fjárfundabúnað fyrirtækisins. Hlutabréf fyrirtækisins hafa hækkað um 130% það sem af er árinu. Þeir sem keyptu hlut í Amazon geta einnig unað sáttir við sitt. Bréfin hafa hækkað um 27%. Hluthafar Netflix hafa notið nær 29% hækkunar. Þannig er um verð hlutabréfa í fleiri tækni-, afþreyingar- og netversunarfyriretækjum.

Hið sama verður ekki sagt um fyrirtæki í ferðaþjónustu. Flugfélög um allan heim berjast í bökkum og sum hafa þegar sigt í þrot. Hótel standa að í helstu stórborgum heims, veitingastaðir eru lokaðir eða hálfómír. Yfir 100 lönd heims hafa gripið til viðtækra ferðatáknmarkana í baráttunni við kórónuvírusinn. Enginn treystir sér til að segja fyrir um hvenær ástandið verður eðlilegt. Þeir bjartsýnu segja síðar á árinu en þeir svartsýnu að það taki nokkur ár og að þá verði heimurinn gjörbreyttur.

Ríkisstjórnir hafa gripið til umfangsmikilla aðgerða til að aðstoða flugfélög sem berjast í bökkum. Íslensk stjórnvöld standa frammi fyrir mikilli áskorun við að tryggja lífsnauðsynlegar flugsamgöngur við önnur lönd. Frá þjóðir eru háðari flugi en við Íslendingar. Flugvélaframleiðendur eiga einn-

ig erfitt. Forstjóri Airbus-flugvélaframleiðendans hefur lýst því yfir að fyrirtækið blæði – fjármunir brenni upp í taprekstri. Hann hefur varað við vátækum uppsögnum. Keppinauturinn er í svipaðri stöðu, þótt Boeing hafi einnig lengi glímt við alvarlega erfðileika vegna galla í MAX-vélum.

Eftirspurn eftir olíu hefur hrúð samhlöða lömum viðskiptahagkerfisins. Brent-hraóla hefur ekki verið lægri í 18 ár. Í fyrsta skipti í sögunni var verð á olíu í Bandaríkjunum neikvætt – framleiðendur greiddu fyrir að losna við birgðir.

Góðar fréttir

Mitt í holskeflu vandra fréttar af hættulegum faraldri og efnahagslegum þrengingum glitir í jákvæðar og hjartnæmar fréttir. Eitthvað segir mér að eftirspurn eftir slíkum fréttum sé að aukast – þorsti okkar eftir hinu uppbyggilega er meiri en áður, kannski vegna þess að hið jákvæða er næstum orðið afbrigðilegt.

Á morgun (30. apríl) fagnar Tom Moore, fyrrverandi kapteini í breska hernum í síðari heimsstyrjöldinni, aldarafmæli sínu. Tom einsetti sér að safna eitt þúsund pundum til að styrkja breska heilbrigðiskerfið (NHS) með daglegum göngu-túrum í garðinum sínum. Með því vildi hann þakka heilbrigðisstarfsfólki fyrir sitt framlag. Með göngu-grindina sér til stuðnings og heiðursmerki úr stríðinu í barninum hefur Tom labbað hring um garðinn sinn á hverjum degi. Á innan við sólarhring var hann búinn að ná takmarki sínu og með heilandi framkomu og staðföstum vilja fangaði hann hjórtu bresku þjóðarinnar. Þegar þetta er skrifað hefur Tom safnað um 29 milljónum punda – um 5,2 milljónum króna – til styrktar heilbrigðiskerfinu. Skilaboð Toms

til allra þeirra sem eiga erfitt nú um stundir eru einföld: „Sólin mun skína á þig aftur þegar skýin hvernfa.“

Hér heima hefur starfsfólk heilbrigðiskerfisins unnið þrekviki. Og í ljós hefur komið (þvert á stóðugar fréttir á síðustu árum um annað) að íslenska heilbrigðiskerfið er eitt það besta í heiminum. Árangur gjör-gjæslumeðferðar við Covid-19 er ekki aðeins betri en vonir stóðu til heldur með því allra besta sem gerist í heiminum. Frétt um þetta á mbl.is virðist því miður ekki hafa vakið mikla athygli.

Þegar ég var að alast upp var Mogginn, líkt og nú, ómissandi hluti tilverunnar. Baksiðan skipti þar mestu enda lög undir stærstu innlendu fréttirnar. Forsiðan var með erlendum fréttum. Þess vegna las ég Moggann afturbak. Mörg ár eru síðan erlendar fréttir inokkuðu forsíðu blaðsins. Innlendar fréttir eru í forgangi. Baksiðan er lög undir frásagnir af fólki, skemmtilegu fólki, ungu og gömlu, lífsglöðu fólki. Í gær var víðtal við Sigrúnu Huldu Jónsdóttur, skólalastjóra Heilsuleikskólans Urðarhóls í Kópavogi. Þar er verið að undirbúa komu hennar og rauðmora. „Við ætlum að nýta lífrænan úrgang hjá okkur sem fóður fyrir hæmur og orma, en skepnurnar gefa okkur í staðinn áburð og egg. Þannig fræðum við börnin um hringrás og sjálfbærni náttúrunnar.“ sagði Sigrún Hulda í samtali við Moggann. Myndir af lífsgjöllum leikskólabörnum sem greinilega nutu veðurbúðunnar lífgðu upp á fréttina og létu lúð lesandans.

Líklega er best að ég taki upp fyrir hætti og lesi Moggann aftur á bak.

Höfundur er alþingismaður

Fjárfest í framtíðinni

Eftir Óla Björn Káráson



Óli Björn Káráson

Vikan byrjaði vel á Alþingi, að minnsta kosti fyrir framtíðina. Á mánudag var samþykkt frumvarp fjármálaáðrerra um ýmsar aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuvírus. Þar með (sem er hluti af svokölluðum aðgerðapakka 2) var stigið stórt skref í að leggja grunn að nýjum og fjölbreyttari stöðum undir íslensk efnahagslífi á komandi árum og áratugum.

Við glíum við alvarlegan efnahagslegan vanda vegna baráttunnar við kórónuviruna. Þó sá vandi sé tímabundinn mun reyna á íslensk heimili, fyrirtæki, ríkissjóð og sveitarfélög. En um leið og tekist er á við erfðileika hefur verið tekin ákvörðun um að hefja nýja sókn.

Hafi sagan kennt okkur eitthvað þá er það að nýsköpun og ný hugsun eru aflykar framfara og bættra lífskjara. Á nýsköpunar og frumkvöðulsins sem ryður nýjar brautir staðna þjóðfélög. Þess vegna skiptir það miklu að stjórnmöld stöðji á hverjum tíma dyggilega við nýsköpun og sprotafyrirtæki, tryggja hagstætt skattalegt umhverfi, einfalt og skilvirkt regluverk.

Þrjú skref og fleiri

Með samþykkt áður nefnds frumvarps voru tekin nokkur mikilvæg skref í að efla nýsköpunarstarfsemi og srotafyrirtæki:

1. Endurgreiðsla á rannsóknar- og þróunarkostnaði var hækkuð í 1.100 milljónir króna og hlutfall endurgreiðslu úr 20% í 35% hjá meðalstórum og minni fyrirtækjum, en í 25% hjá stærstu fyrirtækjum.
2. Skattaafsláttur til einstaklinga vegna fjárfestinga í litlum félögum – ekki síst srotafyrirtækjum í þróunarstarfsemi – var hækkaður úr 50% í 75%. Um leið voru fjárhæðarmörk hækkuð úr 10 milljónum króna í 15 milljónir.
3. Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna voru auknar. Þeim er nú heimilt að eiga allt að 35% í stað 20% af hlutdeildarskrteinum eða hlutum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingum sem eingöngu fjárfesta í litlum eða meðalstórum fyrirtækjum.

Alþingi gerði meira á mánuðaginn. Með samþykkt fjáruakalaga var ákveðið að auka framlög til nýsköpunar og rannsóknar um 1.750 milljónir króna eða 11%. Þar af eiga 500 milljónir að renna til nýs Matvæla-sjóðs, sem verður til með sameiningu Framleiðisjóðs landbúnaðarins og AVS-rannsóknasjóðs í sjávarútvegi. Sjóðnum er ætlað að stöðja við nýsköpun, sjálfbærni, verðmætis-sköpun og aðgerðir til að bæta samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu. Um 1.150 milljónir fara til Kriu, sprotu- og nýsköpunarsjóðs sem Þóris Kolbrún Reykðjörð Gylfadóttir nýsköpunarráðherra hefur beitt sér fyrir að komið verði á fót. Frumvarp þessa efnis er til með-

» Þjóðir sem hlúa að einstaklingum með nýjar hugmyndir njóta velmegunar. Þess vegna er það bæði skynsamlegt og nauðsynlegt að ýta undir nýsköpun.

ferðar í efnahags- og viðskiptanefnd þingsins. Hlutverk Kriú verður að fjárfesta í öðrum sérhæfðum sjóðum sem fjárfesta í sprotu- og nýsköpunarfyrirtækjum, svokölluðum vísisjóðum. Þannig á að stúla að uppbyggingu, vexti og aukinni samkeppnishæfni íslenskrar atvinnulífsins og tryggja heilbriggt umhverfi fyrir áhættufjármagn til fjárfestingar í sprotu- og nýsköpunarfyrirtækjum. Áður var búið að tryggja aukin framlög til Tæknipróunarsjóðs.

Gæfuspor

„Hér hefur verið stigið mikið gæfuspor til lengri tíma sem vonandi og væntanlega skilar þjóðarþúminu að sömum alþjóðlegum fyrirtækjum til framtíðar.“ skrifaði Ivar Kristjánsson, forstjóri 1938 Games, í umsógn um frumvarp fjármálaáðrerra. Fyrirtækið gaf út sinn fyrsta leik 15. apríl síðastliðinn. Á fyrstu tveimur vikunum námu tekjur nær hátt í 40 milljónum króna. Gert er ráð fyrir því að tekjur þessa árs nemi rúmum milljarði króna. Ekki slæmt á fyrsta ári og undirstrikar þau gríðarlegu tækifæri sem liggja í tölvuleikjaindú. Í hugverkaíðnaði virðast tækifæri okkar Íslendinga vera óend-anleg.

Í umsógn Samtaka leikjaframleiðenda var fullyrt að stuðningur ríkisins, í gegnum Tæknipróunarsjóð og með endurgreiðslu á rannsóknar- og þróunarkostnaði, skipti sköpum fyrir iðnaðinn. Með þeim breytingum sem Alþingi hefur samþykkt aukast líkurnar á að hér verði til fleiri fyrirtækja sem líkt og CCP geta orðið leiðandi á alþjóðavísu. Mainframe, Directive Games, Solid Clouds, Mussila, Myrkur Games og Parity eru ásamt 1938 demí um sprotu sem eru tilbúin að gripa tækifærin á sístækkandi alþjóðlegum markaði.

Tryggvi Hjaltason, formaður Hugverkaráðs Samtaka iðnaðarins, bent á í umsógn að þjóðir heims séu í kapphlaupi um að gripa næstu „háframleiðslueiningarnar og tryggja að ný hugverk verði til í hagkerfum“. Og það sé til mikils að vinna:

„Tölvuleikurinn og hugverkið EVE Online hjá CCP hefur sem dæmi fært íslenska hagkerfinu yfir 100 milljarða króna eða 776 milljón dollara í gjaldeyrstekjur á 17 árum. Gera má sér í hugarland hversu miklar tekjur hafa komið af hugverkum fyrirtækja eins og Óssurar, Marels og Íslenskrar erfðagreiningeru eða hverjar framtíðartekjur af hugverkum fyrirtækja eins og Ker-eis eða Nox Medical kunna að verða.“

Drifkraftur framfara

Við Íslendingar stöndum frammi fyrir harðri alþjóðlegri samkeppni um hugvit. Þeirri samkeppni getum við mætt með öflugum og lifandi menntakerfi en ekki síður hagstæðu og hvetjandi skattumhverfi fyrir atvinnulífið í heild sinni og fyrir

sprotu- og nýsköpunarstarfsemi sér-staklega.

Nýsköpun er ekki eitthvert tisku-orð nokkurra sérvitringa í tæknifyrirtækjum eða stjórnmálamanna sem gripa á lofti eitthvað sem þeim finnst jákvætt. Nýsköpun á sér stað um allt samfélagið, í flestum greinum atvinnulífsins.

Íslenskur sjávarútvegur er líkt og risastórt nýsköpunarfyrirtæki. Í landbúnaði á sér stað ör vörubróun og er í fötum greinum atvinnulífsins hefur framleiðni aukist meira á síðustu áratugum. Aukin framleiðni byggist á nýsköpun. Framfarir í læknávinindum verða ekki án rannsóknar og þróunar. Nýsköpun hefur gert kleift að bjóða upp á fjarheilbrigðisþjónustu. Nýjar kennsluáferðir í skólum eru nýsköpun. Rafrenn þjónumsta hins opinbera er óhugandi án nýsköpunar. Hagkvæmari rekstur ríkisins – aukin framleiðni – næst ekki án nýsköpunar.

Ekkert frjálst þjóðfélag sem vill sækja fram og bæta lífskjör fær þríf-liv á hugvitsmánsinn, – frumkvöðulsins sem kemur auga á tækifærin að framleiða nýja vöru eða bjóða nýja þjónustu. Hann er drifkraftur framfara sem skapa jarðveg fyrir ný störf og aukin lífsgeði. Þjóðir sem hlúa að einstaklingum með nýjar hugmyndir njóta velmegunar en það ekki aðeins skynsamlegt heldur nauðsynlegt að ýta undir og stöðja við nýsköpun á öllum svæðum.

Í einfaldleika sínum er nýsköpun fjárfesting í framtíðinni.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Evruland í tilvistarkreppu

Eftir Óla Björn Kárasón

Kórónuveiran hefur haft alvarleg áhrif á flestar þjóðir, ekki síst í Evrópu. Áhrifin eru misjafnlega alvarleg. Þótt sum lönd hafi mátt þola hærrí dánartöl vegna veirunnar en önnur hefur ekkert land sloppið við efnahagsleg áföll vegna lokana fyrirtækja og annarra ráðstafana sem stjórnvöld hafa talið sig þurfa að grípa til í baráttunni við að koma böndum á skæðan faraldur.

Mörgu er ósvarað um Covid-19 og faraldurinn og vísindamenn keppast við að finna bóluvefni gegn veirunni. En eitt er víst: Efnahagslegu áhrifin eru hrikaleg, en leggjast líkt og veiran með misjöfnum þunga á þjóðir Evrópu. Og annað er líklegt: Efnahagsbatinn verður ójafn eftir löndum, ekki síst meðal evruríkja. Á meðan eitt ríki mun endurheimta efnahagslegan styrk á tiltölulega skömmum tíma mun annað ríki þurfa að glíma við stöðnun eða jafnvel samdrátt í mörgu ár.

Evrulöndin glímdu við erfiðleika áður en faraldurinn skall á. Á fjórða ársfjórðungi líöns árs stóð efnahagslífið í stað – hagvöxtur 0,1% og því dróst landsframleiðsla á mann saman. Fyrsti fjórðungur þessa árs, áður en efnahagskreppan skall á af fullum þunga,



Óli Björn Kárasón

var enn verri. Landsframleiðsla minnkaði um 3,8% í evrulöndum.

Ólukur efnahagslegur veruleiki

Þær þröngingur sem ríðið hafa yfir í kjölfar kórónufaraldursins hafa afhjúpað með skýrum hætti hve efnahagsleg staða evrulandanna er misjöfn. Í einfaldleika sinnum má segja að löndin

í norðri njóti velmegunar umfram þau í suðri.

Í norðri stendur atvinnulífið á fjölbreyttum stöðum, menntakerfið er sterkt, ríkisfjármál í föstum skorðum, skuldir viðráðanlegar og atvinnustig hátt. Í suðri er þessu öfugt farið. Skuldir ríkissjóða eru ósjálfbærar, atvinnuleysi (ekki síst meðal ungs fólks) landlægt og vöxtur landsframleiðslu lítill sem enginn.

Ójafnvægi milli evrulanda er efnahagslegt og pólitískt áhyggjuvefni. Þau lönd sem verst stóðu fyrir faraldurinn eiga erfiðara með að ná sér aftur á strik; Ítalía og Spánn sérstaklega. Miklar skuldir hins opinbera draga úr möguleikum stjórnvalda til að grípa til aðgerða til að örva efnahaginn. Löndin ráða ekki yfir verkferum á sviði peningamála – ríkisfjármálin eru í spennitreyju.

Staða þjóðverja er allt önnur. Skuldir hins opinbera eru 60% af landsframleiðslu og ríkissjóður hef-

» Afleiðingin er sú að bilið milli Norður- og Suður-Evrópu breikkar. Efnahagslegt ójafnvægi, sem var innan evrusvæðisins fyrir Covid-19, er að aukast.

ur verið rekin með afgangi. Bolmagn þýska ríkisins til að grípa til örvarna efnahagslífsins er allt annað og meira en þjóða Suður-Evrópu, raunar flestra annarra þjóða innan evrulands.

Reglum pakkað ofan í skúffu

Líkt og í fjármálakreppunni fyrir liðlega áratug reynir mjög á samstarfið innan Evrópusambandsins. Ströngum reglum um ríkisstyrki hefur verið pakkað ofan í skúffu og aðildarríkin deila út peningum til að styðja við fyrirtæki og koma í veg fyrir fjöldagjaldrót. Samkvæmt The Economist hafa ríkissjóðir evruríkanna pumpað um tveimur trilljónum evra til fyrirtækja. Þýski ríkissjóðurinn er með yfir helming fjárhæðarinnar. Vefritið Politico bendir á að hlutdeild Þýskalands í hagkerfi evrulanda sé um 28%. Ríki í suðurlöndum Evrópu hafa ekki sömu burði til að styðja við atvinnulífið og þannig hefur gjáin breiknað milli norðurs og suðurs. Viðspyrnan í Þýskalandi er öflug, ólíkt því sem gerist í suðurlöndum evrulands.

Afleiðingin er sú að bilið milli Norður- og Suður-Evrópu breikkar. Efnahagslegt ójafnvægi, sem var innan evrusvæðisins fyrir kórónuveiruna, er að aukast. Pólitískar og félagslegar afleiðingar eru ófyrirséðar.

Klofningur eykst

Skortur á samhæfðum viðbrögðum Evrópusambandsins við efnahagslegum hörmungum veirufaraldursins er líklegur til að auka klofning meðal evrulandanna. Fram til þessa hefur hvert land glímt við kreppuna í gegnum eigin ríkisfjármál en Seðlabanki Evrópu hefur reynt að koma til aðstoðar með kaupum á ríkisskuldabréfum. Þýski stjórnlagadómstóllinn hefur hins vegar gert alvarlegar atvagasemdir við stórfelld kaup bankans. Um leið bannaði dómstóllinn seðlabanka Þýskalands að taka þátt í kaupum ríkisskuldabréfa evrulanda nema lagðar væru fram sönnur fyrir því að meðalhöfs væri gætt við kaupin.

Evrópu dómstóllinn telur úrskurð stjórnlagadómstólsins marklausan og Úrsula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, er á sama máli. Þannig dýpkar pólitísk og stjórnlagaleg kreppa Evrópusambandsins, á sama tíma og glimt er við alvarlegar efnahagslegar afleiðingar veirufaraldursins. Aðildarríkin virðast ófar um að sameinast um hvað þurfi að gera.

Evrulöndin eru ekki ein um að glíma við alvarlegan efnahags-samdrátt og hækkandi skuldir. Fá

lönd sleppa við efnahagslegar afleiðingar faraldursins. En sameiginlegur gjaldmiðill – evran – án sameiginlegra ríkisfjármála er orðinn líkt og myllusteinn um háls þeirra þjóða sem verst hafa orðið úti í efnahagsþröngingum. Myntbandalagið stefnir í aðra skuldakreppu ríkissjóða aðildarríkanna. Engin pólitísk samstaða hefur náðst um um að „dreifa“ byrðunum á milli norður- og suðurlönda.

Fyrir okkur Íslendinga er það ekki gleðivefni að horfa upp á gjána milli norðurs og suðurs breikka. Pólitísk og stjórnskipuleg kreppa Evrópusambandsins og efnahagslegt misgengi í evrulandi getur haft neikvæðar afleiðingar fyrir íslenskan efnahag.

Við Íslendingar, líkt og aðrar þjóðir, eigum eftir að draga lærdóm af baráttunni við skæða veiru og með hvaða hætti skynsamlegt er að bregðast við efnahagslegum áföllum vegna veirufaraldurs sem lamar daglegt líf. Sumt vitum við þegar. Öflugt og skilvirkt heilbrigðiskerfi er forsenda þess að lægt sé að bregðast við heilbrigðisvá. Við höfum fengið staðfestingu á því hversu mikilvægt það er að fylgja aðhaldssamri stefnu í opinberum fjármálum á tímum göðaveris, þannig að ríki og sveitarfélög séu í stakk bóin til að takast á við efnahagslegan erfiðleika. Og við höfum enn einu sinni verið áminnt um hversu dýrmælt fullveldi í peningamálum er.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Atlaga að sjálfstæði í skjóli faraldurs

Eftir Óla Björn Kárasón

Kommúnistaflokkurinn í Kína hefur lagt til atlögu gegn sjálfstjórn Hong Kong. Þannig er brotið samkomulag frá 1997 þegar Bretar afhentu kínverskum stjórnvöldum borgina. Samkomulagið átti að tryggja sjálfstjórn borgarinnar – eitt land, tvö kerfi –

Hong Kong réði og bæri ábyrgð á eigin innri málum og öryggi.

Stjórnvöld í Peking stefna að því að leiða í lög heimild til að blanda sér með beinum hætti í sjálfstjórn borgarinnar. Til að standa vörð um þjóðaröryggi verði öryggisstofnunum kínverskra stjórnvalda heimilað að starfa innan borgarmarkna Hong Kong. Löggjöfningur er ætlað að vinna gegn landráðum, aðskilnaðarhyggju, uppreisnaráróðri, niðurríftarfermi, hryðjuverkum og afskiptum erlendra afla af málum Hong Kong.

Á sunnudag hópuðust mótmælendur út á götur borgarinnar. Þeim var mætt af hörku. Óeirðalögregla beitti tárugas og vatnsþýssum gegn mótmælendum og hundruð voru handtekin.

Hvað óttast almenningur í Hong Kong?



Óli Björn Kárasón

Efnahagsleg velgengi

Öryggislögin heimila að fólki verði refsað fyrir það eitt að gagnrýna kínversk stjórnvöld líkt og gert er á meginlandi Kína. Lýðræðissinnar óttast að málfrelsi verði skert og réttur til mótmæla einnig. Í Kína er lítið á gagnrýni, málfrelsi og mót-

mæli sem niðurfrí. Akall þeirra sem vilja verja sjálfstjórn borgarinnar um stuðning annarra landa verður glepsamlegt athæfi og talið landráð. Óttast er að sjálfstætt dómkerfi, sem byggist á engilsaxneskum hefðum og sterkum eignarrétti heyrir sögunni til.

Opíó sjálfstætt dómkerfi, viðskiptafrelsi og málfrelsi hafa verið hornsteinar þeirrar efnahagslegu velgengni sem Hong Kong hefur notið á undanföllum árum. Að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var þjóðarframleiðsla á mann í Hong Kong sú þrettánda mesta í heiminum á síðasta ári – langt fyrir ofan Kína sem var í 65. sæti. Þjóðarframleiðslan var nær fimm sinnum meiri á hvern íbúa í Hong Kong en í Kína.

Fyrri tilraunum ráðamanna í Peking til að koma á sérstakri ör-

» Það eru því meiri líkur en minni á að enn einu sinni verði hinn frjálsí heimur áhrifalaus áhorfandi þegar alræðisstjórn leggur til atlögu við frelsi.

ygglöggjöf hefur verið mætt af fullri hörku. Árið 2013 fóru lýðræðissinnar í fjöldamótmæli um götur borgarinnar og 2014 sameinuðust mótmælendur undir regnhlífum. Nær allt síðasta ár var öllum tilraunum stjórnvalda í Peking um að herða tókin á Hong Kong mótmælt. Kveikjan að mótmælunum á síðasta ári var lagafrumvarp þar sem heimilað var að framselja grunaða sakamenn til Kína. Þrátt fyrir að frumvarpið væri dregið til baka héldu mótmælin áfram þar sem kraftur var aukins sjálfstæðis borgarinnar.

Björn Bjarnason segir í nýlegri dagbókarsærslu að mótmælin hafi verið „fein“ í holdi kínversk stjórnar kommúnista á meginlandinu“ og grafið „undan sjálfsöryggi hennar og stuðluð að því að hert voru tókin á kínversku þjóðinni með rafrænu eftirliti og ofstjórn“.

Vel tímasett atlaga

Aðför kínverska kommúnista-

flokksins að sjálfstjórn Hong Kong er vel tímasett að þessu sinni. Lýðræðissinnar sem höfðu uppi öflug mótmæli allt síðasta ár eiga óhægt um vik vegna kórónuveirufaraldursins. Þá virðist sem löngun annarra landa til að standa með íbúum borgarinnar sé í besta falli takmörkuð.

Auðvitað munu einhver lýðræðisríki og einstaka áhrifamenn mótmæla framferði alræðisstjórnarinnar í Peking. En það verður af veikum mætti, frekar á kurteisum diplómáskum nótum. Mótmælin og samstaða með lýðræðisöflunum í Hong Kong verða bitlaus og án sannfæringar. Þetta vita ráðamenn í Peking.

Það eru því meiri líkur en minni á að enn einu sinni verði hinn frjálsí heimur áhrifalaus áhorfandi þegar alræðisstjórn leggur til atlögu við frelsi. Valdamein kínverska kommúnistaflokksins hafa sýnt og sannað að þeir beita fullkominni hörku gagnvart eigin borgurum, telji þeir valdi sínu ógnað. Árið sem kommúnisminn ríðiði til falls í Evrópu, beitti kínverska valdaklikan fullkominni hörku gagnvart almenningi og heimurinn stóð á öndinni. Á Torgi hins himneska friðar í Peking voru mótmæli, undir forystu stúdentna, brotin á bak aftur með hervaldi árið 1989. Þrúsurir lágu í valnum og fjöldi var handtekin. Líkt og alltaf þegar alræðisstjórnir verja völdin var í kjölfarið gripið til

hreinsana, embættismönnum var víkið úr starfi, erlendum blaðamönnum vísið úr landi, rítskoðum hert og öryggislögreglan styrkt.

Efnahagslegir hagsmunir ráða

Ekkert land hefur hernaðarburði eða pólitískan vilja til að verja frelsi íbúa Hong Kong. Í efnahagslegum þröngingum er lítil vilji til að grípa til viðskiptaþingana gagnvart efnahagslegu stórveldi. Kínverski kommúnistaflokkurinn hefur hins vegar beitt efnahagslegum hótunum til að tryggja pólitíska og efnahagslega hagsmunir. Evrópusambandið hefur þannig látið undan og rítskoað eigin skýrslur til að styggja ekki alræðisstjórn. Til þess er Kína of mikilvægt efnahagslega.

Sagan geymir of mörg dæmi um hvernig frelsi og almennum mannréttindum er fórn að þegar efnahagslegir hagsmunir ráða fórn.

Vesturlönd hafa verið ofar í 70 ár að tryggja sjálfstæði Tibet frá valdhöfum í Peking. Því miður bendir allt til þess að íbúar Hong Kong geti aðeins treyst á sjálfa sig, líkt og flestar aðrar smáþjóðir sem berjast gegn kígum alræðishyggjunnar. Og það er barnaskapur að ætla að stjórnarráðgjafi í Peking láti sér nægja að koma hlekkjum á íbúa Hong Kong.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Krafa um skýrar hugmyndir

Eftir Óla Björn Kárasón

Viðtækar aðgerðir stjórnvalda til að draga úr efnahagslegum áhrifum kórónuveirunnar á heimili og fyrirtæki hafa verið mögulegar vegna sterkar stöðu ríkissjóðs. Þrátt fyrir stóraukin útgjöld ríkisins á síðustu árum tókst að lækka skuldir sem eru og verða með því lægsta sem þekkt meðal ríkja OECD. Skynsamleg stefna í ríkisfjármálum skilaði árangri.

Seðlabankinn dregur upp ágæta mynd af umfangi aðgerðanna sem ætlað er að stöðja við fyrirtæki og launafólk, örva efnahagslífið um leið og skotið er nýjum stöðum undir atvinnulífið. Með skattalegum aðgerðum, beinum fjárfestingum, auknum fjárfestingum, umfangsmiklum endurgreiðslum vegna rannsóknna og þróunar til að efla nýsköpun, er umfang ráðstafana í ríkisfjármálum talið yfir 350 milljarðar króna. Í Peningamálaum bankans kemur fram að þetta samsvari 11,9% af vegrri landsframleiðslu síðasta árs. Sé aðeins horft til aðgerða sem fela í sér bein áhrif á afkomu ríkissjóðs er umfangið um 4,2% af landsframleiðslu sem er svipað og stjórnvöld í Noregi og Danmörku hafa kynnt.

500 milljarða halli

Seðlabankinn reiknar með að samdráttur efnahagslífsins á þessu ári geti orðið um 8%. Rættist spáin er efnahagsáhrifum samdrátturinn sá mesti hér á landi frá árinu 1920. Afleiðingar far-sóttarinnar hefðu orðið mun alvarlegri fyrir heimili og fyrirtæki ef ekki hefðu komið til umfangsmiklar aðgerðir á sviði ríkisfjármála og



Óli Björn Kárasón

peningamála en Seðlabankinn hefur gripið til róttækra aðgerða á því sviði og aldrei hafa vextir bankans verið lægri.

Ekkert er án kostnaðar og líflegt er að hallinn á ríkissjóði verði yfir 300 milljarðar króna á þessu ári. Á komandi ári má búast við hallarekstri, þótt efnahagslífið taki vonandi hressilega við sér líkt og flestir hagræðingar eru sammála um. Samanlagður halli ríkissjóðs á þessu og næsta ári verður varla undir 500 milljörðum króna, að óbreyttu.

Eins og við var að búast er margir með einfaldar lausnir á vandanum. Það á að fjölga ríkisstarfsmönnum og hækka skatta á einstaklinga og fyrirtæki. Með öðrum orðum; auka á umsvif ríkisins og leggja þyngri byrðar á launafólk og fyrirtæki. Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar, sem birt var í síðustu viku, breytir engu í hugum þeirra sem berjast fyrir aukinni ríkisvæðingu og telja að ríkið sé uppspretta og endir allra verðmæta.

109 þúsund manns

Niðurstöður Hagstofunnar sýna hve alvarleg áhrif kórónuveirunnar hefur haft á íslenskt atvinnulíf. Í apríl síðastliðnum voru rúmlega 22 þúsund færri starfandi á vinnuarkaði en í sama mánuði fyrir ári. Líðlega fimm þúsund fleiri voru án atvinnu og þeim sem eru undan vinnuarkaðar fjölgaði um 17.500. Alls voru rúmlega 62 þúsund utan vinnuarkaðar í apríl og nær 14 þúsund atvinnulausir. Alls tæplega 76 þúsund manns.

Samkvæmt upplýsingum Vinnuálagstofnunar voru í apríl um 33 þúsund í skertu starfs-

» Askoranir komandi ára leiða til þess að skarpari skil verða í stjórnámum. Fyrir talsmenn hófsemdar í skattheimtu er það sérstakt fagnaðarefni.

hlutfalli í hlutabótaúrræðum. Þetta þýðir að um 109 þúsund manns voru ýmist utan vinnuarkaðar, atvinnulausir eða í hlutabótastarfi. Þetta er um 42% af áætluðum mannfjölda 17-74 ára. Til lengdar stendur engin þjóð undir því að vinnuafli sé vannýtt með þessum hætti.

Verkefnið er því skýrt. Við þurfum að fjölga störfum – tryggja vinnufús höndum arðber verkefni. Þau verkefni eru fyrst og síðast í viðskiptahagkerfinu en ekki innan veggja ríkisins.

Á komandi mánuðum, misserum og árum markast átakalínur stjórnmalanna ekki sist af viðhorfi til frjáls viðskiptalífs annars vegar og aukinnar ríkisvæðingar hins vegar. Alveg með sama hætti og tekist verður á um hækkan eða lekkun skatta, aukin ríkisútgjöld eða hagræðingu í ríkisrekstri.

Það mun reyna á okkur sem höfum staðið vörð um frjálsa samkeppni, sjálfstæða atvinnurekandann og frumkvöðulinn sem sækir fram í krafti nýrra hugmynda. Skipulega hefur verið grafið undan viðskiptalífinu með því að tor-tryggja allt og alla – ala á öfund í garð þeirra sem af dagnaði hafa byggt upp glæsileg fyrirtæki. Í framtíðinni verður varðstæða okkar að verða harðari, skipulagðari og markvissari en nokkru sinni áður. Í einfaldleika sínum eignum við að taka okkur stöðu með verðmætasköpun, fjölgun starfa og bættum lífskjörum.

Sérstakt fagnaðarefni

Með sama hætti verðum við að hafa pólitískt þrek til að standa gegn hugmyndum um aukin ríkisútgjöld og hafa burði til að berjast fyrir hagræðingum nýtingu sameiginlegra fjármuna og eigna. Það verður fyrst og síðast gert með nýsköpun og nýrri hugsun í opinberum rekstri, útvistun verkefna og auknu samstarfi hins opinbera og einkaaðila.

Þessu tengt. Skilningur á nauðsyn þess að græta hófsemdar í álögum á fyrirtæki og einstaklinga er takmarkaður. Við sem teljum nauðsynlegt að koma böndum á skattaglaði hins opinbera þurfum auðvitað að draga fram staðreyndir. Halda því til haga að skattbyrði á Íslandi, sem hlutfall af vegrri landsframleiðslu, er sú þriðja þyngsta í Evrópu að teknu tilliti til lífeyris- og almannatrygginga. En staðreyndir duga ekki, það þarf að setja þær í samhengi við lífskjör almennings. Við verðum að læra að setja skattheimtu og regluþyrði í samhengi við samkeppnishæfni atvinnulífsins, fjölda starfa og möguleika fyrirtækja til að standa undir góðum launum og bættum lífskjörum.

Í þeim efnahagslegu þrengingum sem við Íslendingar glíum við, líkt og aðrar þjóðir, er fátt til að gleðjast yfir. En í erfiðleikum leynast öf tækifæri eins og stjórnvöld hafa skynjað og því lagt aukna áherslu á stuðning við nýsköpun og fjölbreyttara atvinnulíf. Askoranir komandi ára leiða einnig til þess að skarpari skil verða í stjórnámum – krafa um skýrar hugmyndir verður meiri. Fyrir talsmenn atvinnulífsins, hófsemdar í skattheimtu og takmarkaðra ríkisafskipta er það sérstakt fagnaðarefni.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Uppskurður er nauðsynlegur

Eftir Óla Björn Kárasón

Útgjaldasinnar hugsa með hryllingi til þess að róttæk uppstokkun verði á skipulagi ríkisins. Haggræðing og endurskipulagning ríkisrekstrar veldur útgjaldasinnnum (sem finnst í flestum stjórnmalaflokkum) pólitískri ógleði.

Kannski er það skiljanlegt þegar haft er í huga að þeir trúja því að hægt sé að leysa flest vandamál samfélagsins með auknum útgjöldum. Ekkert vandamál er svo lítið eða stórt að ekki sé hægt að leysa það með því að opna fjárhirsur ríkisins betur. Ef þær reynast tómar er alltaf hægt að gefa út víxla á framtíðina – velta kostnaðinum yfir á komandi kynslóðir.

Timabundnar efnahagsþrengingar vegna kórónuveirunnar breyta lífsviðhorfi útgjaldasinnna í engu. Ef eitthvað er styrkjast þeir í trúnni á áhrifamátt sínhækkandi útgjalda og umsvifa ríkisins. Útgjaldasinnar eru samkvæmir sjálfum sér í a.m.k. einu: Þeir eru skattaglaðari en aðrir – alltaf tilbúin með tillögum um auknar álögur á fyrirtæki og heimili. Og hvernig má annað vera?

Skattaglaðir útgjaldasinnar telja sig vita að ríkið sé upphaf og endir flestra lífsgæða. Aukin umsvif ríkisins og annarra opinberra aðila eru



Óli Björn Kárasón

því ekki aðeins æskileg heldur beinlínis nauðsynlegt markmið til að auka velsæld.

Í velferðarríki skattaglaðra útgjaldasinnna skiptir stærð þjóðarkökunnar (landsframleiðslunnar) ekki mestu heldur hversu stóra skeið hið opinbera sker af henni og tekur til sín. Í hugarheimi þeirra er velferðin meiri þegar sneið ríkis og sveitarfélaga er 50% af 2.000 milljarða þjóðarköku en ef hún er 40% af 3.000 milljörðum. Engu skiptir þótt minni sneiðin sé í raun 200 milljörðum stærri. Hlutfallsleg stærð ríkissamneyslunnar skiptir mestu en ekki verðmæti kökusneiðarinnar.

Það á því ekki að koma á óvart að meiri áhersla sé lögð á að stækka sneið hins opinbera af þjóðarkökunni en að baka stærri köku – auka landsframleiðsluna – tryggja meiri verðmætasköpun.

Harðari átök

Hér skal því haldið fram að pólitísk átök – markalínur stjórnmalanna – muni á komandi árum fyrst og síðast sniást um viðhorf útgjaldasinnna og talsmanna aðhalds í opinberum fjármálum – milli skattaglaðinna og hófsemdar í álögum á fyrirtæki og heimili. Þessi átök hafa alltaf verið til staðar en

flest bendir til að þau harðni í aðdraganda kosninga á komandi ári og í eftirlit þeirra.

Í einfaldleika sínum er hægt að segja að tekist verði á um þjóðfélagsgerðina – um lífskjör almennings til langrar framtíðar.

Við sem stöndum andspenisskattaglaðum útgjaldasinnnum og viljum stíga á útgjaldabremsunna höfum átt í vök að verjast. Við glíum við andstæðinga sem njóta dyggs stuðnings sérhagsmuna sem telja hagsmunum sínum best borgið með að kerfið þenjst út – að hlutfallslega kökusneiðin sé stærri þótt kakan sjálf kunni að vera minni.

Það þarf sterk bein og pólitískt þrek til að standast þann þyrsting sem gæslumenn sérhagsmuna beita. Og þyrstingurinn kemur ekki síst frá þeim sem betur eru settir í samfélaginu. Þeir sem lakast eru settir eru ekki háverastir. Hófsemd í kröfugerð um aukin útgjöld fer ekki eftir fjárhagsstöðu.

Áskoron Sjálfstæðisflokksins

Það skiptir miklu að stjórnmalmenn og -flokkar sem berjast fyrir hagræðingum ríkisrekstri og nýtingu almannaþjárá nái kjösendum (skattgreiðendum) á sitt band. Færa verður rök fyrir því hvernig hagræðing í ríkisrekstri sé vörn íslenska velferðarkerfisins til lengri tíma, gefi möguleika á að efla menntakerfið, byggja undir löggaeslu og styrkja byggðir landsins

» Askoron Sjálfstæðisflokksins er einföld: Að leiða uppstokkun í rekstri ríkisins, skapa lífvænlegt umhverfi fyrir verðmætasköpun og frjálst atvinnulíf.

með góðum samgöngum. Aukin skilvirki miðar að því að hið opinbera þjóni betur einstaklingum og fyrirtækjum. Kjösendur verða að sannfærast um að einfaldara stjórnkerfi ríkisins lækki kostnað heimila og fyrirtækja og auki tekjur ríkisins til lengri tíma samhliða því sem ráðstöfunartekjur heimilanna hækka.

Askoron Sjálfstæðisflokksins er í senn einföld og erfið: Að leiða endurskipulagningu á fjárhag og rekstri ríkisins, skapa lífvænlegt umhverfi fyrir verðmætasköpun og frjálst atvinnulíf. Aðeins þannig verða lífskjör almennings bætt og búið í haginn fyrir komandi kynslóðir.

Verkefnið er tvíþætt. Annars vegar að auka tekjurnar með því að örva atvinnulífið – hleypla nýju súrefni inn í fyrirtækin með lægri sköttum og einfaldara regluverki (stækka þjóðarkökuna). Og hins vegar að hagræða í rekstri ríkisins, skera upp stjórnsýsluna og straumlínulaga, samhliða því sem

reksturinn er endurskipulagður (minnka sneiðina hlutfallslega).

Við ætlum sem sagt að fá meiri og betri þjónustu fyrir hverja krónu sem fer út í ríkissjóði. Uppstokkun ríkisrekstrar felur ekki aðeins í sér að forgangsráða útgjöldum og tryggja hagræðna nýtingu fjárveitinga, heldur ekki síður betri nýtingu ríkiseigna m.a. með því að umbreyta eignum í félagslega og hagræna innvið. Hagsmunum almennings og fyrirtækja er t.d. betur borgið með því að nýta fjármuni í umfangsmiklar umbætur í samgöngum en að binda þá í fjármálafrýðingum eða flugstöð. Þannig er ríkið betur í stakk búið til að sinna grunnskyldum sínum af kostgæfni.

Gegn öllum hugmyndum af þessu tagi standa skattaglaðir útgjaldasinnar – og þeir munu beita þeim vopnum sem þeim hagnast.

Það mun reyna á pólitískt þrek sjálfstæðismanna að standa gegn háverum kröfum um aukin útgjöld og hærri skatta. Í pólitískri glímu er mikilvægt að menn „þori að hugsa sjálfstætt, fylgja hugsun sinni eftir og átti sig á því, að fátt næst fyrirhafnarlaust“, svo vitnað sé í orð Bjarna heitins Benediktssonar þegar 25 ára afmæli lýðveldisins var fagnað. Sjálfstæðismenn mæta áskoronum komandi missera og ára best með þessi orð í huga.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Einkaframtakið er líkt og fleinn í holdi

Eftir Óla Björn Kárasón



Óla Björn Kárasón

Hafi einhvern tíma verið þörf fyrir öflugt einkaframtak, – snjalla framkvöðla, útsjónar-sama sjálfstæða atvinnurek- endur, einstaklinga sem eru tilbúnir til að setja allt sitt undir í atvinnurekstri til að skapa verðmæti og störf – þá er það núna og á komandi árum. Líkt og áður verður það einkaframtakið – viðskiptahagkerfið – sem leggur þyngstu löðin á vogarskálur verðmætasköpunar. Án öflugs einkaframtaks tekst okkur ekki að komast út úr erfiðum efnahagsþrengingum, tryggja öflugt velferðarkerfi og góð lífskjör.

Þessi einfölduð sannindi vefjast fyrir mörgum, ekki síst þeim stjórnmalamönnum sem telja það sér til framdráttar að ala á öfund og fjandskap í garð einkaframtaksins. Önytt tækifæri til að leggja steina í götu atvinnurekenda eru í hugum þeirra, sem líta árangur í rekstri hornauga, glötuð tækifæri.

Oft hefur andað köldu í garð atvinnurekenda frá ríkisvaldinu en líklega nærir hvergi meira um sjálfstæða atvinnurekandann en í höfuðborginni.

Varnartré

Kaupmenn hafa verið í stöðugu varnartré við borgaryfirvöld. Engu er líkara en að meirihluti borgarstjórnar leggi sérstakan metnað í að flæma alla verslun úr miðbænum. Skipulega hefur verið dregið úr umferð með þrengingum, loknum og fækkun bílastæða.

Aðgengi hefur verið heft og það kemur illa niður á viðskiptum í verslun og þjónustu. Léleg lýsing og umhirða gera ástandið verri. Sjónarmið kaupmanna eru hundsúð, lítið gert til athugasemdu og ábendingum um hvað mætti betur fara til að styrkja verslun og þjónustu í miðbænum – gera hann líflegri og skemmtilegri.

Fyrir líðlega sex árum komu borgaryfirvöld í veg fyrir að einkaframtaki fengi leyfi til að safna lífrænum úrgangi frá heimilum. Engu skipti þótt

Reykjavík sinni ekki þessari „grunnþjónustu“ við borgarbúa og geri raunar ekki enn. (Hér verður harmsaga gas- og jargerðarstöðvar Sorpu ekki rakin). Íbúar Akureyrar og Dalvíkur hafa í mörg ár flokkað lífrænt sorp sem nýtt er til moltipæðar. Þá þjónusta veitir Gámaþjónustan í samstarfi við sveitarfélög. Borgarráð hefur komið í veg fyrir að sama fyrirtæki geti boðið sína þjónustu í Reykjavík.

Nokkrum árum áður lagði Reykjavík til aðlögu við Gámaþjónustuna, sem hafði boðið borgarbúum upp á Endurvinnslutunnuna.

Hernaður borgaryfirvalda gagnvart Fluggördum á Reykjavíkurflugvelli hófst fyrir nokkrum árum og stendur enn. Flugskólar, flugklúbbar, fyrirtæki og einstaklingar eru innan Fluggarðanna sem eru hluti af þekkingarþorpi flugsins á Íslandi. Flugfélagið Ernir hefur átt í vök að verjast og nýlega var ráðist að fyrirtækin þar sem henda átti eignarréttindum út í hafsauga. Sú tilraun

» Ríkisvaldið er oft mótdrægt einkarekstri, þó það sé ekki alltaf með sama skipulega hættinum og gerist í höfuðborginni. En dæmin eru fyrir hendi.

mistókst – að minnsta kosti í billi.

Er furða þótt komist sé að þeirri niðurstöðu að einkaframtakið sé eins og fleinn í holdi meirihluta borgarstjórnar?

Forréttindi ríkisfyrirtækja

Því miður er ríkisvaldið oft mótdrægt einkarekstri, þó það sé ekki alltaf með sama skipulega hættinum og gerist í höfuðborginni. En dæmin eru fyrir hendi – sum verri en önnur. (Að þessu sinni eru ekki tók á því að fjalla um hvernig flóknar reglugerðir og þyngjandi lagafyrirmæli gera fyrirtækjum erfið fyrir ekki síst þeim sem minni eru. Hið sama á við um skatta- og gjaldumhverfið).

Ríkið hefur tryggt sér forréttindi á sviði smásöluverslunar. Með skatta- og tolleysi hafa yfirburðir Fríhafnarinnar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar verið tryggðir, á kostnað kaupmanna og innlendra birgja (innflytjenda). Markaðsráðandi staða Fríhafnarinnar í snyrtivörum er ekki vegna þess að starfsmenn ríkisfyrirtækisins séu snjallari og betri kaupmenn en aðrir.

Í þessu sambandi er ágætt að halda til hagna hvernig opinbera hlutfélagið Isavia kom fram við Kaffitár þegar því að bolað út úr Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þá opin-

beraðist vel sú leyndarhyggja sem hefur grafið um sig í opinberum hlutfélögum, sem eru í samkeppnisrekstri við einkaöðla. Annað ríkisfyrirtæki missteig sig alvarlega þegar það ruddist inn á prentmarkaðinn.

Opinber hlutfélög hafa jafnvel reynst opinberum eftirlitsaðlum erfið. Það tók Ríkisendurskoðun mörg ár að fá stjórnendur Ríkisútvarpsins ohf. til að fara eftir ákvæðum laga um fjárreiður ríkisins. Í tvö ár virti ríkisfyrirtækið skýr lagafyrirmæli um stofnun dótturfélags vegna samkeppnisrekstrar að vettugi.

Ekki má gleyma því hvernig ríkið hefur ákveðið að koma í veg fyrir eðlilega og sanngjarna samkeppni á fjölmiðlamarkaði. Með skattheimtu á einkarekna fjölmiðla og milljarða forgjöf frá skattgreiðendum, er yfirburðastaða Ríkisútvarpsins geirnægð. Það sem meira er; Ríkisútvarpið nýtur einhverrar sérstakrar fríðhelgi umfram allar aðrar ríkisstofnanir. Sjálfstæðum fjölmiðlum blæðir út og hugmyndin um að setja einkarekna fjölmiðla á ríkisstyrk fær byr undir báða vængi, enda segjast allir vilja veg frjálsrar fjölmiðlunar sem mestan.

Ronald Reagan, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, hitti naglann á höfuðið þegar hann lýsti hugmyndum ríkisafskiptasinna:

„Ef það hreyfist, skattleggðu það. Ef það heldur áfram að hreyfast, settu lög. Ef það stoppar, settu það á ríkisstyrk.“

Velferðarsamfélag góðra lífskjara verður ekki byggt upp með slíkri hugmyndafræði. En það skiptir þá engu sem í hjarta sínu telja einkarekstrar af hinu vonda.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Skref í rétta átt

Eftir Óla Björn Kárasón



Óla Björn Kárasón

Fyrir Alþingi liggur frumvarp Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfa-dóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðherra, um breytingar á samkeppnislögum. Frumvarpinu er ekki síst ætlað að uppfylla loforð ríkisstjórnarinnar sem gefin voru í byrjun apríl á liðnu ári í tengslum við lífskjarasamningana. Ríkisstjórnin gaf fyrirheit um 45 aðgerðir til stuðnings lífskjarasamningnum. Flest hefur þegar komið til framkvæmda eða er í undirbúningi. Umfangsmestu aðgerðirnar snúa að heimilum og launafólki; tekjuskattur hefur verið lækkaður, barnabætur lækkaðar, óverðtryggt lán orðin að raunverulegum valkosti og félagslega húsnæðiskerfið hefur verið styrkt.

Í raun var aðeins tvennt í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar, sem ætlað er að léttja undir með fyrirtækjum og gera þeim betur kleift að standa undir lífskjarasamningnum:

● Úttekt á regluverki ferðþjónustu og byggingarstarfsemi í þeim tilgangi að draga úr samkeppnishindrunum og regluþyrði. OECD vinnur að sérstöku samkeppnismati en m.a. er „lítið til þess að einfalda framkvæmd byggingarmála með það að leiðarljósi að stytta byggingartíma, draga úr kostnaði og bæta skilyrði fyrir virka samkeppni til

hagsbóta fyrir atvinnulíf og neytendur“.

● Samkeppnislögin tekin til skoðunar með það að markmiði að einfalda framkvæmd þeirra og auka skilvirki.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um endurskoðun samkeppnislaga sagði:

„Meðal annars verði skoðað hvort Samkeppnisfirlitið eigi að veita sérstakar undan-

þágur frá bannákvæðum laganna eða fyrirtækjum falið að meta sjálf hvort slík skilyrði séu til staðar. Þá verða veltumörk tilkynningar-skyldra samruna endurskoðuð og horft til þess að hækka þau og einnig verða lagðar til breytingar á málsmæðferð samrunamála sem eru til þess fallnar að einfalda hana, m.a. með því að einfalda styttri samrunatilkynningar.“

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur lokið umfjöllun um frumvarp til breytinga á samkeppnislögum. Meirihluti nefndarinnar leggur til nokkrar breytingar og telur rétt að Samkeppnisfirlitið hafi áfram heimild til ihlutunar án brots. Að öðru leyti er frumvarpið í samræmi við fyrirheit um ofangreindar breytingar á samkeppnislögum.

Þegar þetta er skrifað er óvíst um afdrif frumvarpsins, en hluti stjórnarandstöðunnar leggst gegn framgangi þess og vill þar með koma í veg fyrir að staðið sé við gefin fyrirheit til stuðnings lífskjarasamning-

» Oft finnur fákeppnin kjörlendi sitt hjá öflugum eftirlitsstofnum. Með öðrum orðum: Samkeppnishindranir leynast ekki síst í flóknu regluverki.

Fyrirtækin beri ábyrgð

Samkvæmt gildandi lögum getur Samkeppnisfirlitið veitt fyrirtækjum undanþágur gegn bannákvæðum samkeppnislaga enda sé stuðlað að betri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða eflri tæknilegar og efnahagslegar framfarir, veiti neytendum sanna-gjarna hlutaðeld í ávinningi sem af þeim hlýst, leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörfu eru til að settum markmiðum verði náð og veiti fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar veregulega hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi er lögð til sú breyting að fyrirtækin meti sjálf hvort skilyrði fyrir undanþágum séu uppfyllt. Þetta er í samræmi við reglur í öðrum ríkjum EES. Með þessu þurfa fyrirtækin sjálf að bera ábyrgð á að ekki sé

gengið gegn samkeppnislögum að viðlagðri refsiaþyrgð. Eftir sem áður getur Samkeppnisfirlitið gripið til aðgerða sé þess þörf. Í úmsögn Samtaka atvinnulíffsins [SA] er bent á að með þessari breytingu minnki álag á Samkeppnisfirlitið „sem eykur líkur á hraðari og betri málsmæðferð í öðrum málum. Þegar breytingin átti sér stað í Evrópu varð gjörbreyting á skilvirkinu samkeppnisfirlits í flestum Evrópuríkjum.“

Skilvirkinu eftirlits skiptir mestu

Veltumörk fyrir tilkynningar-skylda samruna fyrirtækja hafa verið óbreytt frá árinu 2008. Það segir sig því sjálft að eðlilegt er að hækka mörkin líkt gert er í frumvarpinu. Engin skynsamleg rök standa gegn þeirri hækkun. Þvert á móti verður svigrúm Samkeppnisfirlitsins til að sinna öðrum mikilvægum málaflokkum meira, málsmæðferðarháð eykst og skilvirkinu eftirlitsins verður meiri, s.s. að vinna gegn ólögmætum samráði og samkeppnishömlum.

Það er rétt sem SA benda á í úmsögn sinni: „Skilvirkinu í samkeppnisfirliti er grundvallaratriði til þess að ábati samkeppninnar skili sér til neytenda.“ Samkeppnislagafrumvarpið með þeim breytingum sem lagðar hafa verið til veikja í engu Samkeppnisfirliti. Þvert á móti gefur það stofnuninni möguleika til að sinna öðrum mikilvægum verkefnum af krafti en um leið er dregið úr kostnaði fyrirtækja – þau verða samkeppnishæfari. Til að standa undir lífskjarasamningnum verður að

tryggja samkeppnishæfni atvinnulíffsins og þar skiptir skilvirktu stjórnkerfi hins opinbera, ekki síst eftirlitsstofnana, miklu. Að þessu leyti er frumvarpið skref í rétta átt.

Eg hef oft áður bent á að síbreytilegi og flóknari lög og reglur komi í veg fyrir að framtaksmenn geti haslað sér völl á mörkuðum þar sem stórir aðilar sitja fyrir á fleti. Í sinni vörðun mynd kemur eftirlitsiðnaðurinn í veg fyrir samkeppni og verndar þá stóra. Oft finnur fákeppnin kjörlendi sitt hjá öflugum eftirlitsstofnum. Með öðrum orðum: Samkeppnishindranir leynast ekki síst í flóknu regluverki.

Undir skipulagi frjálsra viðskipta er það borgarinn – neytandinn – sem hefur síðasta orðið. Hann verðlaunar og refsar. Frjáls borgari beinir viðskiptum sínum þangað sem hann fær góða þjónustu og vöru á sanna-gjörnu verði. Kaupnaðarvinnu kappkostar að uppfylla kröfur og væntingir viðskiptavina sinna því að öðrum kosti snúa þeir sér annað. Metnaðarlaus veitingamaður getur aldrei reiknað með að gestir sntí aftur ef hann nær ekki að uppfylla væntingar og kröfur.

A hverjum einasta degi greiða borgararnir atkvæði og með því veita þeir viðskiptalífina nauðsynlegt aðhald. Valfrelsi er forsenda samkeppninnar sem aftur leiðir til betri þjónustu, meiri gæðavöru og hagstæðara verðs. Ekkiert opinbert eftirlit, reglur og lög koma í stað þessa aðhalds.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Skófar kerfis og tregðulögmáls

Eftir Óla Björn Kárasón

Fundum Alþingis var frestað kl. 2.36 að faranótt þriðjudags, eftir langar og strangar atkvæðagreiðslur um tugi frumvarpa og þingsályktunartillagna. Ætluin er að þingfundir hefjist að nýju 27. ágúst næstkomandi og þá til að afgreiða nýja fjármálaáætlun

sem mun bera þess merki að þjóðarþúð hefur orðið fyrir alvarlegum áföllum á síðustu mánuðum. Sú staðreynd kemur líklega ekki í veg fyrir dýr yfirboð á komandi kosningavetri. Þá verða loforð gefin um að gera allt fyrir alla, á kostnað einhverja annarra.

Þingveturinn var um margt sérkennilegur enda aðstæður óvenjulegar vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Ríkisstjórn og Alþingi báru gæfu til þess að taka höndum saman í aðgerðum til að sporna við efnahagslegum afleiðingum kórónuveirunnar. Fumlaus viðbrögð Seðlabankans hafa einnig skipt miklu í að milda óhjákvæmi-legt efnahagslegt högg.

Þarf að bjarga uppskerunni?

Við sem njótum þeirra forréttinda að sitja á Alþingi, erum ekki sammála um allt (sem betur fer), þótt við getum einnig verið samtiga í mörgu. Við notum mismunandi mælikvæði í flestu, ekki síst þegar við reynum að meta eigin störf. Margir eru því hreyknari sem afköstin eru meiri; afkastamikil þing er í hugum þeirra gott þing. Fjöldi frumvarpa og þingsályktunartillagna sem þingið samþykkir er mælikvarðinn. Þannig verður efnislegt innihald að aukaatriði og vangaveltum um hvaða áhrif ný lög hafa á heimili og fyrirtæki er ýtt til hlíðar. Þegar magnið skiptir mestu verða áhyggjur af samkeppnishæfni atvinnulífsins, möguleikum þess til að standa undir góðum launum eða skilvirkni í ríkisrekstri, fjartægar-næstum óskiljanlegar.

„Við þurfum að koma uppskerunni í hús,“ er leiðandi í verkum þeirra sem telja mestu skipta að afgreiða sem flest mál, ekki síst þau sem nefndir þingsins hafa tekið til umfjöllunar. Í sakleysi mínu hef ég bent á að hugsanlegt sé að hluti uppskerunnar sé ónýtur og geti því skemmt það sem þegar er komið í hlöðurnar. Sum mál – frumvörp ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu – eru einfaldlega þannig að hvorki himin né jörð farast þótt þau dagi



Óli Björn Kárasón

uppi og verði aldrei afgreidd (a.m.k. ekki óbreytt).

Eg hef vakið athygli á því að innbyggður hvati til að afgreiða lagafrumvörp og ályktanir sé öflugri en virðist við fyrstu sýn. Þetta á sérstaklega við um ráðherra. Það er hreinlega ætlast til þess að hver og einn ráðherra leggi fjölda frumvarpa

» Frelsismálin eru lítill og stór en eiga oft erfitt uppdráttar. Múrar forræðisbyggjunnar eru sterkir og brotna ekki af sjálfu sér.

fram á hverjum einasta þingvetri, líkt og það sé heilög skylda að breyta lögum þótt ekkert kalli á slíkt. Ráðherrar eru vegnir og metnir, – af þingmönnum og fjölmiðlum – út frá fjölda en ekki gæðum lagafrumvarpa sem þeir leggja fram.

Einföldun og lækkun

Þegar lítið er yfir þingveturinn verður að jata að frelsismálin voru ekki fyrirferðarmikil. En það voru nokkur mikilvæg skref stigin í rétta átt.

Undir forystu Þórisar Kolbrúnar R. Gyfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, og Kristján Þórs Júlíussonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, var regluverk einfaldað. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra beitti sér fyrir afnámi ýmissa úr-eltra laga. Þannig voru leikreglurnar gerðar einfaldari og skýrari.

Það tókst að tryggja lækkun tekjuskatts einstaklinga og tryggja enn frekari lækkun í upphafi komandi árs. Tryggingagjaldið var lækkað annað árið í röð. Frá því að Sjálfstæðisflokkurinn tók sæti í ríkisstjórn hefur gjaldið lækkað um liðlega 17% (úr 7,69% í 6,35%) en er enn of hátt.

Styrkari stöðum hefur verið skotið undir rannsóknir, þróun og nýsköpun með skattalegum hvötum. Þannig hefur Þóris Kolbrún rutt braut inn í framtíðina fyrir is-lenskt samfélag.

Á lokadegi þingsins voru breytingar á samkeppnislögum samþykktar. Með því eykst skilvirkni Samkeppniseftirlitsins en um leið er umhverfi fyrirtækja og þá fyrst og síðast lítilla og meðalstórra, gert einfaldara. Til framtíðar er því

byggt undir samkeppni ólíkt því sem úrtölufólk á þingi heldur fram. Og það mun auka samkeppnishæfni Íslands sem því miður hefur versnað samkvæmt úttekt IMD viðskiptaháskólans á samkeppnishæfni ríkja. Ísland er í 21. sæti á milli Kína og Nýja-Sjálands. Einn af alvarlegustu veikleikum Íslands er óskilvirk samkeppnislöggjöf. Þar sem við eftirbátar flestra viðskiptajóða okkar í 42. sæti.

Frelsismálin kalla á þolinmæði

Frelsismálin eru lítil og stór en eiga oft erfitt uppdráttar. Því hefur Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra fengið að kynna. Hugmyndir hennar um að koma á jafnræði milli inlendra og erlendra fyrirtækja í verslun hafa ekki fengið brautargengi innan ríkisstjórnarinnar. Því þurfa þeir Íslendingar, sem vilja kaupa áfengi í netverslun, enn um sinn að sætta sig við að eiga viðskipti við erlenda aðila, en ekki íslenska.

Múrar forræðisbyggjunnar eru sterkir og brotna ekki af sjálfu sér. Áralöng baráttu þingmanna Sjálfstæðisflokksins fyrir afnámi ríkiseinokunar á öldum ljósvakans skil- aði loks árangri árið 1985, þegar það tókst að tryggja meirihluta á Alþingi fyrir frelsi sem allir taka sem sjálfsgöðum og eðlilegum hlut. Enginn þingmaður vinstrí flokksanna, sem þá áttu fulltrúa á þingi, veitti frelsinu brautargengi. Miðjan klofnaði og aðeins einn flokkur stóð einhuga með frelsinu; Sjálfstæðisflokkurinn.

Forræðisbyggjan lét ekki undan fyrr en í fulla hnafana þegar einokun ríkisins á fjarskiptamarkaði var brotin á bak aftur. Leyfi til að selja áfengan bjór, en ekki aðeins sterk áfengi og léttvín, fékkst ekki án baráttu. Það var ekki sjálfgefið að möguleikar ungs fólks til menntunar urðu fjölbreyttari með auknu svigrúmi einkaaðila innan menntakerfisins, allt frá leikskólum til háskóla. Fjölbreyttara rekstrarform og betri þjónusta heilbrigðiskerfisins varð ekki til af sjálfu sér heldur var jarðvegurinn plægður af ráðherrum og þingmönnum Sjálfstæðisflokksins.

Sagan kennir að þolinmæði skil- ar árangri í baráttu fyrir auknu frelsi einstaklinga. Stefnufesta er nauðsynleg, en þolinmæði og úthald þarf til að vinna að framgangi hugsjóna. Á stundum er betra að stíga lítið skref (jafnvel hænuft) í rétta átt en reyna að komast á leið- arenda í „sjómilnaskóm“ en festast í djúpu skófari tregðulögmálsins.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Lítil frétt og óréttlæti á fjölmiðlamarkaði

Eftir Óla Björn Kárasón

Hún lætur fremur lítið yfir sér fréttin á blaðsíðu 4 hér í Mogganum í gær, þriðjudag. Fyrirsögnin er ekki sérlega gripandi og fréttin því ekki líkleg til að vekja mikla athygli: „Úthlutun til fjölmiðla útfærð“.

Eitthvað segir mér að aðeins fjölmiðlungar hafi áhuga á efni. Margir þeirra setjast niður til að átta sig á því hversu mikið komi í hlut hvers fjölmiðils. Þá kemur Excel sjálfsgagt að góðum notum.

Alþingi samþykkti í maí síðastliðnum sérstakan fjárstuðning til einkarekinnna fjölmiðla. Stuðningurinn er hluti af aðgerðum ríkisins til að sporna við afleiðingum Covid-19-faraldursins. Mennta- og menningarmálaráðherra var falið það erfiða og lítt ófundusverða hlutverk að útfæra reglur um úthlutun 400 milljóna til fjölmiðla sem uppfylla ákveðin skilyrði.

Tífleni fréttarinnar, sem vekur litla eftirtekt, er að reglugerð um fyrirkomulag úthlutunar hefur verið birt. Á hámarki verður stuðningurinn 25% af stuðningshæfum rekstrarbættum viðkomandi fjölmiðils en stuðningur til hvers og eins fjölmiðils getur aldrei orðið hærri en 25% af heildarfjárveitingunni (100 milljónir af 400). Verði samþykktar umsóknir hærri en 400



Óli Björn Kárasón

milljónir skerðist það sem kemur í hlut hvers og eins hlutfallslega.

Fjölmiðlanefnd hefur það hlutverk með höndum að leggja mat á umsóknir. Þannig nær opinber eftirlitsstofnun betri tókum á sjálfstæðum fjölmiðlum.

Ósanngjarnri samkeppni haldið við

Í fjárlögum þessa árs hafði þegar verið gert ráð fyrir 400 milljónum króna til að styðja við sjálfstæða fjölmiðla. Við afgreiðslu fjárlaga lá fyrir ríkisstjórnarfrumvarp um stuðning við einkarekna fjölmiðla. Frumvarpið var umdeilt og náði ekki fram að ganga. Sá er hér skrifar var í hópi gagnrýnenda. Fjárheimildinni var breytt í einskiptisaðgerð til stuðnings einkareknum fjölmiðlum vegna kórónuveirunnar.

Heimsfaraldur kórónuveirunnar hefur haft alvarleg áhrif á rekstur fjölmiðla líkt og á rekstur þúsunda annarra fyrirtækja. Halda má því fram að áhrifin séu að mörgu leyti verri þar sem stada sjálfstæðra fjölmiðla hefur verið erfið í mörg ár. Og hvernig má annað vera? Löggjafinn hefur skapað og haldið við ósanngjarni samkeppni, tryggt yfirburðastöðu Ríkisútvarpsins og dregið þannig þróttinn úr sjálfstæðum fjölmiðlum sem á sama tíma hafa þurft að verjast strandhöggi erlendra miðla, ekki síst samfélagsmiðla.

Ríkisútvarpið fitnar líkt og þúkinn á fjósbitanum. Engin önnur atvinnugrein hefur þurft að sæta því að eiga í samkeppni við ríkisfyrirtæki, sem fær þvinguð framlög frá skattgreiðendum en um leið frítt spil á samkeppnismarkaði. Þrátt fyrir að erfið stada sjálfstæðra fjölmiðla hafi blasað við öllum í mörg ár, hefur varðstæðan um Ríkisútvarpið aldrei rofnað. (Ekki einu sinni lögð hefur rofið skarð í öflugan varnarmúr). Eg hef orðað þetta svo að Ríkisútvarpið njóti þess að vera í mjúkum og hlýjum faðmi stjórnmalamanna. Meirihluti Alþingis hefur ekki áhuga á að breyta leikreglum en virðist einhuga í að koma fremur upp flóknu styrkjakerfi fyrir einkarekna fjölmiðla, sem verða um leið háðir ríkisvaldinu.

Mótsögnin um sjálfstæða fjölmiðla og ríkisstyrktan rekstur þeirra samkvæmt ákvörðunum opinberra úthlutunarnefnda og stofnana, blasir við en veldur fáum áhyggjum. Þó er fátt hættulegra fyrir frjálsa fjölmiðlun en að verða háð opinberum styrkjum og nefndum. Ríkisstyrkir verða hægt og bítandi óþíum fjölmiðlunga. Fjölmiðlum sem er háð ríkisvaldinu með beinum fjárhagslegum hætti telst varla frjáls nema í orði.

Skilvirk leið er lækkuð skatta

Í desember á líönu ári lagði ég fram frumvarp ásamt þremur öðrum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins (Brynjari Nielsyni, Vilhjálmí Arnasyni og Jóni Gunnarsyni) um

» Skynsamlegast er að breyta leikreglum og gera samkeppnina sanngjarnari og heilbrigðari. En fyrir þeirri lausn er ekki pólitískur stuðningur.

afnám tryggingagjalds á einkarekna fjölmiðla, upp að ákveðnu hámarki. Tilgangur frumvarpsins er að bæta rekstrarstöðu fyrirtækjanna og jafna stöðuna gagnvart ríkisreknum fjölmiðli með gagnsæjum hætti þar sem jafnræði skattkerfisins er tryggt. Frumvarpið náði ekki fram að ganga og komst raunar ekki á dagskrá þingsins, af ástæðum sem hljóta að vekja athygli.

Í greinargerð frumvarpsins er vitnað til skýrslu nefndar frá janúar 2018 til mennta- og menningarmálaráðherra þar sem bent var á hvaða ástæður byggju að baki erfiðu rekstrarumhverfi: samkeppni einkarekinnna fjölmiðla við Ríkisútvarpið, samkeppni við erlenda fjölmiðla og flutningur auglýsinga úr hefðbundnum fjölmiðlum yfir á veraldarvefinn, svo sem Google og Facebook. Í skýrslunni er varað við því að áframhaldandi veiking fjölmiðla hafi neikvæð lýðræðisleg og menningarleg áhrif í samfélaginu.

Frumvarpið var lagt fram með þeim rökstuðningi að skilvirkasta leiðin til að styrkja rekstrarumhverfi fjölmiðla sé lækkuð

skatta. Í greinargerð sagði meðal annars: „Samræmdar og gegnsæjar skattaávilnanir tryggja að allir einkareknir fjölmiðlar sitji við sama borð og fái hlutfallslega sömu ívilnun. Það er gert með því að fella tryggingagjaldid niður, upp að vissu hámarki, en með því næst hlutfallslega sama lækku á hvern fjölmiðil miðað við laumakostnað og er skattaávilnunin þannig byggð á rekstri einstakra fjölmiðla.“

Samkvæmt frumvarpinu verður því ekki þörf á að opinber nefnd meti hvort umsókn fjölmiðils fullnægi tilteknum skilyrðum heldur yrði skattkerfið sniðið að rekstrarformi hvers og eins fjölmiðils án þess að til kostnaðar stofnist af hálfu ríkis og fjölmiðils við úthlutun fjármuna.“

Það skal viðurkennt að sértækar skattalegar aðgerðir (ívilnun) í takt við þær sem lagðar eru til í frumvarpi okkar félaga, er ekki besta lausnin á þeim vanda sem glímt er við. Skynsamlegast er auðvitað að breyta leikreglum á fjölmiðlamarkaði, gera samkeppnina sanngjarnari og heilbrigðari. En fyrir þeirri lausn er ekki pólitískur stuðningur.

Litla fréttin í Mogganum er áminning um alvarlega brenglun og óréttlæti á fjölmiðlamarkaði. Þess vegna er nauðsynlegt að leggja frumvarpið aftur fram á nýju þingi á komandi vetri í þeirri von að það fái efnislega umfjöllun þingsins.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

„Fólkinu verður ekki sagt að treysta neinum“

Eftir Óla Björn Kárason



Óli Björn Kárason

Sá sem leggur fyrir sig stjórnmal þarf að sækjast eftir trausti fólksins. Bjarni Benediktsson (1908-1970), forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, var sannfærður um að aðeins ein leið væri fær; að vinna til traustsins: „Fólkinu verður ekki sagt að treysta neinum. Það verður sjálf að finna, hvort maðurinn er trausts verður. Með góðri grein eða góðri ræðu er hægt að vekja hrifningu í bili, ná svo og svo miklum völdum og vegtyllum. En traustió ólást maður aldrei, nema hann vinni fyrir því.“

Í ritdeili við Árna Jónsson frá Múla árið 1942 bendir Bjarni á að stjórnmalin séu ekki arðsöm fyrir þann sem er heidarlegur. Ekki þurfi mikið sjálfstraust „til að hafa trú á, að maður geti útvegað sér arðsamari atvinnu“. En sá geri hins vegar „lítið gagn í stjórnáttum, sem eigi fengist við þau af einhverri innri þörf. Vegna þess, að hann þættist hafa komið auga á einhver slík sannindi, að hann væri minni maður, ef hann legði sig ekki allan fram til að berjast fyrir þeim“.

Þegar þessi orð voru sett á blað var Bjarni aðeins 34 ára gamall en hafði verið borgarstjóri í tvö ár. Sannfæring hans um eðli stjórnmalanna og skyldur stjórnmalanna breyttist aldrei heldur styrktist eftir því sem árin líðu. Halda má því fram að allt hans mikla starf hafi mótast af því sem hann sagði í áramótaávarpi í Ríkisútvarpinu 1968, þá sem forsætisráðherra, að engin skömm sé „að því að falla vegna þess, að maður fylgir sannfæringu sinni“ en lítilmótlegt sé, „að játaundir það, sem sannfæring, byggð á bestu fánægri þekkingu, segir, að sé rangt“.

Einkenni frjálsþuga manns

Síðastliðinn föstudag var þess minnst að 50 ár voru lóin frá því að Bjarni Benediktsson, kona hans Sigriður Björnsdóttir og Benedikt Vilmondarson, fjögurra ára dóttursonur þeirra, létust í eldsvoða á Þingvöllum. Hér verður ekki fjallað um harm-

leikinn, áhrif hans eða hvaða áhrif hann hafði á þróun íslenskra stjórnmála.

Bjarni var aðeins 62 ára gamall en átti að bakí áratuga farsælan feril sem einn áhrifamesti stjórnmalamaður landsins. Aðeins 24 ára varð hann prófessor í lögum við Háskóla Íslands og 32 ára borgarstjóri. Síðar varð hann utanríkisráðherra og lagði hornstein að utanríkisstefnu landsins sem hefur verið fylgt æ síðan. Árið 1948 var Bjarni kjörinn varaformaður Sjálfstæðisflokksins og formaður árið 1961. Tveimur árum síðar tók hann við embætti forsætisráðherra og símti því til dauðadags. Bjarna var trúad fyrir dörum ráðherraembættum allt frá 1947; dómsmála-, menntamála-, heilbrigðis- og iðnaðarmálaráðherra.

Eftir Bjarna liggur fjöldi greina og rita, ekki síst um lögfræðileg efni, utanríkis- og varnarmál og stjórnmal. Rauði þráðurinn í hugmyndafræði hans var trúin á frelsi einstaklingsins og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. Alþjóðleg samvinna við frjálsar þjóðir með þátttöku í Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningi við Bandaríkin, á viðsjárverðum tímum, var í huga Bjarna mikilvæg forsenda þess að hægt væri að verja fullveldi fámennrar þjóðar.

Sannfæring Bjarna um mikilvægi sjálfstæðis og frelsis kemur ágætlega fram í ræðu sem hann hélt á samkomu Íslensk-ameríska félagsins á þjóðarhátíðardegi Bandaríkjanna 1955:

„Einkenni hins frjálsþuga manns er umfram allt það, að unna öðrum frelsis ekki síður en sjálfum sér. Þetta er auðvelt í orði en erfiðara í framkvæmd. En einmitt þess vegna eru það fremstu þjóðir heims, sem eru frjálsastar. Þær gera mestu kröfur til sjálfrá sín og þegna sinna.“

Þeir, sem unna frelsinu, verða að muna, að formlegt frelsi er ekki nóg. Þeim ber að hjálpast að til að gera hverjum einum mögulegt að njóta lífsins og frelsisins og leita hamingjunnar eftir eigin vild innan ramma laganna.“

Þegar þessi ræða er lesin fæst góður skilningur á því hvers vegna



Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon

Leiðtogi í Stjórnarráðshúsinu 1952, þá utanríkis- og dómsmálaráðherra.

» „Einkenni hins frjálsþuga manns er umfram allt það, að unna öðrum frelsis ekki síður en sjálfum sér. Þetta er auðvelt í orði en erfiðara í framkvæmd.“

Bjarni lagði alltaf mikla áherslu á samstarf lýðræðisríkja í varnar- og öryggismálum. Þá var frelsinu ógnað úr austri – nýfengió sjálfstæði var brotað í átökum við hugmyndafræði alræðisþyggjunnar.

Undramáttur frelsisins

Bjarni var sannfærður um „undramátt frelsisins“ og taldi að iðnaður fengi „því aðeins staðist, að hann geti þróast við frjálslega vershinarhætti“ og sama zetti við um landbúnaðinn. Í útvarpsrerindi á hátíðardegi verslunarmanna 1949 voru skilaboð hans til þeirra sem eru fylgjandi frjálsri verslun skýr og eiga erindi enn í dag. Það verði að varast að „fyrir okkur fari eins og hesti, sem verið hefur í hafti“.

„Eftir að hnappheldan hefur verið af honum leyst heldur hann áfram af hoppa eins og engin breyting hafi á oróli, hann heldur, að hann komist ekki áfram með öðru móti.“

Við verðum að gæta þess, að það

hugarfar skapast ekki, að ómögulegt sé að vera án haftanna, að allt hljóti um koll að keyra, ef höftin eru leyst eða verulega á þeim línað.“

Bjarni varaði við því sem hann kallaði „hnapphelduhugarfar“ líkt og ríkt heði á tímum einokunarverslunarinnar, þegar margir voru sannfærðir um nauðsyn þess að „stjórnvöldin hefðu vit fyrir þegnumum“. Valdhafarnir hefðu óttast „þá eins og nú, að allt mundi um koll keyra, ef slakað yrði á þeim höftum, sem sett voru á framkvæmdaprek einstaklinganna“.

„Reynslan sýndi, að sá ótti var með öllu ástæðulaus.“

Íslenska þjóðin sökk ekki í skuldafen, heldur komst einmitt úr algerrí örbirgð og allsleysi meðan fullt verslunarfrælsi var, og zetti þó að vera ólíkt hægara fyrir hana að lifa nú af tekjum sínum, sem eru hlutfallslega miklu meiri en þá var.“

Síðar í útvarpsrerindinu undirstrikar Bjarni að það sé ekki nægjanlegt „að menn í orði kveðnu segist vilja vera lausir við höft og hömlur, ef þeir fást ekki til að skapa þau skilyrði, sem eru nauðsynleg forsenda þess, að þeim verði aflétt“.

Tryggð við trú og menningu

Árið 1949 var íslenskt samfélag í höftum, frjálsræði í viðskiptum var lítið og allt bundið leyfum. Haftakerfið var eitt í þeim sjálfstæðismanna, ekki síst Bjarna, sem víldi

lata reyna á „hvers læknisdómur frelsisins má sín um þau mein“ sem hrjá íslenskt þjóðfélag. Fyrstu raunverulegu skrefin í þá átt voru stigin í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokks 1959 til 1971. Þá var traustur grunnur að velsæld íslensks samfélags lagður. Í landsfundaræðu 1965 orðaði Bjarni þetta svo:

„Öll vitum við þó, að við lifum einungis í upphafi tækni- og vísindaldar. Með því að nota okkur ávexti hennar og tryggja einstaklingnum til þess frelsis og möguleika, þá greiðum við fyrir meiri, órari og öruggeri framförum, lífskjaraþótum, ef menn vilja svo segja, en nokkur getur nú séð fyrir.“

Bjarni var sannfærður um nauðsyn þess að rjúfa einangrun Íslands, brjóta hlekkí hafta og ófrelsi og tryggja opin samskipti við aðrar þjóðir. Um leið ítrekaði hann mikilvægi þess að Íslendingar heldu tryggð við trú og menningu: „En okkur Íslendingum tjáir ekki á sama veg og flestum öðrum að treysta á mannmergðina, heldur á manndáðina. Á Íslandi þarf sjálfstæði allrar þjóðarinnar að efast af sjálfstæði einstaklinganna.“

Það er holt og nauðsynlegt fyrir alla að þekka söguna. Stjórnmalamenn samtímans verða að skynja úr hvaða jarðvegi hugmyndir þeirra og hugsjónir eru spruttar. Fyrir talsmenn frelsis eru skrif og ræður Bjarna Benediktssonar ómetanlegur hugmyndafræðilegur leiðarvísir. Þótt aðstæður breytist og viðfangsefnið einnig er enn tekist á um grunnatriði stjórnmalanna. Orð Bjarna í áramótagreini í Morgunblaðinu árið 1965 eiga því jafnvel við í dag og fyrir 55 árum:

„Oft er sagt, og vissulega með réttu, að veðurfar, gróður og fiskigöngur séu ekki að þakka ríkisstjórn. Gamalkunnugt er, að jafnt rignir á réttláta og rangláta. En ríkisstjórnin ræður því, hvernig hún bregst við atburðunum. Treystir hún eingöngu á forsjá sína og þannar þegnumum að bjarga sér eftir því, sem þeirra eigin vit og þroski segir til um? Eða treystir hún fyrst og fremst á framkvæði, manndóm og dug borgaranna og telur skyldu sína að greiða fyrir framkvæmdum þeirra, en leggur ekki á þær hömlur og hindranir?“

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Grafið undan lífeyrissjóðum

Eftir Óla Björn Káráson



Óli Björn Káráson

Í fyrstu grein laga um lífeyrissjóði segir meðal annars: „Skyldutrygging lífeyrissjóðanna felur í sér skyldu til aðilar að lífeyrissjóði til greiðslu lögljalds til lífeyrissjóðs og eftir atvikum til annarra aðila samkvæmt samningum um viðbótartryggingaværingar.“

Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er rétt og skyld að tryggja sér lífeyrissjóði með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs.“

Í samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna [LV] segir að hlutverk sjóðsins sé að „tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri“. Sjóðurinn „leggur sérstaka áherslu á elli- og eldristryggingar og áskilur einnig heimild til að verja þau réttindi umfram önnur.“

Í viðamikilli ársskýrslu 2019 er víkið að stjórnarháttafyrirsláningu LV. Þar kemur fram að sjóðurinn sé langtímafráfarastær sem ávaxti fjármuni sjóðfélaga með það að markmiði að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu. Stjórnarmenn og starfsmenn eiga að „taka ákvarðanir í samræmi við gjaldandi lög og reglur og samferlingu sína með þeim hætti að hagsmunum sjóðfélaga sé sem best gætt og að ákvörðunin styðji við tilgang og starfsemi sjóðsins“. Þeir mega ekki „gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnu sjóðfélögum, félagum eða öðrum ótilhlýðlegra

hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins“. Stjórnarmenn skulu taka „sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig“.

„Og hafi einhver gleymt eða vilji ekki muna þá segir einnig: „Stjórnarmaður er ekki bundinn af fyrirmælum þeirra sem tilnefna hann til setu í stjórn sjóðsins.“

Mér finnst skynsamlegt að rífa upp lög, samþykkt og reglur sem lífeyrissjóðir almenn, og Lífeyrissjóður verzlunarmanna sérstaklega, starfa eftir. Tilnefnið er opinberar yfirlýsingar sem augljóslega ganga gegn lögum, reglum og grafa undan trausti á lífeyrissjóðunum og þar með hagsmunum alls launafólks.

Farvegur sparnaðar – uppspretta fjármagns

Okkur Íslendingum hefur tekist það sem fáum öðrum þjóðum hefur aðnast; að byggja upp lífeyriskerfi sem launafólk hefur getað treyst á. Styrkleiki lífeyriskerfisins er einn mikilvægasti hornsteininn efnahagslegrar velferðar þjóðarinnar. Hrein eign lífeyrissjóðanna í lok síðasta árs nam tæpum fimm þúsund milljónum króna. Samkvæmt nýlegri úttekt OECD nemur lífeyrissparnaður á vegum lífeyrissjóðanna (samtrygging og séreign) um 167% af vergrí landsframleiðslu og um 177% af meðöldum sparnaði á vegum innlendra og erlendra vörsluáðila séreignasparnaðar. Aðeins í Danmörku og Hollandi er lífeyrissparnaðurinn meiri.

En þótt lífeyriskerfið sé sterkt og í flestu til fyrirmyndar er ekki

» Hafi einhver gleymt eða vilji ekki muna þá segir: „Stjórnarmaður er ekki bundinn af fyrirmælum þeirra sem tilnefna hann til setu í stjórn sjóðsins.“

þar með sagt að starfsemi og skipulag lífeyrissjóðanna sé yfir gagnrýni háfa.

Lífeyrissjóðirnir eru mikilvægasti farvegur sparnaðar hér á landi og þar með uppspretta fjármagns, jafnt fyrir atvinnulíf og launafólk, hvort heldur er láns- eða áhættufjármagn. Í krafti gríðarlegs fjármagns hafa lífeyrissjóðirnir komist í ráðandi stöðu í íslensku atvinnulífi. Þannig hefur orðið til valdasamþjöppun í viðskiptalífnum, sem er vandmeðfarin og gerir enn ríkari kröfur til stjórnarmanna lífeyrissjóðanna um sjálfstæði og að aðeins hagsmunir skjólstaðinga þeirra ráði för. Launafólk verður að geta treyst þvi að stjórnarmenn falli aldrei í þá freistni að nýta fjárhagslegan styrk lífeyrissjóðanna til að tryggja sérhagsmuni eða vinna að framgangi sjónarmiða sem hafa ekkert með hag sjóðfélaga að gera.

Reynt að rjúfa samstarf

Herskáar yfirlýsingar síðustu daga gefa tilefni til að hafa verulegar áhyggjur af því að unnið sé markvisst að því að innleiða önnur vinubróðir, þar sem heildarhagsmunir sjóðfélaga ráða ekki för, heldur hugmyndafræði fáttra og sérhagsmunir enn færri.

Lífeyrissjóðir á almennum vinnu-

markaði eru samstarfsverkefni launafólks og atvinnurekenda. Markmið hefur verið skýrt; að tryggja launafólki lífeyri eftir að góðri starfsævi lýkur en um leið veita sameiginlega tryggingaværingar vegna örorku eða veikinda. Ekki verður hins vegar annað séð en að áhrifafólk innan verkalyðshreyfingarinnar vilji rjúfa þetta samstarf. (Rétt er að hafa í huga að samstarfið byggist m.a. á því að launagreiðendur (atvinnurekendur) greiða mótframlag í lífeyrissjóðina á móti launafólki. Á síðasta ári námu t.d. iðgjöld í LV tæpum 36,5 milljónum króna, þar af greiddu sjóðfélagar tæpa 10 milljarða en launagreiðendur höflega 26,5 milljarða.)

Ég er einn þeirra sem hafa talað fyrir því að auka áhrif sjóðfélaga á rekstur og stefnu lífeyrissjóðanna. Þar hef ég sótt í smíðu dr. Péturs heitins Blöndals. En það skal játað að tilraunir til að hafa óeðlileg áhrif á stjórnarmenn lífeyrissjóðanna gefa tilefni til endurmat.

Eitt er að leggja drög að því að gera sjóðsfélögum kleift að móta stefnu lífeyrissjóðanna og annað að innleiða valfrelsi í lífeyrismálum – gera launafólki mögulegt að greiða atkvæði með því að velja sjálfstæði lífeyrissjóð í stað þess að vera bundin á þann bús sem forystumenn verkalyðshreyfingarinnar og atvinnulífsins ákveða og semja um.

Atburðir síðustu daga hafa rennt styrkirni stöðum undir þá sköpun að nauðsynlegt sé að auka valfrelsi í lífeyrismálum, ekki aðeins með því að leysa launafólk undan forræði forystumanna vinnumarkaðarins, heldur ekki síður að auka möguleika þess til að nýta séreignasparnað sinn til að byggja upp eigin lífeyrissjóð, m.a. með

milliðlaðlausri fjárfestingu í atvinnulífnum.

Launafólk ber kostnaðinn

Leita stærsta og þjóðhagslega mikilvægasta fyrirtæki landsins berst fyrir lífi sínu. Icelandar þarf ekki aðeins að ná samningum við starfsmenn og lánardrottna til að tryggja framtíð félagsins heldur einnig sækja aukni áhættufé frá fjárfestum. Lífeyrissjóður verzlunarmanna er einn stærsti hluthafinn með um 11,8% hlutfjár (miðað við síðustu áramót). Bókfært verðmæti eignarhlutarins er um 4,9 milljarðar.

Öðl máls samkvæmt leita stjórnendur eftir nýju hlutfé, ekki sist frá núverandi eigendum. Hvort það er skynsamlegt fyrir LV að taka þátt í hlutfjáraukningunni hef ég engar forsendur til að meta. Allir vita að fjárfesting í flugrekstri er áhættusöm, en LV, líkt og aðrir hluthafar, hefur notið ágættrar ávöxtunar af eignarhlut sínum í Icelandar á undanföllum árum.

Samkvæmt lögum og reglum er það stjórn LV sem tekur ákvörðun um hvort rétt sé að taka þátt í að byggja upp þjóðhagslega mikilvægt fyrirtæki eða ekki. Stjórnarmenn LV, líkt og stjórnarmenn allra annarra lífeyrissjóða, verða að hafa burði til þess að taka sjálfstæða ákvörðun og byggja aðeins á faglegum sjónarmiðum með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi. Verði látið undan þrýstingi eða háværingu og ofsafengum yfirlýsingum glatast traustid sem nauðsynlegt er að stjórnir lífeyrissjóða njóti.

Ég eitt er vist: Það verður launafólk sem ber kostnaðinn, ekki hinir háveru.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Á að virða samgöngusáttmálann?

Eftir Óla Björn Káráson



Óli Björn Káráson

Borgarstjóri er nokkuð kátur. Ný könnun leiðir í ljós að innan við helmingur kjósenda er hlýntur Borgarlínu. Stúningurinn hefur minnkað frá sambærilegri könnun í október síðastliðnum og andstaða aukist. „Í stuttu máli er ég bara mjög

ánægður með þennan sterka stúning“, segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri í samtali við Fréttablaðið í gær þriðjudag, en Zenter rannsóknir gerði könnunina fyrir blaðið. Í huga borgarstjóra eru niðurstöðurnar „mikilvægt vegnastei inn í næsta tímabil Borgarlínunnar sem er framkvæmdatímabil“. Minnkandi stúningur og meiri andstaða valda ekki áhyggjum.

Borgarlínan er hluti af sérstökum samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins, sem undirritaður var með viðhöfn í Ráðherraástaðunum í september síðastliðnum. Forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, borgarstjóri og bæjarstjórnar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, skrifuðu undir sáttmálann. Allir voru á því að um væri að ræða „tímamótasamkomulag“ um „metnaðarfulla uppbyggingu á samgöngunni og almennings-

samgöngum á höfuðborgarsvæðinu til fimmtán ára“.

120 milljarðar

Á grunni þessa samkomulags samþykkti Alþingi m.a. stofnun opinbers hlutafélags um uppbyggingu samgöngunnar á höfuðborgarsvæðinu. Sá er þetta skrifar greiddi atkvæði með stofnun hlutafélagsins, þrátt fyrir efasemdir um félagarformið. (Opinber hlutafélag – öhf. – hafa reynt dýr lexía fyrir landsmenn og þá ekki sist atvinnulífið.)

Áætlaður kostnaður er um 120 milljarðar króna á næstu 15 árum. Ríkissjóður tryggir a.m.k. 45 milljarða en bein framlög sveitarfélaganna verða 15 milljarðar eða um einn milljarðar á ári. Um 60 milljarðar verða fjármagnaðir með flyti- og umferðargjöldum en þó verða aðrir kostir teknir til skóðunar samhliða orkuskiptum og endurskoðun á skattlagningu á ökutæki og eldsneyti. Í greinargerð með frumvarpi um stofnun opinbera hlutafélagsins kemur fram að til greina komi að ríkið fjármagni þennan hluta uppbyggingarinnar með sérstökum framlögum vegna eignasölu, t.d. með sölu á Íslandsbanka.

Samkvæmt samkomulaginu er skipting kostnaðar eftirfarandi: ● 52,2 milljarðar í stofnvegi ● 49,6 milljarðar í innviði Borgarlínu og almenningsamgöngur

» Sé svo eru forsendur sáttmálans brostnar. Stofnun opinbers hlutafélags um framkvæmdirnar og fjármögnun verður ekki aðeins óþörf heldur óskynsamleg.

- 8,2 milljarðar í göngu- og hjólastíga, göngubrýr og undirgöng
- 7,2 milljarðar í bættu umferðarstýringu og sértækar öryggisáðgerðir.

Þá segir orðrétt í undirrituðu samkomulagi: „Við endanlega útfærslu framkvæmda verður sérstaklega hugað að greiðri tengingu aðliggandi stofnbrauta svo sem Sundabrautar inn á stofnbrautir höfuðborgarsvæðisins.“

Misheppnuð markaðssetning?

Allt frá því að fyrst var farið að ræða um Borgarlínu hefur hugmyndin verið umdeild. Kannski ekki sist vegna þess að vaðið var af stað án þess að skýr hugmynd lægi að baki – allt frá lestum á teimum til sérakreina fyrir strætó og flest þar á milli. En jafnvel eftir að hugmyndin hefur orðið skýrari virðist andstaðan á sama tíma aukast. Og af því hljóta sveitarstjórnarmenn á höfuðborgarsvæðinu að hafa áhyggjur, a.m.k. þeir sem hlusta en

eru ekki forhertir í baráttunni gegn því að íbúarnir eigi rannverulega valkosti í samgöngum.

Andstaðan við Borgarlínu er mest í Garðabæ og á Seltjarnarnesi en efasemdir eru einnig í öðrum sveitarfélögum og þá ekki sist í Mosfellsbæ. Óhætt er að fullyrða að fáir ef nokkrir þeirra sem litla eða enga trú hafa á Borgarlínunni eru mótfallnir öflugum almenningsamgöngum. Margir hafa áhyggjur af því að kostnaður – stofn- og rekstrarkostnaður – verði miklu hærri en áætlan – og visa til biturrar reynslu skattgreiðenda. En andstaðan á sér einnig rætur í óttanum við Borgarlínu ryðji einkabílnum úr vegi – dragi úr valkostum. Þessi ótti er eðlilegur þrátt fyrir að sáttmálann sé skýr; að ráðast í umfangsmiklar samgöngubætur m.a. á stofnvegum og tryggja greiðari umferð með bættari umferðarstýringu.

Og hvernig má annað vera? 120 milljarða samgöngusáttmálin virðist engu breyta í hugum forystumanna meirihlutans í borgarstjórn.

Brostnar forsendur

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, borgarfulltrúi Pirata og formaður skipulags- og samgönguráðs, fer mikinn í grein sem birtist hér í Morgunblaðinu 13. júlí síðastliðnum: „Einkabíllinn er ekki framtíðin“. Borgarfulltrúinn boðar færri „bílaakreinar og færri bílastæði“ og Borgarlínu með „stórtækum hjólanivíum“.

Í þessu samhengi er vert að draga

fram að markmið samgöngusáttmálans er skýrt; „að stuðla að auknum lífsgeðum á höfuðborgarsvæðinu með uppbyggingu skilvirkra hagkvæmra, örugga og umhverfisvænna samgöngunnar“.

Með þessu markmiði er meðal annars stefnt að eftirfarandi: „Að stuðla að greiðum, skilvirku, hagkvæmum og öruggum samgöngum á höfuðborgarsvæðinu með jafnri uppbyggingu innviða allra samgöngumáta.“

Pegar grein formanns skipulags- og samgönguráðs er lesin verður ekki hjá því komist að velja því upp hvort það sé ásetningur meirihluta borgarstjórnar að virða samgöngusáttmálann að vettugi þegar kemur að uppbyggingu stofnvega (52,2 milljarðar) og bættar umferðarstýringar (7,2 milljarðar). Skrif formanns verða ekki skilin með öðrum hætti en svo að enginn áhugi sé á að vinna að „jafnri uppbyggingu innviða allra samgöngumáta“, heldur láta eigna drauma og fárra annarra um breytt borgarsamfélag rætast.

Sé svo eru forsendur sáttmálans brostnar. Stofnun opinbers hlutafélags um framkvæmdir og fjármögnun þeirra, m.a. með dýrmætu byggingarlandi ríkisins að Keldum, verður ekki aðeins óþörf heldur óskynsamleg.

En borgarstjóri getur haldið gleði sinni yfir minnkandi stúningi við Borgarlínu.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Purfum að skrúfa frá súrefninu

Eftir Óla Björn Kárasón



Óli Björn Kárasón

Hægt og bitandi verður myndin skýrari. Efnahagslegur afleiðingar kórónuveirufaraldursins eru fordæmalausar. Í löndum Evrópusambandsins dróst landsframléið milli ára saman um 11,9% á öðrum ársfjórðungi eftir 3,2% samdrátt á þeim fyrsta. Þetta er mesti efnahagssamdráttur í áratugi og miklu meiri en í eftirleik fjármálakreppunnar 2008.

En staðan er misjöfn. Verst er staðan á Spáni, Ítalíu og í Frakklandi. En jafnvel Þýskaland glímir við erfíðleika. Efnahagssamdráttur hefur aldrei verið meiri í einum fjórðungi en apríl til júní síðastliðnum – yfir 10% miðað við sömu mánuði á síðasta ári. Athyglisvert er að evruríkinn glíma við meiri samdrátt en önnur lönd. Samdrátturinn er ekki aðeins meiri á evrusvæðinu heldur er ríkisskuldur sem hlutfall af landsframléiðlu hærrí. Evruhlöndin glíma við meira atvinnuleysi en þau ríki Evrópusambandsins sem standa utan við myntbandalagið.

9,7% af heimsframléiðslunni gatast

Öll stærstu hagkerfi heimsins hafa orðið fyrir þungu höggi vegna Covid-19. Kína glímir við erfíðleika. Í fyrsta skipti frá því að hagskýrslugerð hófst þar í landi

minnkaði landsframléiðla milli ársfjórðunga. Janúar til mars var samdrátturinn 6,8%. Kínversk stjórnvöld hafa hins vegar gefið út að dæmið hafi snúist við og hagvöxtur á öðrum fjórðungi hafi verið 3,2%. Hagfræðingar hafa deilt á opinberar hagtölur kínverskra stjórnvalda – segja þær ýktar til að draga upp betri mynd af efnahagslegri frammistöðu. En óháð slíkum deilum reiknar Alþjóðabankinn með að hagvöxtur í Kína falli niður í 2% á þessu ári frá 6% á síðasta ári og jafnvel verði vöxturinn enginn.

Í Bandaríkjunum er staðan verri. Samdrátturinn á öðrum ársfjórðungi var tæplega 9,5%. Um 15 milljónir starfa hafa gatast í efnahagslegum hremmingum vegna Covid-19. Þjóðskrá Bandaríkjanna telur að meira en helmingur heimila hafi orðið fyrir tekjumissi. Hagfræðingar vara við að það taki mörg ár að vinna upp þann skaða sem vírusinn hefur valdið fyrirtækjum og heimilum.

Í Suður-Kóreu féll landsframléiðslan um 2,9% á öðrum ársfjórðungi. Efnahagssamdrátturinn í Japan var 3,4% á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þannig er hægt að fara yfir heimin. Ekkert land kemst hjá því að takast á við efnahagsleg aföll vegna Covid. Þróunarbanki Asíu taldi í maí að efnahagslegur kostnaður heimsins af Covid-19 gæti orðið allt að 8,8

» Það vitlausasta sem þingið getur gert er að reyna að auka tekjur ríkisins með þyngrri álögum á fyrirtæki og heimili. Í þeim leik tek ég ekki þátt.

billjónir dollara eða 9,7% af heimsframléiðslunni. Frá því að sérfræðingur bankans lágu yfir tölum hefur útlitið aðeins versnað. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn [AGS] telur að alþjóðlegur hagvöxtur verði neikvæður um 4,9%. Samdrátturinn verður mestur hjá iðnríkjunum eða 8% gangi spár sjóðsins eftir.

Góðu fréttirnar eru þær að þrengingarnar eru tímabundnar. Efnahagur heimsins setti, að öðru óbreyttu, að fá góðan byr í seglin á næsta ári. AGS spár 5,9% hagvæxti. En hagspár eru brothættar. Þróifstærðarmálin eru á verri vegu heldur þau neikvæð áhrif á búskap heimsins. Það þarf ekki hagfræðinga til að átta sig á því.

Sögulegur samdráttur

Í þjóðhagsspá sem birt var undir lok júní gerir Hagstofan ráð fyrir að landsframléiðslan hér á landi dragist saman um 8,4% á þessu ári. Gangi spáin eftir er þetta mesti samdráttur í lýðveldissögum og þarf rannar að fara aftur til ársins 1920 til að finna verra dæmi. Sérfræðingar Hagstofunnar reikna hins vegar með „snörpum

viðsúningi á næsta ári og að vöxtur landsframléiðslunnar verði 4,9%“ og að á næstu árum þar á eftir verði hagvöxtur 2,5%-2,9%.

Afleiðingar Covid á íslenskt efnahagslíf eru í mörgu alvarlegri en hjá öðrum löndum og skiptir þar mestu hve mikilvæg ferðaþjónustan er orðin eftir ótrúlega uppbyggingu á síðustu árum. Augljóst er að verulegur samdráttur verður í útlutningi vöru og þjónustu. Hagstofan býst við yfir 30% samdrætti og þá mest í þjónustuútlutningi ferðaþjónustunnar. En einnig er reiknað með samdrætti í útlutningi sjávarafurða.

Í grein 15. apríl síðastliðinn bendi ég á að ekkert hagkerfi fái staðist til lengri tíma ef komið er í veg fyrir efnahagslega starfsemi borgaranna. Engu skipti hversu öflugt og stórt hagkerfið er. Undirstöðurnar byrji hægt en örugglega að molna – „velsæld breyttist í fátækt og örbirgð, öflugt heilbrigðiskerfi brotnar niður, almannatryggingar komast í þrot“. Fylgifyiskar efnahagslegar þrengingur eru pólitískur órói og sundrun.

Súrefni í fjárlögum

Í flestu hafa aðgerðir íslenskra stjórnvalda verið áhrifaríkar þótt á stundum hafi tekið of langan tíma að hrinda þeim í framkvæmd að fullu. Fyrir því eru margar ástæður – sumar kerfislegar sem er áminning um hve þunglamalegt og svifaseint regluvaðt þjóðfélag er orðið.

En markmið ráðstafana í efnahagsmálum – ríkisfrjálmun og

peningamálum – hefur verið skýrt: Að verja fyrirtækin og lífsafkomu almennings. Líft og ég benti á í apríl var gripid til róttækra aðgerða til að „koma okkur í gegnum fyrsta leikhluta af nokkrum“.

Fréttir síðustu daga um að líklega sé seinni bylgja hins illvíga vírus skollin á undirstrika enn frekar þá staðreynd að við vitum ekki hversu lengi stríðið mun standa. Augljóst er að stjórnvöld verða að gripa til enn frekari ráðstafana til koma í veg fyrir að efnahagslegur skaði verði meiri.

Alþingi kemur saman síðar í mánuðinum til að afgreiða nýja fjármálastefnu en 1. október kemur nýtt þing saman og þá leggur fjármálaráðherra fram fjárlagafrumvarp fyrir komandi ár. Engum dýlt að ríkisstjórn og þingmenn standa frammi fyrir vandasömu verkefni og erfiðum ákvörðunum við fjárlagagerðina. En undan þeim verður ekki vikist, þótt kosningar séu eftir rúmt ár.

Það vitlausasta sem þingið getur gert við núverandi aðstæður er að freista þess að auka tekjur ríkisins með þyngrri álögum á fyrirtæki og/ eða heimili. Í þeim leik tek ég ekki þátt. En að opna fyrir súrefniskrana skatta og gjalda er ekki aðeins skynsamleg leið heldur arðbær fjárfesting til framtíðar fyrir ríkissjóð og almennig. Tekjuginnrunn ríkis og sveitarfélaga verður styrkari til lengri tíma og ráðstöfunartekjur launafólks meiri. Þetta er ekki flóknara.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

En hvað ef þú flýgur?

Eftir Óla Björn Kárasón



Óli Björn Kárasón

Lífð sjálf felur í sér áhættu. Sá sem vill enga áhættu taka hreyfir sig aldrei, gerir eins lítið og hægt er, heldur sig heima við, fer ekki út frá húsi, skapar ekkert, takmarkar samskipti við aðra eins og mögulegt er. Hægt en örugglega veslast viðkomandi upp andlega og líkamlega – verður lífandi dauður. Dauðinn einn tryggir að hægt sé að koma í veg fyrir áhættu lífsins.

Hið sama á við um samfélög og einstaklinga. Samfélag sem lokar á eða takmarkar til lengri tíma mannleg samskipti, slekkur ljósin og stóðvar hjól atvinnulífsins, molnar með tímanum að innan – hættir að vera samfélag frjálsra borgara.

Í nauðsynlegri baráttu við skaða veiru erum við flest ef ekki öll fús að færa fórnir. Reiðubúin til að setta okkur við skert athafnafrælsi og skert lífsgæði í ákveðinn tíma. Við viljum sýna árvekni en ætlum okkur ekki að fórnla samskiptum við vini og fjölskyldu eða glata möguleikanum að eignast nýja vini. Okkur er nauðsyn að eiga aðgang að kryddi lífsins; listum og menningu, lífandi tónlist, leikhúsi, myndlist, upplestri ógrandi skálda. Við viljum koma saman á vellinum til að hvetja okkar karla og konur áfram í hörðum leik, stýðja við bakid á börnunum okkar á velt skipulögðum fróttamótum. Við viljum hitta vini á góðum veitingastað, fagna með þeim á yndislegum brúðkaupsdegi,

halda glaðan dag á afmælisdegi, gleðjast á fjölskylduhátíðum og að leiðarlökum kveðja og þakka fyrir dýrmætta samfylgd. Við litum á það sem helgan rétt að ferðast, fá að sjá nýja staði, kynnað mannlíf í öðrum landshlutum, í öðrum löndum og öðrum heimsálfum. Við eigum stjórnarskrávarinn rétt til að koma saman og stunda viðskipti í krafti athafnafrælsis enda frjálsir borgarar. Þessi réttindi komu ekki af sjálfu sér, ekki fremur en mál- og prentfrælsi eða rétturinn til að ganga að kjörborði og velja inn þvingana fulltrúa á löggjafarsamkomu og í sveitarstjórnir.

Margþættur vandi

Hæsta almannavarnarstigi – neyðarstigi – var lýst yfir 6. mars síðastliðinn vegna kórónuveirufaraldursins. Aðdragandinn var nokkur en undir lok janúar var ljóst að heimurinn stæði frammi fyrir alvarlegri heilbrigðisvá. Fyrsta smítdi hér á landi greindist 28. febrúar. Á tilöggu sóttvarnalækis ákvað heilbrigðisráðherra 13. mars að virkja heimildir sóttvarnalaga til að takmarka samkomur í fjórar vikur frá miðnætti 15. mars. Þar með voru viðburðir þar sem fleiri en 100 menn komu saman bannaðir. Samhliða var skólahald takmarkað. Fjórum dögum síðar voru öll lönd skilgreind sem áhættusvæði. Öllum íslenskum ríkisborgurum og fólki með búsetu á Íslandi sem kom til landsins eftir dvöl erlendis var gert

» Við höfum aldrei þolað félags- og efnahagslegan kostnað atvinnuleysis. Sá kostnaður er eitt, frelsisfórnin sem almenningur hefur fært er annað.

ad sæta fjórtán daga sóttkvi. Frá því í febrúar hófu þeir sem komu til landsins frá ákveðnum áhættusvæðum (s.s. Norður-Ítalíu) þurft að fara í fjórtán daga sóttkvi.

22. mars var talið nauðsynlegt að ganga enn lengra. Tveggja metra reglan var innleidd, ekki var leyft að fleiri en 20 manns kæmu saman hvort heldur í opinberum rýmum eða einkarýmum. Takmarkanir voru settar á fjölda viðskiptavina í verslunum o.s.frv. Sundlaugum, líkamsræktarstöðvum, skemmtistöðum, spílasöllum, spíllakössum og söfnum var lokað. Hið sama var gert varandandi starfsemi og þjónusta sem krefst mikillar nálægðar milli fólks, m.a. allt íþróttastarf og allar hárgreislustofur, snyrtistofur, nuddstofur og aðra sambærilega starfsemi.

Pólitísk ákvörðun

Í baráttunni gegn veirunni voru þá sóttvarnsþjónarmið sem réðu ferðinni. Efnahagslegir þættir og mikilvæg borgaraleg réttindi voru sett í annað og þriðja sæti. Óhætt er að fullyrða að um þetta hafi verið álagt sátt, jafnt meðal stjórnmálanna og almennings. Það var pólitísk ákvörðun undir forystu ríkisstjórnarinnar sem lá að baki því að

fylgja skyldi ströngum reglum sóttvarna til að verja heilbrigði landsmanna. Ábyrgðin hvílir ekki á heróum sóttvarnalækis, landlækis eða almannafræðingnum, heldur á ríkisstjórnarinnar og a.m.k. þeirra þingmanna sem standa að baki hennar.

Aðgerðirnar skuluðu árangri. Hægt en örugglega voru stigin skref í að losa um hömlur, lífið var að færast í eðlilegar skorður og þau hjól sem höfu stöðvast voru farin að snúast aftur. En svo kom bakslag. Stjórnvöld hafa aftur talið nauðsynlegt að ganga á réttindi borgaranna og þó í orði sé ferðafrelsi til og frá landinu er það í raun verulega skert. Við ákveðnar ástæður skal nota andlitsgrímur, fjöldatakmarnir eru enn í gildi og tveggja metra nálægðarmörk eru meginregla. Atvinnufrelsi er skert.

Ákvörðun um takmörkun á athafnafrælsi er pólitísk en byggð á ráðleggingum sóttvarnaryfirvalda. En hún hefur afleiðingar, sumar hverjar eru ófyrirséðar, ekki sít efnahagslega. Sú viðspyrna sem flestir vonuðust eftir næst ekki á næstu mánuðum og hún verður að líkindum ekki jafn kröftug og reiknað var með. Efnahagsleg gæði gatast og fjöldi einstaklinga mun missa atvinnuna. Fjárhagsleg staða ríkissjóðs versnar og bolmagr ríkisins til að veita nauðsynlega þjónustu veikist. Hið sama á við um sveitarfélög. Möguleikar fyrirtækja til að standa undir góðum launum, fjölga starfsmönnum, ráðast í ný verkefni verða takmarkaðir og í mörgum tilfellum engir. Sum sigla í strand.

„Frelsið gatast sjaldan allt í einu“

Þetta er sá efnahagslegi fórnar-

kostnaður sem er færður í baráttunni við veiruna. Félagsglegur kostnaður samfara aukna atvinnuleysis og þar með verri almennri lýðheilsu verður seint metinn. Íslenskt samfélag hefur aldrei þolað félagslegan og efnahagslegan kostnað atvinnuleysis.

Efnahags- og félagslegur fórnarkostnaður er eitt, frelsisfórnin sem almenningur hefur fært er annað. Sem betur fer hafa íslensk stjórnvöld gætt meiri höfsemdar í þeim efnunum en ríkisstjórnir margra annarra lýðræðisríkja.

„Frelsið gatast sjaldan allt í einu“ voru varnarorðir skoska heimspekingis David Hume. Tímabundnar aðgerðir sem skerða borgaraleg réttindi kunna að vera réttlætunlegar í nafni almannaöryggis. Slíkar ráðstafanir eru neyðaraðgerðir á tímum mikillar óvissu. En þegar stjórnvöld skerða frelsi einstaklinga meira en hálfu ári eftir að óvissutími var lýst yfir hér á landi vegna kórónuveirunnar, þá dugur ekki lengur einföld tilvísun í lög um sóttvarnir. Heimildir verður að vera skýr og aðráttarlaus í lögum og hún fæst ekki án aðkomu löggjafans.

Kannski gefa ljóðlunar stjórnvöldum, þingmönnum og ekki síður einhverjum hagfræðingum innblástur. Erin Hanson, ljóðskáld frá Ástralíu, orti þegar hún var aðeins 18 ára:

Frelsið bíður þín, í vindum skjýjana. Og þú spyrst: er ef ég hrapa? Ó, mín kæra, en ef þú flýgur?

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Höfum við efni á þessu öllu?

Eftir Óla Björn Kárasón

Öll höfum við orðið fyrir skakkaföllum, beint eða óbeint, vegna þeirra efnahagsþrenginga sem gengið hafa yfir heiminn vegna kórónuveirufaraldursins. En byrðarnar eru misþungar – þyngstar hjá atvinnurekendum og launafólki á almennum vinnumarkaði, ekki síst í ferðaþjónustu. Heilbrigðar forsendur fyrir rekstri margra fyrirtækja hafa brostið og við mörgum blasir ekki annað en gjaldþrot. Launafólk hefur orðið fyrir tekjumissi og margir eru án vinnu. Sveitarfélög glíma við erfðileika, sum alvarlega. Ríkissjóður hefur þurft að mæta samdrætti – útgjöld aukist og tekjur lækkað. Á örfáum mánuðum hefur staða efnahagsmála gjörbreytt til hins verra. Í stað hagvaxtar er samdráttur. Ríkissjóður safnar skuldum í stað þess að greiða líkt og gert hefur verið á síðustu árum.

Reiknað er með því að halli á ríkissjóði (A-hluta) verði um 10% af vergrí landsframleiðslu á þessu ári og um 8% á því næsta. Samtals verða gjöld ríkissjóðs umfram tekjur, að öðru óbreyttu, því um 18% af landsframleiðslu eða rúmlega 500 milljarðar króna á tveimur árum. Þetta er lítillaga lægri fjárhæð en nemur raunhækkun útgjalda hins opinbera á síðustu tuttugu árum.

Öllum má vera ljóst að forsendur guldandi fjármálastefnu eru brostnar og því nauðsynlegt að breyta henni í samræmi við nýjan veruleika. Á grunni fjármálastefunnar verða fjárlög fyrir komandi ár lögð fram á nýju þingi í október næstkomandi. Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðgjafi, mælir fyrir tillögu að breytingum á stefnunni á morgun, fimmtudag. Í grænargerð segir að markmið fjármálastefunnar á komandi árum sé „að veita hagkerfinu stuðning til þess að það geti náð vopnum sínum



Óli Björn Kárasón

að nýju, stöðja við þau heimili og fyrirtæki sem verða fyrir alvarlegum búsjífum vegna áhrifa heimsfaraldursins og koma í veg fyrir að mikið atvinnuleysi festist í sessi“. Stefnan í ríkisfjármálum leggst þannig á sömu sveif og peningastefnan. „Þessum stuðningi verður viðhaldið þar til atvinnustigið hefur hækkað markvert. Að-

gerðum ríkissjóðs er ætlað að stöðja við vaxtargetu hagkerfisins, m.a. með stóruaukinni fjárfestingu. Leitast verður við að vernda þann árangur sem náðst hefur í velferðar- og heilbrigðismálum. Eftir sem áður þarf að tryggja að hagkerfið geti staðið undir framúrskarandi þjónustu.“

Að þessu leyti er stefna ríkisstjórnarinnar skýr og aðdráttarlausa. Þær aðgerðir sem stjórnvöld hafa gripið til á undanföllum mánuðum til að milda áhrif alvarlegs samdráttar hafa í flestu verið skynsamlegar og skilað árangri. Markvisssar aðgerðir Seðlabankans hafa skipt fyrirtekki og heimili miklu. Leiða má rök að því að ríkisfjármál og peningamál hafi unnið betur saman á síðustu mánuðum en nokkru sími áður.


Áskoranir komandi ára

Ríkissjóður hefur haft bolmagn til að takast á við samdráttinn. Hröð niðurgreiðsla skulda á síðustu árum hefur verið forsenda þess að hægt hefur verið að bæta ríkisfjármálum af skynsemi. Ég hef haldið því fram að allt frá 2013 hafi bóndinn í fjármálaráðuneytinu verið duglegur að safna korni í hlöður til að mæta mörgum árum. Hann hafi ekki fallið í þá freistingu að eyða búhnykk og hvalrekum aðeins í stundargaman og pólitískar vinsældir.

Ekki verður hins vegar séð að hallarekstur ríkisins hafi dregið úr kröfum um aukin útgjöld. Kröfum eru til staðar líkt og ríkið sé uppspretta verðmæta og velmegunar. Þeir eru fáir (eða að minnsta

Rekstrarkostnaður ríkisins og hins opinbera

Rekstrarkostnaður árið 2000 og 2019*
Milljarðar kr. á föstu verðlagi 2019



Vísitala rekstrarkostnaðar hins opinbera 2000 til 2019*
Vísitala 2000=100, á föstu verðlagi 2019



* Öreglugleg útgjöld hafa verið tekin til á að fá gleggri mynd af þróun útgjalda. Þannig er 192,2 milljarðar króna fjárfæta ríkissjóðs 2008 á lögum kröfum vegna veðlana Seðlabankans ekki meðtalin. Norri er fram hjá færslu ríkissjóðs til A-Hluta LSR upp á 105,1 milljarðar króna árið 2016. Þá er 32 milljarðar framgætt sveitarfélaga til Bnjar lífeyrisjóðs 2017 ekki meðtalin. Árið 2011 færðust málafélagið til sveitarfélaga. Heltast tilfærsla heildarvaxta var upp á 10,7 milljarðar króna vegna þjónustu við nærri 2.500 einstaklinga, auk þess sem nær 1.500 starfsmenn í rúmlega 1.000 stöðugildum fluttu yfir til sveitarfélaganna. **Heimild: Hagstofa Íslands.**

kosti ekki háværir) sem beina sjónunum að meðferð opinbers fjár – spyrja hvort sambandi sé á milli aukinna útgjalda og bættrar opinberra þjónustu. Í velgengi síðustu ára hefur sinnuleysi náð að festa rætur og við leyft okkur þann munnað að líta á hagkvæma ríðstöfun og meðferð sameiginlegra fjármuna sem aukaatriði. Ög aukning útgjalda hefur orðið mælikvarði á pólitíska frammistöðu einstakra þingmanna og stjórnmálaflokka. Áskoranir í rekstri hins opinbera á komandi mánuðum felast ekki í auknum ríkisútgjöldum heldur í betri og hagkvæmari nýtingu sameiginlegra fjármuna. Þetta á jafnt við um ríkið og sveitarfélögin. Hundruð milljarða aukning útgjalda

hins opinbera og ríkisins sérstaklega er ekki vísbending um að skortur sé á peningum í fjárfesturnar heldur fremur merki um ómarkvissa nýtingu þeirra.

1,5 milljarðar á hverjum degi

Rekstur hins opinbera (ríkis og sveitarfélaga) kostaði nær 47 milljörðum króna meira í hverjum mánuði á síðasta ári en árið 2000, á föstu verðlagi. Þetta jafngildir rúmlega 1,5 milljörðum á hverjum einasta degi, helgidaga sem virka.

Í heild var rekstrarkostnaður 2019 um 560 milljörðum króna hærri og þar af var launakostnaður um 195 milljörðum meiri en aldamótaárið. Raunhækkun kostnaðar var líflega 87% á þessum tuttugu

Rekstur hins opinbera kostaði nær 47 milljörðum króna meira í hverjum mánuði á síðasta ári en árið 2000, á föstu verðlagi.

árum. Launakostnaður hækkaði um 86%. Rekstrarkostnaður ríkisins hækkaði að raungildi um nær 387 milljarða, þar af laun um 209 milljarða.

Sé lítið til fjölgunar íbúa hækkaði rekstrarkostnaður hins opinbera á hvern landsmann um rúmlega 46% á föstu verðlagi. Hækkunin á hverja fjögurra manna fjölskyldu var tæpar 4,3 milljónir króna eða um 355 þúsund á mánuði. Aldamótaárið nam rekstrarkostnaðurinn um 9,2 milljörðum á hvern landsmann en á síðasta ári var kostnaðurinn kominn upp í 13,4 milljónir króna eða líflega 1,1 milljón á mánuði. Launakostnaður á hverja fjölskyldu hækkaði á þessum tveimur áratugum um nær 1,5 milljónir á föstu verðlagi.

Í raun skiptir engu hvaða tölur um útgjöld hins opinbera eru skoðaðar. Sameiginlegur kostnaður landsmanna hefur hækkað gríðarlega á síðustu áratugum. Aukning útgjalda getur verið nauðsynleg og skynsamleg s.s. í uppbyggingu heilbrigðiskerfisins, þar sem verið er að tryggja aðgengi sjúkratryggðra – okkar allra – að nauðsynlegri þjónustu. En jafnvel innan heilbrigðiskerfisins eru fjármunir ekki nýttir eins og best verður á koslið. Framlög til almannatrygginga hafa stórkostur og hild sama á við um menntakerfið.

Hver og einn verður að svara því hvort þjónusta hins opinbera – ríkis og sveitarfélaga – hafi batnað í samræmi við aukin útgjöld. Velta því fyrir sér hvort við sem velferðarþjóð höfum efni á þessu öllu, eða hvort tækifærin felist ekki síst í bettri nýtingu fjármuna og endurskipulagningu ríkisrekstrar.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Trúin á framtíðina

Eftir Óla Björn Kárasón



Óla Björn Kárasón

Við Íslendingar höf- um ýmsa fjöruna söpið í efnahagsmálum. Engu að síður hefur okkur tekist að byggja hér upp eitt mesta velferðarríki heims. Yfirleitt höfum við náð vopnum okkar fljótt aftur eftir áföll, þótt dæmi séu um að það hafi tekið lengri tíma en efni stóðu til vegna rangra aðgerða og ákvarðana stjórnvalda. Nýtt uppjögr Hagstofunnar á þjóðhagsreikningum er ekki sérlega glæsilegt. Aldrei hefur samdráttur verið meiri en á öðrum fjórðungi ársins eða 9,3% frá sama tíma fyrir ári. Sérfræðingar Hagstofunnar benda á að takmarkanir á „ferðalögum fólks á milli landa höfðu veruleg áhrif á bæði írn- og útflutning þjónustu á tímabilinu en í niðurstöðumum gæti einnig fjárfestingin áhrifa samkomubanns á eftirspurn eftir vöru og þjónustu af ýmsu tagi hér á landi“. Niðursveiflan endurspeglast meðal annars í þeirri staðreynd að heildarþjöldi vinnustunda dróst saman um 11,3% prósent.

En þrátt fyrir djúpa dýfa á öðrum fjórðungi er útlitid fyrir árið í heild sinni ekki eins svart og margir reiknuðu með nokkrum vikum eftir að faraldurinn lagðist á okkur af fullum þunga. Í nýrri þjóðhagsspá Seðlabankans í ágúst er gengið út frá því að landsframleiðslan dragist saman um 7% í ár og að atvinnuleysi verði um 10% í lok ársins. Þetta er nokkuð minni samdráttur en bankinn gerði ráð fyrir í maí en þar vegur þyngst kröftugri einkaneysla en búist var við. En síðari hluti ársins verður engu að síður erfiður fyrir fyrirtæki og heimili. Að öðru óbreyttu getum við gert okkur vonir um nokkuð kröftugan vöðning á komandi ári.

Staðan miðjón

Í Peningamáttum Seðlabankans kemur fram að áætlað sé að landsframleiðsla í helstu viðskiptalöndum okkar hafi dregist saman um tæp-

lega 13% á öðrum fjórðungi ársins. Þetta er mesti samdráttur á einum fjórðungi frá upphafi mælinga. Vísibendingar eru um að alþjóðleg efnahags- umsvif hafi, eftir því sem leið á fjórðunginn, sótt nokkuð í sig vedrið en að horfur fyrir seinni hluta ársins hafi versnað.

Hagstofan birtir áhugaverða mynd af stöðu einstakra landa í frétt um uppjögr þjóðhagsreikninga. Þar kemur glöggf ljós að þótt samdráttur hér á landi maletist sögulega mikill berjast mörg helstu lönd heims við enn dýpri samdrátt og erfiðleika. Í Evrópu- sambandinu var samdráttur landsframleiðslu á öðrum fjórðungi 11,7% frá því fjórðungi. Í Bretlandi var samdrátturinn 20,4%, 18,5% á Spáni og 13,8% í Frakklandi. Áhrif kórónuveirunnar á efnahag virðast minnst í Finnlandi, Noregi og Líthá- en. Vert er að hafa í huga að um er að ræða bráðabirgðatölur og setur Hagstofa Íslands þær fram með fyrirvara.

Áhyggjuefni


Ekkert samfélag sækir fram án þess að fjárfesta. Þess vegna er það áhyggjuefni að fjárfesting skuli dragast saman. Í heild var samdrátturinn 18,7% á öðrum fjórðungi boríð saman við sama tímabil á löndu ári.

Hagstofan bendir á að þrátt fyrir myndarlegan vöxt í fjárfestingu hins opinbera á sviði vegafrankvæmda, hafi samdráttur í fjárfestingum lands- og sveitarfélaga á öðrum fjórðungi verið 17,3%. Sé hins vegar lítið fram hjá fjárfestingu í Herjólfu á síðasta ári jókst fjárfesting ríkisins um 15% að raunligu. Fjárfesting sveitarfélaga dróst hins vegar saman um 9% milli ára og var í heild nokkuð minni á fyrri hluta ársins en áætlanir sveitarfélaganna gerðu ráð fyrir.

Fyrir þá sem gera sér grein fyrir því að atvinnuleysi – fyrirtækin í landinu – skapa þau verðmæti sem okkur eru nauðsynleg til að standa

Breyting á landsframleiðslu á 2. ársfj. 2020

Hlutfallsleg raunbreyting m.v. 2. ársfj. 2019 (árstíðaleiðrétt)*



* Fyrstu bráðabirgðatölur sem hagstofur víðkomandi ríkja hafa birt á undanföllum vikum og eru settar fram með fyrirvara um aukna óvissu í niðurstöðum. Heimild: Hagstofa Íslands.

undir velferðarsamfélaginu, er það sérstakt áhyggjuefni hve atvinnu- vegafjárfesting hefur dregist saman. Á öðrum fjórðungi minnkaði hún um 17,8% og um 4,7% á fyrstu sex mánuðum ársins miðað við sama tímabil 2019. Ný tækifæri og yfir störf verða ekki til án fjárfestinga. Það er því eitt helsta verkefni stjórnvalda að örva atvinnuvegafjárfestingu til lengri og skemmrí tíma. Á margan hátt er umhverfið hagstætt í því lág- vaxtaumhverfi sem við búum við. En óvissan um þróun efnahagsmála veldur því að fjárfestar halda að sér höndum. Skattaleg umgjörð skiptir einnig mikklu. Hár fjárfagns- tekjuskattur ýtir a.m.k. ekki undir fjárfestingu.

En tölur um fjárfestingu – ekki síst fjárfestingu hins opinbera – geta verið villandi. Aukin fjárfesting ríkis og sveitarfélaga getur aldrei verið sjálfstætt markmið. Sumar fjárfestingar eru í eðli sínu þannig að þær kalla hreinlega á aukin útgjöld á komandi árum. Aðrar fjárfestingar eru hins vegar arðsamar fyrir samfélagið í heild sinni. Bættar sam- göngur eru augljóst dæmi. En arð- bærar fjárfestingar þurfa ekki allar að vera í einhverju handföstu – ein- hverju áþreifanlegu; vegum, höfum, byggingum. Fjárfesting í hugviti og

þekkingu gefur að líkindum meira af sér en flest annað sem við getum ráðist í og fjárfagnað úr sameig- inlegum sjóðum. (Raunar má færa fyrir því rök að við eigum að hætta að horfa á framlegg hins opinbera til menntamála, sem útgjöld, fremur sem fjárfestingu sem eðlilegt er að afskrifa á 40 árum – á starfsævi hvers einstaklings). Sama gildir um fjárfestingu í bættri heilsu lands- manna.

Hagsýni búmannsins

Jafnvel þegar glimt er við erf- iðleika í efnahagslífinu má ekki leggja til hliðar kröfuna um arðsemi fjárfestinga hins opinbera. Hið sama á við um sameiginlegar eignir okkar. Í greinargerð með breytingu á fjár- málástefnu kemur fram að sam- anlagður halli á ríkissjóði á þessu og næsta ári verði um 500 milljarðar króna. Við slíkar aðstæður horfir hagsýnin búmaður yfir efnahags- reikninginn til að átta sig á því hvort ekki leyntist þar ýmslegt sem skyn- samlegt sé að losa sig við (stað þess að safna skuldum, sem velt er inn í óvissa framtíð).

Umfangsmikil arðbær opinber innviðafjárfesting er hyggileg ekki síst þegar glimt er við samdrátt í efnahagslífinu. En það er jafn mik-

» Rauði þráðurinn í hugmyndabaráttu hægri manna er mann- helgi einstaklingsins – að andlegt og efnahags- legt frelsi sé frumréttur hvers og eins.

ilvægt að tryggja arðbæra nýtingu þeirra eigna sem fyrir eru. Eg hef ítrekað haldið því fram að nauðsyn- legt sé að fram fari umræða og at- hugun á því hvort og þá hvernig ný- ting eigna ríkisins þjónar hagsmunum landsmanna best. Al- menningar gerir þá eðlilegu kröfu að dýrmatum skatttekjum sé varið af skynsemi en ætlast einnig til þess að bændur fjárfarin séu nýttir í það sem mikilvægast er. Á því er mis- brestur og hundruð milljarða liggja í eignum sem hafa ekkert með grunn- skyldur ríkisins að gera.

Markmiðið er að fjölga tækifer- um, bæta lífskjör allra og búa í hagnin fyrir framtíðina. Rauði þrá- urinn í hugmyndabaráttu okkar hægri manna er mannhelgi ein- staklingsins. Við litum svo á að and- legt og efnahagslegt frelsi sé frum- réttur hvers og eins. Virðing fyrir frumréttinum tryggir betur en nokk- uð annað velsæld samfélaga. Þegar stjórnvöld telja nauðsynlegt að ganga á þennan frumrétt, þó ekki sé nema í takmarkaðum tíma í nafni al- mannaheilla, er nauðsynlegt að byggt sé á skýrum lagalegum grunni. Almennir verður að skilja rökin sem liggja þar að baki og fí skýrar upplýsingar um hvenær og undir hvaða skilyrðum hömlum verður ur aflétt. Annars minna stjórnvöld tröðveruleika, samstada samfélags- ins brestur og aðgerðir til varnar al- menningi smást upp í andhverfu sína. Í stað þess að takast á við ný- verkefni situr samfélagið í heild sinni með hendur í skauti. Fjárfesting – trúin á framtíðina – gufar upp.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Ógn hinna „réttlátu“

Eftir Óla Björn Kárasón



Óla Björn Kárasón

Hafi sagan kennt okkur eitthvað þá eru það þessi einföldu sannindi: Frelsi þrífst ekki án frjálsra og op- inna skoðanaskipta. En þrátt fyrir þennan lærdóm virðast borg- arar lýðræðisríkja ekki alltaf skynja þegar frelsinu er ógnað. Kannski er það vegna þess að ógnvaldurinn skiptir stöðugt um andlit, breytir aðferðum og orða- notkun. Kannski er sinnuleysið af- leiðing velmegunar. Ef til vill kemur óttinn við afleiðingir í veg fyrir að tekið sé til máls.

David Green, forstöðumaður Civitas-hugveitunnar í Bretlandi og dálkahöfundur The Spectator, heldur því fram að ný tegund stjórnmála sé að festa rætur, „réttlát ógnun“ (righteous intimidation) – þar sem samfélagum er skipt í fórnarlömb og kúgura. Í nýlegum pistli bendir hann á að „réttlát ógnun“ sé fyrsti kostur margra baráttumanna fyrir þjóð- félagsbreytingum. Baráttumenn fyrir rötækum aðgerðum í loft- slagsmálum reyna að koma í veg fyrir útráfu dagblaða sem eru þeim ekki að skapi. Undir fyrirsíni réttlætis og baráttu gegn ógefóðlri kynþátta- hyggju og rasisma eru minnismerki rífin niður. Skoðanir sem ekki eru þóknarlegar eru bældar niður og

Twitter er nýttur til að bola einstaklingum úr starfi.

Frelsið krefst mikils

Á síðustu árum hafa sjálfsmyndastjórnmál orðið stöðugt áhrifa- meiri. Í stað almennrar hugmyndafræði, s.s. um réttindi ein- staklinga, hlutverk rík- isins og stjórnskipan, byggjast stjórnmál sjálfsmýnda á þjóð- félagsstöðu, kynþætti, kynhneigð, trúarbrögðum o.s.frv. Það er úr jarðvegi sjálfsmyndastjórnmála sem „réttmæt ógnun“ er sprottin. Og í mörgu er það kaldhæðnislegt að Do- nald Trump Bandaríkjaforseti hafi lagt mikið af mörkum til að gera jarðveginn frjórri en nokkru sinni fyrir hugmyndir og baráttuaðferðir af því tagi.

Frelsi krefst mikils af borg- urunum. Sjálfsmyndastjórnmál mynda hins vegar farveg fyrir kröf- ur á samborgarana. Yta undir trúna á að samfélagið skuli skipulagt af hinum réttstýnu. Til að ná markmiði- um er nauðsynlegt að pólitísk holl- usta byggjast á grenju, kvörtunum og dýlgjum í garð annarra. Þeir sem ekki taka undir eru skilgreindir sem fjandmenn og kúgarar sem verði að þagga niður í. Að hver og einn leiti að innri styrkleika til að lifa farsælu lífi er fyrirliðlegt.

Sjálfsmyndastjórnmál ganga á

» Stjórnmál „rétt- látrar ógnunar“ er annað andlit stjórn- lyndis – verkfæri til að umbylta skipulagi lýðræðisríkja sem tókst ekki undir fána sósíalismans.

hólm við frjáls og opin samfélag sem umbera ekki aðeins ólík sjónarmið og skoðanir heldur hvetja til rök- ræðna – mynda óflugt skjól fyrir dýnamíska umræðu og skoðana- skipti, ekki síst í háskólum og fjöl- miðlum. Í áðurnefndri grein segir David Green að réttláti sé ein meg- instöð frjáls samfélags þar sem leitast er við að leiðrétta óréttlætisölum til hagsbóta. Hann telur að stjórnmál „réttlátrar ógnunar“ séu ósam- rýmanleg frjálsu samfélagi þar sem við reynum að læra hvert af öðru með beinum skoðanaskiptum.

Efasemdir og spurningar

Sú hætta er raunveruleg að undir ógn sjálfsmyndastjórnmála verði hett að spyrja spurninga, leita nýrra lausna. Þegar allt kapp er lagt á að þagga niður gagnrýni eru spurningar ekki aðeins óþarfar heldur einblinis hættulegar. Það er ekkert rúm fyrir efasemdir og engin nauðsyn á því að leita nýrra leiða við úrlausn verkefna. Samkeppni hug-

mynda er ógn en ekki mikilvæg leið til að virkja krafta mannhugans.

Við þurfum ekki að leita út fyrir landsteinana til að finna dæmin. Aþendingum og gagnrýni virts íslensks prófessors við leknadeild Harvard-háskóla var mætt með hroka, yfirleti og hreinum dóna- skap. Spurningar og ólík sjónarmið eru eitru í beinum hinna „réttlátu“ sem hafa höndlað samleiðum í eitt skipti fyrir öll.

Alvarlegum efasemdum um hvort stjórnvöld hafi heimild að lög- um til að hefta athafnafrelsi og samfélagslegt samneyti til lengri tíma í nafni sóttvarna er mætt með tómlæti af fræðiheimi lögræðinga. Engu er líkara en þeir sem ættu að leiða gagnrýna umræðu um stjórnskipan landsins og lagalega for- sendur fyrir ákvörðunum stjórn- valda á hverjum tíma forðist að taka til máls.

Ég óttast að háskólasamfélagið, sem á að vera gríðastaður frjálsrar umræðu og ólíkra skoðana, sé hægt og bitandi að breytast í einskonar kirkjudeild pólitískis rétttrúnaðar. Ekki aðeins hér á landi heldur ekki síður í öðrum lýðræðislöndum. Í bandarískum háskólum eru fræðimenn flæmdir úr starfi og komið er í veg fyrir að gestafyrirlesarar með skoðanir sem ekki eru þóknarlegar geti tekið til máls. Verið er að hneppa háskóla í spennitreyju rétt- huginsunar. Frjó hugsun og frjáls vísindastarfssemi eru fórnarlömbin. Samfélagið allt ber skaðann.

Hlekkir ógnunar

Stjórnmál „réttlátrar ógnunar“ eru þegar grannit er skoðað annað andlit stjórnlyndis – verkfæri til að umbylta skipulagi lýðræðisríkja sem tókst ekki undir gunnfána sósíalismans. Þetta er hugmyndafræði átaka, þar sem reka skal fleym milli borg- aranna, milli stétta, kynslóða, trúar- bragða, kynþátta, kynja, atvinnu- rekenda og launafólks. Stjórnlyndi breytist ekki þótt það sé klætt í ný- jan búning.

Réttarríkið, þar sem allir eru jafn- ir fyrir lögum, er sett til hliðar í hug- arheimi „réttlátrar ógnunar“. Því er hafnað að frelsi einstaklingsins og réttindi séu algild og óumbreyt- anleg. Allt er háð aðstæðum og tíð- aranda.

Að halda því fram að uppsprettu valdsins sé hjá borgurum er talin hættuleg hugmynd sem gefur und- an stjórnlyndi og markmiðum sjálfsm- yndastjórnmála. Þess vegna er öll- um slíkum hugmyndum, innan háskóla, í fjölmiðlum, stjórnmálum og samfélagsumræðu, mætt af fullri hörku. Andrúmsloft opinberra um- ræðu er eitruð og gagnrýni um- ræðu kafnar hægt en örugglega þar sem einstaklingar, fræðimenn sem aðrir, forðast að taka til máls.

Sú hætta er raunveruleg að frjáls- ir borgarar vakni einn daginn í hlekkjum „réttlátrar ógnunar“.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Framleitt í Hollywood – ritskoðað í Peking

Eftir Óla Björn Kárasón



Óli Björn Kárasón

Eftir því sem mikilvægi Kína í alþjóðlegu efnahagslífi eykst hefur ritskoðun kommúnistaflokksins yfir landamæri orðið auðveldari, skilvirkari og áhrifameiri. Aukin alþjóðleg áhrif Peking hafa leitt til þess að ritskoðunararmur kínverska kommúnistaflokksins hefur náð taki á útgefendum, fræðimönnum, rithöfundum, blaðamönnum og ekki síst kvikmyndaiðnaðinum, óháð ríkisborgararétti þeirra eða landamærum.

Í nýlegri skýrslu PEN America um áhrif stjórnvalda í Peking á kvikmyndaiðnaðinum er dregin upp dökk mynd. Skýrslan veitir innsýn í hvernig kínversk stjórnvöld hafa með beinni og óbeinni ritskoðun haft áhrif á Hollywood og alþjóðlegan kvikmyndaiðnað. Með skipulegum hætti hefur kínverski kommúnistaflokkurinn náð hverkataká á kvikmyndagerð. Stærst framleiðendur heims leika eftir þeirri forskrift sem þeim er gefin. Þar með mótast Peking áhrifamesta listreana og menningarlega miðil heims – kvikmyndir – langt út fyrir eigin landamæri.

PEN America berjast fyrir frjálsri tjáningu listamanna og almennum mannréttindum og eru hluti af alþjóðlegum samtökum rithöfunda, blaðamanna og annarra fulltrúa hins skrifaða og talaða orðs. Samtökin eiga retur í Bretlandi en tóku til

starfa í Bandaríkjunum árið 1922.

Frjáls tjáning út í horn

Fyrir marga er aðgangur að kínverska markaðinum mikilvægur og þar er kvikmyndaiðnaðurinn ekki undanskilinn. Forsenda þess að geta átt viðskipti innan landamæra Kína er að viðkomandi felli sig við

reglur stjórnvalda í Peking, ekki síst strangar reglur ritskoðunar. Á síðustu árum hafa forráðamenn kvikmyndaiðnaðarins lært leiðreglur og stunda nú sjálfsritskoðun. Forstjórar kvikmyndavera aðlaga handrit biómynda – söguþráð, samtal og umgjörð – að því sem þeir telja vera þóknanlegt kínverska kommúnistaflokknum. Val á leikurum má heldur ekki styggja ráðamenn í Peking.

Kvikmyndaiðnaðurinn í Hollywood hefur þannig sett frjálsa tjáningu út í horn. Oft er fulltrúur kínverskra ritskoðara boðin í kvikmyndaverin til að gefa ráð um hvernig standa skuli að verki til að tryggja að biómynd komist fyrir augu almennings í Kína.

Sjálfsritskoðun kvikmyndaiðnaðarins – flóttinn frá frjálsri tjáningu – hefur að mestu farið fram í kyrrþey. Og það er mikið í húfi fyrir bandarískan kvikmyndaiðnað.

Kínverski markaðurinn er stærsti markaður kvikmynda í heiminum. Á fyrsta ársfjórðungi 2018 fór Kína fram úr Bandaríkjunum í miðsölu kvikmyndahúsa. Í áætlun (gerð fyrir

» Sjálfsritskoðun kvikmyndaiðnaðarins – flóttinn frá frjálsri tjáningu – hefur að mestu farið fram í kyrrþey. Mikið er í húfi fyrir Hollywood.

kórónuveirufaraldurinn) var því spáð að heildartekjur kvikmyndahúsa verði um 15,5 milljarðar dala árið 2023. Á sama tíma er búist við að tekjur í Bandaríkjunum verði um 11,4 milljarðar. Uppgangur í kínverskri kvikmyndagerð og auknar vinsældir hafa aukin þrýsting á Hollywood og leitt til sífellt meiri sjálfsritskoðunar og opnað greiða leið fyrir ritskoðun kínverska kommúnistaflokksins.

Kysst á vöndinn

Sá tími er liðinn þegar Hollywood skipaði sér á bekk með baráttufólki fyrir almennum mannréttindum í Kína. Draumasmíðingur framleiðir ekki lengur myndir líkt og Sjó ár í Tibet með Brad Pitt í aðalhlutverki. Kundun leikstýrt af Martin Scorsese eða Red Corner þar sem Richard Gere fór með aðalhlutverkið. Myndir eru ádeila á mannréttindabrot kínverskra stjórnvalda, draga upp ógeðfella mynd af lögreglu og dömskerfi sem framfylgir aðeins stefnu stjórnvalda.

Engin þessara kvikmynda var sýnd í Kína en á þeim tíma skipti það litlu. Árið 1997 var kínverski markaðurinn svipaður og í Perú – hafði lítil áhrif á afkomu kvikmyndaveranna.

En fjótt skipast veður í lofti. Ári eftir að Kundun var frumsýnd átti Michael Eisner, forstjóri Disney sem framleiddi myndina, fund með Zhu Rongji, þáverandi forsætisráðherra Kína, til að ræða staekunaráform fyrirtækisins. Af því tilefni sagði Eisner um Kundun: „Slæmu fréttirnar eru þær að myndin var framleidd, góðu fréttirnar eru þær að enginn horfði á hana.“ Og forstjóri Disney lét ekki þar við sitja enda mikið undir, m.a. undirbúningur að Disney World í Shanghai. Hann bað kínversk stjórnvöld afsökunar og lofaði að fyrirtæki myndi ekkert gera í framtíðinni „sem móðgar vini okkar“.

Þrælslund Hollywood gagnvart kínverska kommúnistaflokknum birtist skýrlega í yfirlýsingu Jean-Jacques Annaud, leikstjóra Sjó ára í Tibet, um að hann hefði aldrei stutt sjálfsræðisbaráttu Tibeta og aldrei átt samskipti við Dalai Lama. Leikstjórnin lýsti því hátiðlega yfir að tillokað væri að hann yrði vinur sjálfstæðisshetju og trúarleiðtoga Tibeta. Allt er gert til að forðast „svartan lista“ yfir óeðlilega listamenn með sjálfstæðis skoðanir.

Í kreditlista Mulan, nýrrar kvikmyndar Disney-samsteypunnar (endurgerð samnefndrar teiknimyndar frá 1998), þakkar framleiðandinn kínverska áróðursráðuneytinu og öryggislögreglu í Xinjiang-héraði, þar sem myndin var tekin upp að hluta, sérstaklega fyrir veitta aðstoð. Í héraðinu hefur yfir ein milljón Úigúra verið sent í fangaðætur, sem stjórnvöld kalla aðlögunarbúðir, og tugir þúsunda hafa verið sendir brott til að vinna í verksmíðjum víða í Kína. Ófsökni

gagnvart Úigúrum – minnihlutahópi múslima – hafa staðið áratugum saman þar sem markvisst er stefnt að því að brjóta niður síði og venjur minnihlutahóps. Fangabúðir og nauðungarvinna – þrællun – eru léttvæg í hugum þeirra sem stýra áhrifamestu listgrein heims.

Sálin framseld

Eisner og Annaud eru ekki þeir einu í draumaborginni sem kyssta ritskoðunarvöld kínverska kommúnistaflokksins. Það gera flestir en á því eru sem betur fer undantekningar. Quentin Tarantino lét ekki beygja sig. Richard Gere er á svörtum lista og bannfærður í Kína – stuðningur við sjálfstæðisbaráttu Tibeta er ein stærsta synd sem nokkur listamaður getur drýgt í augum ráðamanna í Peking.

Áhrif Peking-stjórnarinnar á kvikmyndagerð í Hollywood eru ekki einkamal forstjóra kvikmyndavera, leikstjóra, leikara og handritshöfundu. Með sköpun sinni hefur kvikmyndaborgin haft grófarleg áhrif á menningu og samfélag um allan heim. Í þeim efnum þekkir listin engin landamæri. Hollywood nær til milljarða manna sem standa í þeirri trú að í draumaborginni ráði frjáls tjáning fó. Hafi draumaborgin Hollywood einhvern tíma átt sál, þá er hún búin að framselja hana til kínverskra stjórnvalda í skiptum fyrir aðgang að stærsta markaði heims.

Og með þessa staðreynd í huga verðum við sem elskum kvikmyndir að fara ífbót.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Endurteknar staðhæfingar og staðreyndir

Eftir Óla Björn Kárasón



Óli Björn Kárasón

Sagan kennir að stundum næst árangur með því að endurtaka staðhæfingar aftur og aftur, líkt og um staðreyndir sé að ræða. Árangurinn ræðst ekki síst af því hversu viljugir fjölmildir eru til að draga hið rétta fram í dagsljósti, hvernig fræðimenn takast á við sýbilyu hinna sanntrúðu og hvort stjórnmálamenn hafa burði til að spyrna við fótum.

Í október 2012 fór fram þjóðaratkvæðislaus um tillögur stjórnlagaráðs (hér verður tilurð þess látin liggja á milli hluta) að frumvarpi til stjórnskipunarlaganna – stjórnskrárá. Samkvæmt skýrslum yfirkjörstjórna voru 236.903 kjósendur á kjörskrá og greiddu 115.980 manns atkvæði en þar af voru 1.493 atkvæði ógild. Kjörskón var þægilega 49%. Þetta er minnsta þátttaka í þjóðaratkvæðislausu í lýðveldisins sögunni. Til samanburðar var þátttaka í þjóðaratkvæðislausu 1944 líölega 98% og samþykktu 98,5% nýja stjórnskrárá lýðveldisins.

Í atkvæðislausunni 2012 voru sex spurningar lagðar fyrir kjósendur.

Fyrsta spurningin: „Vilt þú að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnskrárá?“ Rétt rúmlega 62% (um 31% þeirra sem voru á kjörskrá) svöruðu játan. Það var sem sagt ekki verið að greiða atkvæði eða taka afstöðu til „nýrrar stjórnskrárá“ sem stjórnlagáþing hafði samið, heldur leita eftir afstöðu kjósenda til þess hvort

tillögurnar ættu að liggja til grundvallar þeirri vinnu, sem Alþingi ber skylda til að sinna samkvæmt stjórnskrárá, þ.e. að móta og taka afstöðu til hugsanlegra breytinga á grunnlögum landsins. Þeirri skyldu geta þingmenn ekki út víst að eða komið sér undan.

„Ný stjórnskrá“ ekki til

„Ný stjórnskrá“ hefur því aldrei verið samþykkt í þjóðaratkvæðislausu. Hún er því ekki til. Að halda því fram að þjóðin hafi „valið“ sér nýja stjórnskrá er blekking sem vonandi á ekki rætur í öðru en misskilningi.

Leiða má rök að því að niðurstaða þjóðaratkvæðislausunnar hefði orðið önnur ef spurt hefði verið: „Vilt þú að tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnskipunarlaganna (stjórnskrárá) verði samþykktar?“

Hér er ekki hægt að fara ítarlega yfir það hversu illa var staðið að verki hjá ríkisstjórn sem vildi nýta efnahagslegar þrengingar í kjölfar bankahrunsins til að umbilta stjórnskrárá og ná fram pólitískum markmiðum.

„Þæptingulaust snerist atkvæðislausin því ekki um neitt,“ skrifði Sigurður Lindal, prófessor í lögum, í Fréttablaðið tveimur dögum eftir þjóðaratkvæðislausuna. Hann hélt því fram að atkvæðislausin hefði verið atkvæðislaus um „öfuburða plagg“ sem unnið hefði verið ánda sýndar lýðræðis „sem er víssastur vegur til að rækta jarðveg fyrir pólitíska spillingu“.

» Stjórnskrárá hefur fengið að þróast, ekki í takt við dægurflugur hagsmunahópa eða stjórnmálaflokka, heldur eftir yfirlegu og ítarlegar umræður.

Sigurður var á því að um væri að ræða tilraun til að draga athyglina frá raunverulegum vandamálum enda stutt til kosninga.

„Forsætisráðherra lýsti því í Silfri Egils í gær að afgreiðsla endurskoðaðs stjórnskráráfrumvarps yrði látin hafa algeran forgang á Alþingi og önnur mál lätin bíða ef tími reynist öngur. Þeirri hugsun verður nú varla varizt að með þessu sé verið að draga athyglina frá raunverulegum vandamálum, einkum atvinnuámlum og skuldamálum heimila og fyrirtækja, enda skammt til kosninga. Og þá er spurningin hvort Alþingi standi í hlýni við forsætisráðherra eða taki sjálft frumkvæði að því að taka á þeim vanda sem helzt brennur á þjóðinni.“

Dæmi um misnotkun

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafraeði, var þingorður á fundi 9. nóvember 2012 í Háskóla Íslands um stöðuna í stjórnskrárárvinnunni: „Þjóðaratkvæðislausin, í þessu tilviki, er að mínu viti gott dæmi um misnotkun á þjóðaratkvæðislausu þar sem þú heldur þjóðaratkvæðislausu áður en hin efnislega umræða hefur farið fram og reynir síðan að nota niðurstöðurnar til að þagga niður umræðuna.“

Í erindi sínu hélt Gunnar Helgi því fram að vel unnin skoðana-könnun hefði getað reynst gagnlegri en þjóðaratkvæðislausin:

„Ef það sem menn vildu fá fram voru skýrar upplýsingar um hvað kjósendur væru að hugsa þá hefði í báðum þessum tilvikum góð og vönduð skoðanakönnun verið mun árangursríkari aðferð til þess að afla þeirra upplýsinga.“

Á sama fundi var Björg Thorarensen, prófessor í stjórnskipunararétti við lagadeild Háskóla Íslands, skýr:

„Það er ekki búið að fara efnislega yfir tillögurnar hjá löggjafanum og þingmenn hafa þá skyldu samkvæmt stjórnskrárá að ræða þær efnislega. Síðan er rétti stjórnskipulegi farvegurinn að bera þetta undir þjóðina þegar búið er að vinna málið á þinginu.“

Tilraunastarfsemi með stjórnskrárá

Viku eftir fundinn í Háskóla Íslands lagði meirihluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar fram frumvarp stjórnlagaráðs með nokkrum breytingum. Atli Gíslason, hæstaréttarlögmaður og þá þingmaður sem hafði sagt skilið við ríkisstjórnina, gaf frumvarpinu falleikunni í nefndarálit. Frumvarpið væri „öfuburða plagg sem er langt frá því að vera tækt til 2. umræðu á Alþingi“. Ekki væri tekið tillit til „varnadarorda sérfræðinga á sviði stjórnskipunararéttar“ og ekkert heldidarmat hefði farið fram „þótt ítrekað hafi verið eftir því kallað af hálfu minni hluta nefndarinnar og fjölda sérfræðinga sem um málið hafa fjallað, bæði á nefndarfundum og úti í samfélaginu“. Atli benti á að fjöladmörög „stór alitámál“ blöstu við og hefðu síst skýrst í vinnu nefnd-

arinnar. Hann hafnaði „algjörlega þessum vinnubrögðum meiri hlutans“ og sagði „löngu tímabært að látið verði af þessari tilraunastarfsemi með stjórnskrárá lýðveldisins“.

Dómur Atla líkt og margra annarra var skýr en þungur. Frumvarpið stóðnaði og kom ekki til atkvæðislausu við 2. umræðu.

Breytingar í sátt

Formenn þeirra stjórnmálaflokka sem eiga fulltrúa á Alþingi hafa átt fundi frá upphafi árs 2018 um hugsanlegar stjórnskrárbreytingar. Verkstjórnin er í höndum forsætisráðherra sem í lok júní sl. birti í samráðsgátt drög að frumvarpi. Alls bárust 215 umsagnir um frumvarpsdrögin en tekið er fram að formennirnir hafi ekki undirgengist skuldbindingu í þessum efnum.

Með þessu vinnulagi hefur forsætisráðherra lagt drög að því að tryggja að breið sátt náist um breytingar á æstu réttarheimild þjóðarinnar sem er yfir önnur lög hafin. Þannig er víðurkennt hve nauðsynleg það er að umfangast stjórnskrárá af virðingum, vinnu að nauðsynlegum breytingum af yfirvegum og tryggja almennan stuðning. Með slíkum vinnubrögðum hefur stjórnskrárá lýðveldisins fengið að þróast, ekki í takt við dægurflugur einstakra hagsmunahópa eða stjórnmálaflokka, heldur eftir yfirlegu og ítarlegar umræður. Af 79 efnisgreinum stjórnskrárárinnar hefur 45 verið breytt eða þeim bætt við. Og stjórnskrárárinnar hefur lagt traustan grunn undir ríkisstjórn laga en ekki manna, þar sem grunngildi mannréttinda og einstaklingsfrélsa eru tryggð.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Utan aga opinberrar umræðu

Eftir Óls Björn Káráson

Engin mannanna verk eru fullkomin en sum eru betri en önnur, jafnvel miklu betri. Mörg eru svo gölluð að þau eru illa nothæf en engu að síður er hausn- unum barið við steininn og „kerfið“ neitar að henda þeim á haugana.



Óli Björn Káráson

Ég hef lengi verið sannfærður um að fyrirkomulag við skipan dómara eigi að vera opið og mynda jarðveg fyrir verkæðum um dómstóla, dómaframkvæm og ekki síst um bakgrunn og fræðilega þekkingu þeirra sem sækjast eftir dómaraástöðum. Engin frjáls þjóð getur afhent örfáum einstaklingum vald til að skipa dómara – allra síst eftir þeir þurfa aldrei að standa skil gjörða sinna gagnavart almenningi. Andlitlausir valdamenn án ábyrgðar og utan aga opinberrar umræðu, mega því aldrei fá skipun- arvaldið. Með því verður til „sjálfsval vitringanna“.

Nýr dómari tilnefndur

Fyrir nokkrum dögum tilnefndi Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, konu til Hæstaréttar landsins í stað Ruth Bader Ginsburg sem lést 18. september síðastliðinn. Ginsburg hafði setið í Hæstarétti frá 1993 en Bill Clinton, fyrrverandi forseti, tilnefndi hana til starfa. Hún var önnur konan til að taka sæti í réttinum og varð áhrifamikill dómari sem naut virðingar innan sem utan réttarins.

Hér verða deilur um tilnefninguna látnar liggja á milli hluta. Forsetinn

og félagar hans í Repúblikanaflokknum hafa verið gagnrýndir af andstæðingum fyrir að knýja skipan dómara við Hæstarétt í gegn nokkrum vikum fyrir kosningar. Þær deilur endurspeglar pólitísk áttök í aðdraganda forsetakosninga, sem eru eftir til vill djúpstæðari en áður vegna aukinnar „pólariseringar“ bandarískis samfélags.

Fyrir leikmann er hins vegar áhugavert að fylgjast með skipan dómara við ræstu dómstóla í Bandaríkjunum. Nokkrum dögum eftir tilnefninguna veit ég líklega meira um Amy Coney Barrett en flesta (ef ekki alla) íslenska dómara við Hæstarétt og Landsrétt (að ekki sé talað um héraðsdómara).

Úr smíðu Scalia

Amy Coney Barrett er 48 ára gömul, sjö barna móðir. Tvö barna hennar eru ættleidd og eitt er með þroskahömlun. Frá 2017 hefur hún verið dómari við umdæmisdómstól- in í Chicago. Hún var áður prófessor í lögum við Notre Dame- háskólann og er sérfræðingur í stjórnskipunarregli. Sem kennari var hún vinsæl meðal nemenda og naut virðingar þeirra óháð pólitísk- um skoðunum þeirra. Eiginmaður hennar er Jesse M. Barrett, sem einnig er lögfræðingur, var saksóknari en er starfandi lögmaður og prófessor við Notre Dame og kennir refsirétt.

Frá 1998 til 1999 var Amy aðstoðarkona Antonin Scalia hæstaréttar-

dómara sem lést árið 2016. Scalia var áhrifamikill dómari og lögspek- ingur sem hafði mikil áhrif á Amy sem segist sækja í smíðu hans. Scalia var fremstur þeirra sem telja að lögskýringum eigi að segja það sem lögin þýða og túlka það sem þau segja. Það sé ekki hlutverk dómstóla að setja lög, heldur túlka þau. Þer- sönuleg viðhorf dómara geti þar aldrei leikið hlutverk.

Árið 2008 hélt Antonin Scalia er- indi í Háskóla Íslands. Af því tilefni skrifaði Jón Steinar Gunnlaugsson, þá dómari við Hæstarétt Íslands, um hugmyndir kollega síns í tímarit- ið Þjódmál. Rætur skoðana Jóns Steinars og Scalia liggja í sama jarð- vegi lögræðinnar. Bæði menn text- ans og orðskýringu. Hafna kenning- um þeirra sem halda fram svonefndum „lifandi“ eða „fram- sæknum“ skýringum á stjórnarskrá. Dómstólum sé ekki heimilt að telja að efni stjórnarskrár breysti frá einum tíma til annars í því skyni að uppfylla kröfur tíðarandans, eins og meirihluti manna skynji á hverjum tíma. Með því væru dómstólar að taka sér vald sem þeir hafa ekki.

Kona textans

Jón Steinar lýsti viðhorfi Scalia og þar með sínum eigin til stjórnarskrár og til valdsviðs dómara: „Stjórnarskrá sé ætlað að veita borgurinum vernd gegn misbeiting- um opinberra valds, þar með af hálfu þeirra sem fara með meiri- hlutavald á hverjum tíma. Það sé andstætt þessum tilgangi hennar að telja að dómstólar megji breyta merkingu ákvæða stjórnarskrár- innar eftir því hvernig vindar blási. Með því að beita slíkum aðferðum í

» Í samanburði við ferlið við skipan hæstaréttardómara í Bandaríkjunum er skipan íslenskra dómara hulin ákveðnum leyndarhjúp.

dómsýslunni séu menn í raun og veru að vinna á þeirri vernd sem í stjórnarskránni felist, því þar séu borgararnir einmitt verndaðir gegn ríkjandi meirihluta hvers tíma. Það sé líka hlutverk lýðræðislega kjör- inna fulltrúa en ekki æviskipaðra dómara að breyta gildandi reglum. Til þess hafi þeir ekki umboð. Í reynd sé starfsemi þessara „aktífu“ dómara andlýðræðisleg, því þeir þurfi ekki að standa þjóðinni nein reikningsskil á meðferð sinni á því valdi sem þeir hafi tekið sér með þessum hætti.“

Amy Coney Barrett er kona text- ans og orðskýringanna með sama hætti og lærifaðir hennar. Fyrir vik- ið liggur hún undir áðöskunum um að vera fulltrúi thaldssamra viðhorfa. Hvort ætli þjóni frjálsum borgurum betur; að dómsvaldið sveifliti í takt við tíðarandann og vilja meirihlutans eða túli lögin þannig að þau þýði þar sem þau segja? „Dómari verður að framfylgja texta laganna. Dóm- arar setja ekki lög og þeir verða að láta persónuleg sjónarmið vika við úrlausn mála,“ sagði Barrett meðal annars þegar tilkynnt var um til- nefningu hennar.

Óháð deilum um „lifandi lögskýr- ingar“, lagasetningarvald dómstóla,

stranga túlkun textans og orðskýr- inga, þarf Barrett að koma fyrir laganefnd öldungadeildarinnar. Allir geta fylgst með „yfirheyrslu“ þing- manna yfir dómaraefninu. Meiri- hluti öldungadeildarinnar þarf síðan að staðfesta skipan hennar í Hæsta- rétt.

Andlitlausir nefndarmenn

Í samanburði við ferlið við skipan hæstaréttardómara í Bandarík- unum er skipan íslenskra dómara hulin ákveðnum leyndarhjúp. Í raun hefur skipunarvaldið verið falíð hópi sérfræðinga sem vegna og meta hvern þann sem sækist eftir emb- ætti. Hæfisefndir andlitlausra ein- staklinga, sem sækja ekki umboð sitt til almennings og standa honum því engin reikningsskil, leggur lin- urnar.

Fáir hafa hagsmuni af því að tor- trygging niðurstöður nefndarinnar (nema þá þeir sem ekki hljóta náð fyrir augum nefndarmanna). Fjöl- miolar líta ekki niðurstöður nefnd- aranna gagnrýnslegum, en gefa sér að allt sé byggt á „faglegu áliti“. Fræðasamfélag lögræðinga heldur sér til hlés. Pólitískt aðhald er ekkert. Agi sem fylgir opinberri um- ræðu er enginn. Niðurstaðan er sú að fáir utan þróngs höps lögræð- inga þekkjá þá sem að lokum eru skipaðir dómamar. Sjálfsval heldur áfram.

Hvort ætli þjóni réttarríkinu og frelsi borgaranna betur, að skipa dómara bak við luktur dyr eða undir kastljósi almennings, fræða- samfélagsins og fjölmíðla?

Höfundur er alþingismaður Sjálfs- stæðisflokksins.

Það skiptir máli hver er við stýrið

7. október

Eftir Óla Björn Káráson

Kannski er það ósannjarnat að halda því fram að umræða um stefnuvæðu forsetis- riðherra í líðinni viku hafi verið leiðinleg. Vonandi höfðu ein- hverjir nokkra skemmtun af henni. En hafi einhverjir beðið spennití eftir að fá skýra sýn á stefnu stjórnarandstöðunnar, ekki síst í glímunni við efnahagslegar þreng-ingar vegna kórónuveirunnar, hefur sá hinn sami orðið fyrir vonbrigðum. Ekkert nýtt, aðeins gömul uppfærð handrit og innihaldslausa slagorð. Leikurinn var endurtekinn síðasta mánuð þegar fyrsta umræða um fjárlög komandi árs fór fram.



Óli Björn Káráson

Þegar staðið er frammi fyrir mik- lum sanddrætti – þar sem verðmæti þjóðarframleiðslunnar dregst veru- lega saman – reynir á ríkisstjórn, stjórnarflokk og stjórnarandstöðu. Ríkisstjórn undir forystu Samfylk- ingarinnar valdi leið niðurskurðar og hærri skatta þegar tekið var á við djúpstæða kreppu í kjölfar falls bank- ana. Allir þekkjá hvaða afleiðingar sú stefna hafði. Eldri borgarar og öryrkjar, heilbrigðiskerfið og mennta- kerfið fundu mest fyrir hnif nið- urskurðar. Fjárfestingar voru frýstar. Það var í raun skráfá fyrir stúfnefni efnahagslífsins.

Tekió utan um samfélagið

Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur tekið á við erfðaleikana með allt öð- rum hætti. Þrátt fyrir samdrátt aukst útgjöld á komandi ári, fjárfestingar eru stórauknar og skattar lækkaðir. Sem sagt: Í stað þess að minnka sú- refnið er það aukð hressilega. Þannig er viðnámpróttur heimila og fyr-irtækja aukinn.

Þjarni Benediktsson fjármála- ráðherra var skýr í þessum efnum í umræðum um stefnuvæðu forsetis- ráðherra. Loford ríkisstjórnarinnar sé að gera meira en minna: „Það er mikilvægt að taka þannig

utan um samfélagið, bæði fólk og fyrirtæki, að þau komist hratt á fæturna aftur þegar glaðnar til. Að við töp- um ekki verðmætum að öðruft, að hjarta líf- venlegrar starfsemi geti haldið áfram að slá. Án atvinnulífsins ver- ur engin viðsýrni. Án atvinnulífsins eru engin störf, hvorki núna né til að snúa aftur í. Þess vegna er mikilvægt að við gerum núna það sem hægt er að gera til að milda áfallið og stytta at- rennuna að næsta hagvaxtarsteiði. Það er okkur öllum því lífs- nauðsynlegt að atvinnustarfsmin- taki aftur við sér. Þeir sem gera lítið úr vanda atvinnulífsins eða telja rangt af stjórnvöldum að standa með fjartækjum skilja einfaldlega ekki þetta mikilvaga samband milli þess að sköpuð sé verðmæti í einkageir- anum og lífskjara okkar allra.“

Fjárlög og stefna í ríkisfjármálum er töluverð fjárfestingarlísi, ekki síst í samsteyptustjórn þriggja öðlra flokka. Auðvitað er margt sem sá er hér ritar hefði viljað sjá með öðrum hætti, ekki síst þegar kemur að tekju- öflunarkerfi ríkisins og skipulagi ríkis- rekstrar. En heildarmyndin er skýr. Góð staða ríkissjóðs er nýtt til að bregðast kröftuglega við sam- drætti efnahagslífsins vegna kór- ónuveirunnar.

34 milljónum legri skattar

Þeim sem eru óþolinmóðir finnst oft ganga hægt að létta skattþyrfi launafólks og fyrirtækja. Oft er varn- arbaráttan erfð. Ríkisstjórnin hefur hins vegar fylgt þeirri skýru stefnu að auka ríðstöfunartekjur almenn- ings (ekki síst þeirra lægst launuðu) og styrkja samkeppnisstöðu atvinnu- lífsins. Þannig lekka álögur var- anlega á komandi ári um 34 milljarða króna. Hlutfall skatttekna og trygg- ingagjalds af vergri landsframleiðslu hefur lækkað hressilega á kjör- tímabiliinu eins og sést á meðfylgjandi mynd.

Mest munar um þær skattkerfis-



» Álögur lækka varanlega á komandi ári um 34 milljarða. Hlutfall skatttekna og tryggingagjalds af vergri landsframleiðslu hefur lækkað hressilega.

breytingar sem gerðar hafa verið á tekjuskattkerfi einstaklinga sem kemur að fullu til framkvæmda í byrjun komandi árs. Breytingarnar tryggja 21 milljarða króna leikkun tekjuskatts á ári auk tveggja milljarða sérstakrar leikkunar persónu- aflsáttar á síðasta ári. Leikkunin kemur fyrst og fremst þeim tekju- lægri til góða og munu ríðstöfunar- tekjur þeirra aukast um rúmlega 120 þúsund krónur á ári.

Alls nemur leikkun trygginga- gjalds um átta milljónum á ári en stefnt er að enn frekari leikkun (tíma- bundinni) til að mæta áhrifum sam- ingsbundinna launahækkana á al- mennum vinnurmarkaði. Leikkun er áætluð um fjóru milljarða sem þýði- r á tryggingagjöld á komandi ári verður um 12 milljónum lægra en það hefði orðið að óbreyttu. Áhrif sjálfvirkra sveifluþjöfnar á tekjur ríkisins eru mikil en auk þess hafa stjórnvöld lækkað álögur um rúma 17 milljarða með beinum að-

gerðum. Þar vegur full endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu við íbúðarhúsnæði þungt.

Gleði hinna óþolinmóðu

Það er sérstaklega ánægjulegt að stefnt er að því að stíga fyrsta skref í að lækka erfðafjárskatt með því að hækka frítekkjarnar úr 1,5 milljónum í fimm milljónir króna. Þessi lækkun gagnast hlutfallslega best eignaminni búum. Leikkun er í anda frumvarps þingmanna Sjálfstæðisflokksins um lækkun þessa óréttláta skatts, ekki síst á eignir launafólks. Fjármála- ráðherra hefur einnig boðað um tveggja milljarða leikkun á fjár- magntekjuskatti með endurskoðun á skattstofni. Útferðslan liggur ekki fyrir, en hún skiptir miklu.

Með því að auka skattalega hvata fyrirtækja og einstaklinga verður styrki stöðum rennt undir starf- semi almannaheillafélaga. Þannig stýttist í að gamall draumur þess er hér skrifar og margra annarra rættist. Gert er ráð fyrir að vegna þessa verði „tektjutap“ ríkissjóðs á næsta ári um 2,1 milljarður.

Og við þessi óþolinmóðu getum ekki annað en glaðst yfir að ríkis- stjórnin stefni að því að innleiða skattalega hvata til að örva þátttöku almennings í atvinnulífinu með kaup- um á hlutabréfum. Þetta er í sam- ræmi við frumvarp sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins lögðu fram á síð- asta ári um skattafrádráttir vegna

hlutabréfakaupa. Auknar ívilnanir (hvatar) vegna reissóknar og þróun- ar eru af sama meinið og gert er ráð fyrir að þær hækki í sjö milljarða á komandi ári. Áætluð framlög til ný- sköpunarmála eru 25 milljarðar sem er einn milljarði hækkan milli ára.

Súrefnið er ekki aðeins aukð með lægri álögum verður fjárfest- ing ríkisins á komandi ári í sögulegu hámarki eða um 111 milljarðar króna. Stærsta einstaka fjárfestingarverk- efnið er bygging nýs Landspítala. Í greinarorð fjárlagafrumvarpsins er bent á að framlög til ýmissa fjárfest- inga aukist um ríflega 36 milljarða frá fjárlögum yfirstandandi árs. „Auk- ning á milli ára skýrist að miklu leyti af mótvægisráðstöfunum ríkisstjórn- arinnar og þeirri stefnuvæðingum stjórnvalda að stýðja við hagkerfið þar til atvinnulífið hefur tekið við sér, m.a. með sérstöku fjárfestingaáttaki í innviðum, hugviti og þekkingu.“

Stundum þakkar maður fyrir

Um 60% af útgjöldum ríkissjóðs er varið til velferðar, heilbrigðis- og menntamála. Á nær öllum sviðum verða útgjöld aukin, þrátt fyrir erfða- stöðu. Þannig hækka framlög til heil- brigðisamála á næsta ári um ríflega 15 milljarða að frítöldum launa- og verðlagsbreytingum. Um 10,5 milljarða hækkan verður á framlagi til málefna aldrröna og öryrkja sam- kvæmt fjárlagafrumvarpinu og gert er ráð fyrir að útgjöld vegna mennta- og menningarmála hækki um tæpa sex milljarða.

Ríkisstjórnin er sem sagt að beita ríkisfjármálumum og andvefna heim- ilum og fyrirtækjum að veita við- sýrni á erfðum tímum og gera þeim kleift að gripa tekjeferir til upp- byggingar á náinni framtíð. Sundruð stjórnarandstaða leggur lítið til ann- að en upplöðunarkað loforða þar sem lykilorðin eru: aukin útgjöld, hærri skattar og fjölgun opinberra starfa.

Oft þakkar maður fyrir hverjir stjta ekki við stýrið.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Pólitískt ofbeldi og óþol

Eftir Óla Björn Kárasón



Óli Björn Kárasón

Þráðurinn verður stöðugt styttrir. Umburðarlyndi og þolinmæði eiga í vök að verjast. Stjórnmalámenning og fjölmiðlámenn fella dóma yfir mönnum og málefnum án þess að hika. Tungutakið er harðara en áður, stundum ofsafengið og svíróðlegt. Hjólað er af hörku í einstaklinga sem varpa fram öðrum sjónarmiðum – hafa aðra sýn á hlutina. Samfélag samtímans refsar umsvifalaust. Lítil drengurinn sem af hreinskilni benti á að keisarinn væri ekki í neinum fótum hefði verið smáandur á samfélagsmiðlum. Óþol samtímans veitir fáum gríð.

Pegar ráðherra kemst klaufalega að orði nýta samverkamenn í öðrum ríkisstjórnarflokki tækifærið og ráðast á hann með ósvifni þess sem óttast dapurt gengi þegar innan við eitt ár er í kosningar. Útúrsmínungur og orðhengilsháttur yfirtekur drengskap og lítið er gefið fyrir samvinnu og traust ólíkra flokka sem standa að ríkisstjórn á erfíðum tímum. Pólitískur hráskinnaleikur tekur yfir orðræðuna líkt og oft gerist þegar stjórnmálamenn litilla sanda og litilla sæva reyna að gera sig gildandi á kostnað annarra.

Pingmaður, sem leyfir sér að efast opinberlega um hertar aðgerðir þar sem gengið er freklega á borgaraleg réttindi í alvarlegri baráttu við kórónuveiruna, fær það óþvegið á samfélagsmiðlum, í fjölmiðlum og tölvu-póstum. Innan heilbrigðisráðgjafans spila sumir undir. Þingmanninn eru gerðar upp skoðanir og hann sakast um mannfyrirlitningu og skort á samkennd. Þó gerði hann ekki ann-

að en spurja spurninga og benda á að hertar aðgerðir, þar sem viðskiptalíf er að stórum hluta lamað, hafi afleiðingar sem nauðsynlegt sé að ræða. Afleiðingar fyrir almenna heilsu þjóðarinnar en ekki síður fyrir velferðarkerfið allt geti orðið alvarlegar, þar sem hægt og bitandi er dregið úr sameiginlegum þrótt okkar (ríkisjóði) til að standa undir öflugum heilbrigðiskerfi, menntakerfi og almannatryggingum.

Eitrar samskipti fólks

Dæmin um dómhórkuna eru miklu fleiri. Umburðarlyndi hefur farið þverrandi á síðustu árum og þar hefur kórónuveiran ekki leikið hlutverk. En við Íslendingar erum ekki einir í glímunni við óþol gagnvart þeim sem eru á annarri skoðun. Óþolinmæði og forðómar sundra samfélögum, eitra samskipti fólks og grafa undan lýðræði.

Lýðræðið hvílir á mörgum hornsteinum. Málfrelsi þar sem ólíkar skoðanir takast á er einn þessara steina. Friðsamleg stjórnarskipti að loknum opnum og frjálsum kosningum er annar hornsteinn.

Í Bandaríkjunum er stöðugt grafið undan þeim báðum og þannig verður sífellt hættulegra að tapa kosningum. Á þetta benti John Cochrane, hafgræðingur við Hoover-stofnunina við Stanfórd-háskólann og áður prófessor við Háskólann í Chicago, á blogg-síðu sinni í september. Hæfileikinn til að setta sig við niðurstöðu kosninga sé að hverfa, hefðbundin viðmið í samskiptum hafa verið brotin niður.

Pegar tæpur mánuður er til forsetakosninga er ástæða til að bera nokkurn kvíðþoga

Hjólað er af hörku í einstaklinga sem varpa fram öðrum sjónarmiðum – hafa aðra sýn á hlutina. Samfélag samtímans refsar umsvifalaust.

fyrir því hvernig brugðist verður við úrslitunum. Sundrung samfélagsins í Bandaríkjunum birtist á hverjum degi og hefur m.a. myndað farveg fyrir nýja tegund stjórnmála „réttláta ógnun“ [righteous intimidation] – þar sem samfélögum er skipt í fórnarlömb og kúgara. (Um þetta fjallaði ég hér í grein 9. september sl.). Vandinn er hins vegar djúpstæðari. Kannanir benda til að sífellt fleiri kjósendur – jafnt demókratar sem repúblikanar – telji að það geti verið réttlætlanlegt að beita ofbeldi til að ná fram pólitískum markmiðum.

Og hvernig má annað vera þegar pólitískir andstæðingar virða hver annan lítils? Árið 2018 leiddi könnun vefritsins Axios í ljós að 21% demókrata taldi repúblikana vera illa innrætta og 54% sögðu þá fráfróða. Um 23% repúblikana voru á því að demókratar væru vont fólk og 49% væru fávís.

Í sameiginlegri grein sem birtist í vefritinu Politico 1. október ljúsa fimm víðurkenndir fræðimenn við háskóla og rannsóknastofnanir yfir þungum áhyggjum yfir þróun síðustu ára – auknum vilja til að réttlæta ofbeldi sem leið til að ná sínu fram í stjórnmálum. Í upphafi benda þeir á að framþjóðandi repúblikana (Donald Trump) hafi í kappræðum nokkrum dögum áður lýst yfir áhyggjum af ofbeldisöldu sem ríður yfir margar borgir Bandaríkjanna –

ofbeldi sem sé rúnnið undan rifjum vinstri manna. Forsetaframbjóðandi demókrata (Joe Biden) hafði einnig áhyggjur – af ofbeldi hægrifögumanna. Báðir framþjóðendurnir hafa ríft fyrir sér en virðast ekki hafa pólitiska burði til að takast á við þá hættu sem lýðræðinu stafar af ofbeldinu.

Ábyrgð forystumanna í stjórnmálum

Kannanir fræðimanna sýna að ástæða er til að hafa áhyggjur. Fari allt að versta vanda Bandaríkin frammi fyrir mestu krísu í 150 ár, ekki síst ef úrslit kosninganna verða ekki skýr eða ef annar framþjóðandinn dregur niðurstöðu þeirra með einhverjum hætti í efa. Það geti leitt til óeirða og ofbeldis um allt land. Um einn af hverjum fjögurum demókrötum og repúblikönnum segir að það geti verið réttmætt ef framþjóðandi þeirra tapar í komandi kosningum.

Margir telja að þróunin í Bandaríkjunum samtíms eigi sér hlöðstæða með sögu Evrópu á þriðja og fjórða áratug liðinnar aldar. Þá varð hófsemdarfólk undir þegar öfgar og ofbeldi tóku yfir og tóku öll gildi lýðræðis úr sambandi. Afleiðingarnar þekkja allir.

Öllum sem hafa tekið að sér forystu í lýðræðisríki – í sveitarstjórn, stjórnmálaflokkum, á þingi og ríkisstjórn – ber skylda til þess að fordæma hvers konar ofbeldi, jafnt ofbeldi pólitískra andstæðinga og eigin stuðningsmanna. Stjórnmalámenning bera öðrum fremur ábyrgð á því að standa vörð um grunn-gildi lýðræðis, ekki síst að allir geti tekið þátt í frjálsum kosningum og að niðurstöður þeirra séu virtar. Fram til þessa hafa forsetaframbjóðendur demókrata og repúblikana ekki skilið eða forðast að axla þessa ábyrgð.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Eftirlitið finnur sér ís-verkefni

Eftir Óla Björn Kárasón



Óli Björn Kárasón

Eins og líklegast flestum Íslendingum finnst mér ís góður. Þess vegna geri ég mér gjarnan ferð út í ísbúð. Og aldrei hefur úrvalið verið meira. Það er eiginlega allt til. Bragðteygundirnir eru næstum óteljandi. Fyrir þann sem alinn var upp við vanillus

(trjóma) er erfitt til að ná utan um fjölbreytnina eða skilja þá miklu hugmyndaaugi sem framtaksfólk sýnir í framleiðslu.

En lífandi samkeppni þar sem neytendur hafa fengið að njóta fjölbreytileikans hefur vakið athygli opinberra eftirlitsaðila. Þess vegna var talið nauðsynlegt að rannsakastarfsemi ísbúða – það hlýti að vera þótt brotin í starfsemi þeirra og því aðkallandi að gripa til ráðstafana og sekta til að verja saklausa neytendur.

Í júní síðastliðnum lét Neytendastofa til skarar skríða. Gerð var könnun á sölustöðum og vefsíðum í ísverslanu. Opinberir eftirlitsmenn mættu á staðin til að rannsakast hvert „verðskrá yfir þjónustuliði væri sýnileg á sölustað, sbr. ákvæði laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og hvort veittar væru upplýsingar um þjónustuveitanda, sbr. ákvæði laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, á vefsíðu“.

20 þúsund króna dagsekt

Samkvæmt vefsíðu Neytendastofu var niðurstaðan:

Verðmerkingar og einingaverð við sölu á vörum var í öllum tilfellum í samræmi við lög og reglur. Skoðun á vefsíðum – fésbókarsíðum – „sýndi að á vefsíðunni vantaði upplýsingar um kenni-

tölu, virðisaukaskattsnúmer, opinbera skrá og leyfi þjónustuveitanda“. Þar sem engin ísbúðanna hafði sýnt viðbrögð ákvæði Neytendastofa að leggja 20 þúsund króna dagsektir á hvern og einn af hlutunum verður ekki kippt í liðinn innan tveggja vikna.

Óformleg „rannsókn“ þess sem hér heldur um penna, leiddi í ljós að ísbúðirnar hefðu orðið við tilmælum Neytenda, enda upplýsingar opinberar og aðgengilegar öllum t.d. á upplýsingasíðum ja.is. Fæstar búðanna stunda rafræn viðskipti a.m.k. ekki í gegnum fésbókarsíður sem eru fyrst og síðast til að koma á framfæri upplýsingum um verð, gírnilega matseðla og afgreiðslutíma. Rafræn viðskipti með ís eru eðli máls samkvæmt ýmsum annmörkum háð.

En Neytendastofa er á vaktinni eins og góðri barnföstru samir. Það er aukaatriði hvort ísbúðir bjóða góða vöru og þjónustu í virkri samkeppni sem neytendur njóta. Mestu skipti að þegar vafrað er um fés-

Erftitt er fyrir stjórn-mála- og embættismenn að feta hinn gullna meðalveg – setja skilvirkar leikreglur og þvelast ekki fyrir eðlilegum viðskiptum.

bókskráir ísbúðanna komi skýrt fram virðisaukaskattsnúmer og kennitala.

Endurskoðun á tilvist

Auðvitað eiga fyrirtæki að fara eftir settum lögum, jafnvel þeim sem gera lítið annað en íþyngja rekstrinum og verja ekki hag neytenda með neinum hætti. En eftirlitsaðili verður ekki aðeins að búa yfir góðri dómgreind og ganga fram af hófsemd, heldur vera þess fullviss að þegar þvingunum er beitt á grundvelli laga þá falli viðkomandi fyrirtæki án vafa undir þau lög.

Rannsókn Neytendastofu á ísbúðum er vísbending um að stofnunin hafi ágætt svigrúm til að sinna litlum og stórum verkefnum – sé ekki ofhlaðin verkefnum. Þegar svo er komið er skynsamlegt að endurskoða tilvist ríkisstofnunar. Mörg verkefna Neytendastofu eru betur komin hjá öðrum, s.s. Neytendastofnunum, önnur hjá Samkeppniseftirlitinu og jafnvel Háshæðis- og mannvirkjastofnun. Þannig er hægt að fækka barnföstrunum um eina.

Við erum samfélag sem byggir á

lögum – setjum ákveðnar leikreglur. Eftirlit með að leikreglunum sé fylgt er nauðsynlegt (það er hins vegar ekki náttúruleg mál að allt eftirlit eigi að vera á vegum opinberra stofnunar – ekki frekar en bifreiðaskoðun). Það hefur hins vegar reynst erfitt fyrir góðhjartaða stjórnmála- og embættismenn að feta hinn gullna meðalveg – setja einfaldar og skilvirkar leikreglur og þvelast ekki fyrir eðlilegum viðskiptum. Tilgangurinn er göfugur; að verja almenning gagnvart sjálfum sér og öðrum. Og til verður land barnföstrunnar sem er altumlykjandi í formi eftirlitsstofnana svo tryggt sé að einstaklingar og fyrirtæki fari að fyrirmælum og fari sér ekki að voða.

Ógöngur eftirlitskerfisins

Ríkisbarnsfóstran hefur því áhyggjur af öllu – ekki aðeins hvort virðisaukaskattsnúmer ísbúðar liggi kúpskrýrt fyrir. Á stundum er engu líkara en fóstran sé sannfærð um að almenningur hjáist af almennt heimsku, einstaklingar geti ekki borið ábyrgð á eigin lífi og fyrirtækjum sé ekki treystandi til að bjóða góða vöru og þjónustu á hagstæðu verði.

Hugmyndafræði barnföstrunnar og alþjóðleg samvinna barnföstra hefur krafist þess að framleiðendur smur- og hreinsiefna taki sérstaklega fram að leita þurfi til læknis, ef „efnið er drukkíð“. Skordýraeitir verður að merkja sérstaklega; taka fram að ekki megi geyma þá hjá matvælu og ekki nota eitrið á fleti þar sem matvæli eru unnin, mat-

búni eða þeirra neytt. Svo verður sérstaklega að taka fram að alls ekki megi „nota efnið á fólk og húsdýr“. Í þekkingu með rafmagnssög er með skýringamynd varað því að setja hendurnar fyrir sagarblaðið. Í leikfangabúðinni er Súperman-búningurinn merktur sérstaklega og tekið fram að þótt menn kleðist búningnum geti þeir ekki flogið. En á sama tíma eru merkingar margra matvæla annaðhvort illskiljanlegar og/eða ólæsilegar a.m.k. fyrir miðaldra karl án gleraugna og þó eru merkingarnar í samræmi við fyrirmæli. Ekkert af þessu er án kostnaðar.

Ég hef lengi verið sannfærður um að opinbert eftirlitskerfi hafi ratað í ógöngur, þótt margt sé þar gert sem er til fyrirmyndar. Það verður að stokka kerfið allt upp og ekki síst innleiða nýja hugsun. Við þurfum sterkar og öflugar eftirlitsstofnanir sem framfylgja settum reglum af heilbrigði skyngsemi og sinna leiðbeinandi hlutverki til að tryggja heilbrigði viðskiptafólksins og hagsmunir neytenda. Uppstokkunin kallar á sameiningu stofnana og útivistun verkefna þar sem við á. En um leið þarf löggjafinn að taka til hendinni og einfalda regluverkið. Við þá vinnu er nauðsynlegt að hafa í huga að leikreglur eru til að verja neytendur og fyrirtæki, en ekki til að byggja undir eftirlitsöðinn og þær fjölmörgu ríkisföstrur sem vilja allt faðma. Sá faðmur er ekki alltaf hlýr.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Að lama eða örva verðmætasköpun

Eftir Óla Björn Kárasón

Með aðgerðum, og á stundum aðgerðaleyssi, geta stjórnvöld ýmist örvað verðmætasköpun efnahagslífsins eða dregið verulega úr henni, jafnvel lamað. Enginn stjórnmaður er tilbúinn til að viðurkenna að hann vilji draga úr verðmætasköpun. Flestir ef ekki allir segjast leggja áherslu á að auka það sem er til skiptanna, nýta auðlegð til að styrkja samfélagið, byggja upp innviði og bæta lífskjör almennings.

Hér verður ekki farið út í ólíka sýn um hvernig markmiðinu um bætt lífskjör verður best náð. Ágreiningurinn er og verður alltaf til staðar. Tekist er á um verksvið hins opinbera, aukin eða minni útgjöld ríkisins, meðferð almannaþjárfólgu eða fækkun starfsmanna ríkis og sveitarfélaga, hærrí eða lægri skatta. Oft leiðir ágreiningurinn til þess að menn missa sjónar á verkefni sjálfru og festast í endalausri þrætu um hvernig eigi að skipta hjóðarkökunni í stað þess að beina kröftum sínum í að baka stærri köku.

Ekki án kostnaðar

Vonandi gerum við okkur öll hins vegar grein fyrir því að ekkert samfélag – skiptir engu hversu öflugt efnahagslífið er – fær staðist til lengri tíma ef komið er í veg fyrir efnahagslega starfsemi borgaranna – sköpun verðmæta. Engu að síður höfum við tekið þá ákvörðun í baráttu við hættulega veiru að draga úr verðmætasköpun – lama hluta viðskiptalífsins. Slíkt hefur verið talið réttlæt-anlegt í varnarbaráttu þar sem líf og heilsa almennings er aðalatriðið.

En baráttan er ekki án kostnaðar. Hluti kostnaðarinn er dulinn, verður illa metinn og kemur ekki fram fyrir en síðar. Við eigum erfitt með að átta okkur á hvaða áhrif veirufaraldurinn og efnahagslegar afleiðingar hans hafa á geðheilbrigði þjóðarinnar. Ákvörðun um að fresta svokölluðum valkvæðum aðgerðum á sjúkrahúsum er ekki án kostnaðar fyrir samfélagið og viðkomandi einstakling. Lokun líkamsræktarstöðva og skert starfsemi íþróttafélaga hefur neikvæð áhrif á líkamlegt og andlegt heilbrigði. Sú ákvörðun að nýta ekki krafta einkaframtaksins í heilbrigðiskerfinu á sama tíma og Landspítalinn ber hitann og þungann af því að sinna þeim sem veikjast í faraldrinum, er ekki aðeins óskiljanleg heldur kostnaðarsöm. Sá kostnaður er ekki aðeins beinn heldur ekki síður óbeinn í formi verri heilbrigðisþjónustu við þá sem þurfa á henni að halda. Lífsgæði þeirra minnka og það leiðir að líkindum til aukins kostnaðar í framtíðinni. Fórnbarkostnaðurinn er margvíslegur og borgaraleg réttindi eru í húfi.

Dregið úr bolmagni samfélagsins

Eftir því sem tíminn líður verður mikilvægara að stjórnvöld vegi og meti beinan og óbeinan kostnað sem fylgir varnaðgerðum gegn kórónuveirunni. Sá kostnaður verður ekki aðeins mældur í formi rúmlega 500 milljarða halla á ríkissjóði, né í þeim kostnaði sem viðskiptalíf verður fyrir eða aðurnefndum duldu kostnaði. Með því að veikja viðskiptahagkerfið með takmörkunum á athafnafrelsi er verið að draga úr bolmagni okkar sem samfélags að komast fljótt og vel út úr efnahagslegum þrengingum þegar birtir til.

Í apríl síðastliðnum skrifaði ég



Óli Björn Kárasón

meðal annars hér á síður Morgunblaðsins:

„Eitt mikilvægasta verkefni stjórnvalda er að verja framleiðslugetu hagkerfisins. Koma í veg fyrir að tímabundið fall í eftirspurn vegna heimsfaraldurs verði til þess að innviðir viðskiptahagkerfisins molni og verði að

» En baráttan gegn skæðri veiru er ekki án kostnaðar. Hluti kostnaðarinn er dulinn, verður illa metinn og kemur ekki fram fyrir en síðar.

engu. Byggingar, tæki, tól, fjármagn en ekki síst hugvit og þekking starfsmanna eru forsendur verðmætasköpunar í samfélaginu. Án verðmætasköpunar lamast heilbrigðiskerfið. Velferðar- og menntakerfi verður aðeins fjarlægur draumur. Verðmætasköpun stendur undir lífskjörum þjóða. Hvernig tekst til við að verja framleiðslugetuna ræður úrslitum um hversu fljótt og vel okkur Íslendingum tekst að vinna okkur upp úr djúpum efnahagslegum öldudal.“

Þyngri byrðar á suma

Við sem samfélag höfum lagt þyngri byrðar á herðar ákveðinna hópa samfélagsins en aðra. Eigendur og starfsmenn öldurhúsa og veitingastaða hafa þurft að sæta því að loka starfsemi að fullu eða að stórum hluta. Hárgreiðslu- og rakarastofur einnig, kvikmynd- og samkomuhúsum og ýmissi þjónustu, ekki síst á sviði heilbrigðisþjónustu, hefur verið skellt í lás í lengri eða skemmri tíma eða svo viðamiklar takmarkanir settar á starfsemi að hún getur aldrei staðið undir sér. Listamenn hafa ekki farið varhluta af skertu athafnafrelsi.

Það er því eðlilegt og sanngjarnt að komið sé til móts við þá sem í nafni almannaheilla hefur verið gert að draga verulega úr starfsemi sinni eða hætta henni tímabundið. Þetta hefur verið gert að hluta. Með tveimur frumvörpum fjármálaráðherra um styrki fyrir einyrkja og örfyrirtæki og lokunarstyrki til fyrirtækja er tekið stærra skref en áður til að jafna byrðarnar örliðið meira. Frumvörpin eru til meðferðar í efnahags- og viðskiptanefnd þingsins. Þau taka að líkindum einhverjum breytingum með hlöðsón af ábendingum sem fram hafa komið, ekki síst til að koma til móts við þau fyrirtæki sem hafa sætt verulegum takmörkunum en hefur ekki verið gert að skella öllu í lás. Vonandi ber Alþingi gæfu til að afgreiða bæði frumvörpin fyrir lok komandi viku.

Aðgerðir af þessu tagi eru ekki aðeins til að dreifa byrðunum (að hluta) heldur ekki síður til að verja framleiðslugetu viðskiptahagkerfisins. Tryggja innviðina, hugvitið, þekkinguna og framtaksþróttinn. Öflugt viðskiptahagkerfi er forsenda lífskjara – þar verða verðmætin til. Þessi einföldu sannindi verða aldrei ljósari en þegar tekst er á við efnahagslegar þrengingar og barist er við skæða veiru. Til lengri tíma lítið getur varnarbaráttan ekki falist í því að lama verðmætasköpunina heldur örva hana og tryggja þannig fjárhagslegan styrk til að takast á við verkefnið, jafnt í vörn og sókn.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Á bjargbrún hins lögmæta

Eftir Óla Björn Káráson



Óli Björn Káráson

Pvi er haldið fram á tínum neyðarástandi sé stjórnvöld um heimilt að gripa til þeirra aðgerða sem taldar eru nauðsynlegar. Ekki aðeins að þeim sé heimilt heldur beri þeim skylda til að gripa inn í daglegt líf almennings til að verja líf og heilsu. Í varnarbaráttu gegn hættulegum vágæsti sé stjórnvöldum frjálst að leggja ákvæði stjórnskipunarlaða til hlíðar og sniðganga hefðbundni ferli löggjafar sem er sögð of hægvirki og óskilvirki.

Ég get ekki annað en hafnað þessum sjónarmiðum. Þar er ég ekki einn. Um hitt verður ekki deilt að stjórnvöld bera skyldur til að bregðast við þegar samfélaginu er ógnáð. Til lengri tíma lítið skiptir meira máli að farið sé að meginreglum réttarríkisins og stjórnskrár en hvernig glímt er við aðsteðjandi hættu. Á þetta benti Sumption lögfróður (Jonathan Philip Chadwick Sumption), fyrrverandi dómari við hæstarétt Breta, í fyrirlestri við Cambridge-háskóla í síðustu viku. Í frjálsum landi sé sérstaklega mikilvægt að stjórnvöld á hverjum tíma virði grunnréttindi borgaranna og starfi innan þeirra valdmarka sem þeim eru mörkuð.

Fordæmi fyrir framtíðina

Sóttvornalög veita íslenskum stjórnvöldum ákvæða heimild til að gripa til aðgerða. Í upphafi covid-faraldursins var þeim heimildum beitt. Almennur og viðtækur stuðningur var við sóttvarnaaðgerðir í upphafi enda stóðu vonir til að þær væru tímabundnar. Þróun faraldursins hefur hins vegar orðið með öðrum og verri hætti.

Vonir sem vöknudu í sumar réttust ekki. Á síðustu vikum hafa heilbrigðisvirkir talið sig knúin til að herða aðgerðir og skerða athafna- og félagafrælsi borgaranna. Tíu mánuðir eru frá því að óvissustigi var lýst yfir vegna kórónuveirunnar hér á landi. Fyrir tæpum átta mánuðum voru fyrst settar takmarkanir á samkomur, framhalds- og háskólum var lokað og rektur leik- og grunnskóla takmarkaður.

Um það er deilt hversu víðtækar heimildir sóttvornalög veiti heilbrigðisvirkum til að skerða borgaraleg réttindi þegar barist er við vágæst sem ógnar lífi og heilsu. Og jafnvel þótt þær heimildir séu taldar rímur geta þær ekki gefið stjórnvöldum fullkomni vald til að gera það sem þau vilja – hefna frelsi fólks. Eftir því sem tíminn líður og þekking á eðli hættulegrar veiru eykst

» Hætta er á að óttinn geri okkur sljó í varðstöðunni fyrir borgaralegum réttindum – að við afhendum frelsið stjórnvöldum af fúsum og frjálsum vilja.

verða möguleikar stjórnvalda til að ganga á borgaraleg réttindi einstaklinga með tilvísun í sóttvornalög enn þrengri. Og ekki má gleyma hvaða fordæmi verið er að setja fyrir framtíðina.

Frelsi fólks og stjórnskrárvarin mannréttindi má ekki skerða nema yfstrustu nauðsyn beri til. Endurmat á sóttvornalögum er því brýnt. En það blasir einnig við að nauðsynlegt er að fram fari yfirvegað og nákvæmt áhættumat, ásamt kostnaðar- og ábatagreiðingu vegna aðgerða og ákvarðana stjórnvalda á hverjum tíma. Upplýsingar um áhrif sóttvarnaaðgerða á aðra starfsemi heilbrigðiskerfisins, og þar með á líf og heilsu landsmanna, verða að liggja fyrir. Innra samræmi í reglum verður að tryggja. Heilbrigðisvirkir verða til að fara fram í öllum sínum aðgerðum þannig að meðalhófs sé gætt.

Í grein hér í Morgunblaðinu 2. september síðastliðinn skrifaði ég meðal annars: „Rauði þráðurinn í hugmynda-

baráttu okkar hægrianna er mannhelgi einstaklingsins. Við lítum svo á að andlegt og efnahagslegt frelsi sé frumréttur hvers og eins. Virðing fyrir frumréttinum tryggir betur en nokkuð annað velsæld samfélaga. Þegar stjórnvöld telja nauðsynlegt að ganga á þennan frumrétt, þó ekki sé nema í takmarkaðan tíma í nafni almannaheilla, er nauðsynlegt að byggt sé á skýrum lagalegum grunni. Almennur verður að skilja rökinn sem liggja þar að baki og fá skýrar upplýsingar um hvæner og undir hvaða skilyrðum hömlum verður aflétt. Annars missa stjórnvöld trúverðuleika, samstada samfélagsins brestur og aðgerðir til varnar almennings snúast upp í andhverfu sína.“

Öryggi óttans

Öll þráum við öryggi. Flest setjum við traust okkar á stjórnvöld. Við lítum svo á að grunnskylda ríkisvaldsins sé að vernda borgarana gegn utanaðkomandi ógnunum, jafnt og ógnunum innanlands, tryggja eignarréttinn og frelsi til orðs og æðis. Í umboði okkar og í krafti þingráðs setur ríkisvaldið almennar leikreglur og ber ábyrgð á að þeim sé framfylgt.

Hætta er hins vegar sú að óttinn geri okkur sljó í varðstöðunni fyrir borgaralegum réttindum – að við afhendum frelsið af fúsum og frjálsum vilja – settum okkur við að mikilvæg borgaraleg réttindi séu lögð til hlíðar.

Í fyrrnefndum fyrirlestri bendir Sumption ávarðar á að óttinn sé og hafi verið öflugasta verkferi þeirra sem virða frelsi borgaranna lítills. Forræðishyggjan nærast á ótta. Í skugga óttans sé þess krafist að stjórnvöld gripri til aðgerða, sem sumar geta verið gagnlegar en aðrar skadlegar í leiðinni allra að verja líf og heilsu. Í þessum efnum sé ekki aðeins við stjórnvöld að sakast heldur ekki síður okkur sjálf. Frelsið verður fórnarlamb óttans og umburðarlyndi gagnvart ólíkum skoðunum hverfur.

Ég hef haft efasemdir um að heilbrigðisvirkir geti sótt rökstuðning í sóttvornalögum fyrir öllum sínum aðgerðum – óháð því hversu skynsamlegar þær kunna að vera. Í besta falli eru yfirvöld komin á bjargbrún hins lögmæta. Borgaraleg réttindi, sem eru varin í stjórnskrá, verða ekki afnumin tímabundið (og enginn veit hvað sá tími er langur) með reglugerðum og án nokkurs atbeina löggjafans eða undir ströngu eftirliti hans. En jafnvel Alþingi hefur verið lamað með sóttvarnaaðgerðum, sem dregur úr möguleikum þess að veita stjórnvöldum aðhald, spyrja spurninga og, ef þörf er á; setja heilbrigðisvirkir stólinn fyrir dyrnar. Og þannig molnar undan þingráðinu og ríkisstjórn reglugerða og tilskipana verður til. Slíkt getur aldrei orðið með samþykki Sjálfstæðisflokksins.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Hvað fáum við fyrir 70 milljarða?

Eftir Óla Björn Káráson



Óli Björn Káráson

Ég er nokkuð viss um að margir mótmæla þeirri fullvörðingu að ekkert ríkisfyrirtæki búi við minna aðhald og njóti meiri verndar en Ríkisútvarpið ohf. Vörnin sem umlykur ríkisfjölmiðlinn er sterk og gagnrýni er ekki vel séð. Jafnvel þegar bent er á augljós lögbrot fyrirtækisins situr opinber eftirlitsstofnun með hendur í skauti og reistur er pólitískur þagnarmúr aðdráenda ríkisrekstrar á fjölmiðlamarkaði. Það þurfti Ríkisendurskoðanda til að rjúfa múrinn.

Í umræðum um störf þingsins, í september 2018, vakti ég athygli á lögbroti Ríkisútvarpsins og sagði meðal annars:

„Stundum er leikurinn ójafn að öpörfu. Við höfum séð ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir hasla sér völl á nýjum sviðum í samkeppni við einkaaðila. Við verðum vitni að því að ríkisfyrirtæki fara ekki að lögum eins og ljóst er með Ríkisútvarpið sem fer ekki að lögum um Ríkisútvarpið, 4. gr., þar sem kemur skýrlega fram að Ríkisútvarpinu beri að stofna dótturfélag til þess að halda utan um samkeppnisreksturinn og skilja alfarið á milli almannaþjónustunnar og samkeppnisrekstrar. Í sumari þurftu sjálfstæðir fjölmiðlar að lifa við það að Ríkisútvarpið þurfaði upp auglýsingamarkaðinn. Við getum ekki metið það tjón sem einkareknir fjölmiðlar urðu

fyrir. Og við sjáum að Ríkisútvarpið muna er komið í samkeppni við einkaaðila við að leigja tækjabúnað og aðstöðu til kvikmynd- og sjónvarpsgerðar.“

Lögbrot ríkisfyrirtækisins hafði þá verið látið óátalið í rúma níu mánuði. Ekkert einkafyrirtæki og líklega ekkert ríkisfyrirtæki hefði komist upp með að víkja sér undan skýrum lagafyrirmælum með sama hætti og Ríkisútvarpið. Slík háttsemi hefði ekki aðeins kallað á umræður (og það líklega fjórugar) í þingsal, heldur hefði fréttaföla Ríkisútvarpsins fjallað farlega um meint lögbrot, krafið skýringa, úrbóta og að viðurlögum væri beitt.

EKKI VALKVÆTT

Rúmlaga ári síðar, eða í nóvember 2019, gaf Ríkisendurskoðandi út skýrslu um rektur og aðgreiningu rekstrarþátta Ríkisútvarpsins. Niðurstaðan í stuttu máli: „Ríkisendurskoðandi bendir á að ekki sé valkvætt að fara að lögum. Það er skylda RÚV ohf. að fara eftir þeim.“

Í árlegu mati á því hvort Ríkisútvarpið hefði uppfyllt almannaþjónustuhlutverk sitt árið 2018 komst fjölmiðlnefnd loks ekki hjá því að benda á lögbrotið (birt í október sl.). Vitnað er lögbrotið Ríkisendurskoðanda en tekið fram að lögbrotið sé utan verkswiðs við matið. (Ég fæ stundum á tilfinninguna að fjölmiðlnefnd hafi

» Hart er brugðist við ef spurt er hvort betri leið sé fær til að styðja við íslenska dagskrárgerð, menningu og listir en að reka opinbert hlutafélag.

meiri áhuga á því hvernig Hringbraut hagar sínu dagskráræfni en hvernig Ríkisútvarpið umgengst lög og reglur).

Það er umhugsunarvert að það tók fjölmiðlnefnd tæp tvö ár að leggja mat á hvernig Ríkisútvarpið uppfyllti lagalegar kröfur um almannaþjónustu. Fyrir utan að taka undir með Ríkisendurskoðanda gerir nefndin alhugasemdir við hvernig ríkisfjölmiðlinn skilgreinir kaup sín af sjálfstæðum framleiðendum. Þar er með óbeinum hætti tekið undir gagnrýni Samtaka iðnaðarins sem í nokkur ár hafa gagnrýnt framgöngu ríkisfyrirtækisins. Einhver fréttaáðurinn hefði líklega bent á „Jagansögöngu“ ef annar en ríkisfjölmiðli hefði átt hlut að máli.

Samkvæmt þjónustusamningi (2016-19), en nýr samningur hefur ekki verið gerður) átti Ríkisútvarpið að verja að lágmarki 10% af heildartekjum sínum árið 2018 til kaupa á efni frá sjálfstæðum framleiðendum. Ríkisfyrirtækið var frjálst í að skilgreina sjálfstæða framleiðendur. Fjölmiðlnefnd bendir á að sjálfstæðir framleiðendur séu, samkvæmt skilgreiningu laga, lögðilar óháðir við-

komandi fjölmiðlaveitu. Því geti það vart talist uppfylla lagalega skilgreiningu á sjálfstæðum framleiðanda „ef um er að ræða verkataka sem hafa að aðalstarfi að sinna íþróttafréttum eða dagskrárgerð í sjónvarpsþáttum sem eru framleiddir af RÚV og eru hluti af daglegri eða vikulegri dagskrá RÚV. Þá geti einstaklingar sem fram til 8. júlí 2020 voru skráðir starfsmenn RÚV á vef Ríkisútvarpsins, með eigin netfang á netþjóni RÚV, traúðla talist óháðir fjölmiðlaveitunni Ríkisútvarpinu í skilningi laga um fjölmiðla, þótt viðkomandi einstaklingar séu ekki á launaskrá Ríkisútvarpsins, heldur þiggi verktakagreiðslur.“

Í þessu sambandi vekur nefndin athygli á að upplýsingar um starfsmenn hafi verið sóttar af vef Ríkisútvarpsins 7. júlí 2020. Daginn eftir höfðu sömu upplýsingar verið fjarlægðar af vefnum.

ÁN AGAVALDS ÁSKRIFENDA

Ríkisútvarpið er ekki venjulegur fjölmiðill og lýtur ekki agavaldi áskrifenda, lesenda, áhorfenda og hlustenda. Öll þurfum við að standa skil á útvarpsgjaldi – áskrift að ríkisráði óháð því hvort við nýtum þjónustuna sem er í boði eða ekki. Meginreglan er sú að hio þvingaða viðskiptasamband nær til allra einstaklinga 16 til 70 ára og til allra lögaðila (fyrir utan dánarbú, protabú og lögaðila sem sérstaklega eru undanþegnir skattskyldu).

Á líönu ári fékk ríkismiðlinn rúmlaga 4,6 milljarða króna frá skattgreiðendum í formi útvarpsgjalds. Auglýsingar og kostun gáfu 1,8 milljarða í tekjur og aðrar tekjur af samkeppnisrekstri námu 366 milljónum

króna. Heildartekjur voru því rúmlaga 6,4 milljarðar króna.

Síðustu 12 ár hafa skattgreiðendur látið ríkismiðlinn í tæ nær 46 milljarða króna á föstu verðlagi. Auglýsingatekjur, kostun og annar samkeppnisrekstur hefur skilað fyrirteklegri eða vikulegri dagskrá RÚV. Álls hefur Ríkisútvarpið því haft upp undir 70 milljarða úr að móða. Þá er ekki tekið tillit til beinna fjárframlaga úr ríkissjóði til að rétta af fjárhagsstöðu fyrirtækisins eða sérkennilegrar löðasölu við Efstaleiti.

Það er merkilegt hve illa og harkalega er brugðist við þegar spurt er hvort önnur og betri leið sé ekki fær til að styðja við íslenska dagskrárgerð, menningu, listir og sögu, en að reka opinbert hlutafélag. Hvernig ætli íslensk kvikmyndaför, dagskrárgerð og menning líti út af þessar greinar hefu fengið 46 milljarða til sín síðustu 12 ár? Öruglega ekki fráþreyttari. Líklega litríkari og öflugri.

Og hvernig ætli staða sjálfstæðra fjölmiðla væri ef þeir hefðu notið þó ekki væri nema hluta 24 milljarða tekna ríkisins af samkeppnisrekstri? Öflugri? Í stað þess að svara þessari spurningu vilja stjórnmálamen miku fremur ræða hvort ekki sé skynsamlegt að ríkið hlapi undir bagga með sjálfstæðum fjölmiðlum. Eða eins og Ronald Reagan sagði: ef það stoppar settu það á ríkisstyrk. Og þar með er spurningunni um hvað læst fyrir 70 milljarða ekki svarað með öðrum hætti en; ríkismiðill án agavalds.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

676 samkeppnishindranir

Eftir Óla Björn Kárasón



Óli Björn Kárasón

Gefum okkur að sérfræðingar OECD hafi aðeins rétt fyrir sér að helingshlutfétt í fitarlegu samkeppnismati á því regliverki sem gildir hér á landi í byggingastarfsemi og ferðahjónustu. Í stað þess að 676 mögulegar samkeppnishindranir séu í regliverki þessara tveggja starfsgreina sé þær „aðeins“ 338. Um leið getum við tekið ákvörðun um að hrinda í framkvæmd 219 af 438 tillögum OECD til úrbóta og sætt okkur við að auka landsframleiðsluna um 16 milljarða á ári en ekki 32 milljarða (um 200 milljónir evra).

Sem sagt: Með einföldum regliverks getum við bætt hag landsmanna um 16 milljarða á hverju einasta ári, ár eftir ár. Og þó væri ráðum OECD ekki fylgt nema að hluta. Það væri fullkommið ábyrgðarleysi af hendi stjórnvalda, þingmanna og hagsmunaaðila að tryggja ekki að slíkur árangur náist.

Tugmilljarða árleg sóun

Stjórnvöld stömdu á síðasta ári við OECD um sjálfstætt samkeppnismati á regliverki sem byggingastarfsemi og ferðahjónustu er gert að starfa eftir. Matíó var unnið í samvinnu við Samkeppnisfirlitið. Tillögum til breytinga er ætlað að skapa sveigjanlega umhverfi fyrir viðkomandi atvinnugrein, skapa fleiri störf og auka framleiðni og vöxt í hagkerfinu á næstu árum. OECD segir að úrbæturarn séu sérstaklega „mikilvægur“ í ljósi þess efnahags-

samdráttar sem stjórnvöld standa nú frammi fyrir vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins, sem hefur komið sérstaklega illa niður á ferðahjónustu“.

Flestir hafa gert sér grein fyrir að ferðahjónusta skiptir okkur Íslendinga miklu en kannski höfðum við ekki áttáð okkur á hversu mikilvæg atvinnugreinin er í raun og veru um allt land fyrr en kórónuveirufaraldurinn skall á af fullum þunga. Byggingariðnaður hefur alltaf vegið þungt. En samtals eru þessar tvær atvinnugreinar þó aðeins hluti af efnahagskerfinu. Ef hægt er að yfirfæra niðurstöður OECD á aðrar atvinnugreinar, er ljóst að tugmilljarða er sóað á hverju einasta ári í forni lakari framleiðni og verri samkeppnisstöðu. Og eins og alltaf eru það almenningur og fyrirtæki sem bera byrðarnir í forni verri lífskjara og afkomu. Regluvæðing margra annarra atvinnugreina er sist minni en hjá ferðahjónustu og byggingariðnaði.

316 úrbætur í byggingariðnaði

OECD gerir 316 tillög til úrbóta á regliverki í byggingariðnaði. Þar má nefna:

- Skipulagsmál: Einfalda ákvarðanir í skipulagsmálum sveitarfélaga, lækka gagnagerðargjöld, og endurskoða reglur um úthlutun lóða.
- Mannvirkjalög og byggingarreglugerð: Einfalda veitingu byggingarleyfa, flýtleiðferð fyrir smærri og einfaldari verkefni, endurskoða skilyrði um lágmarksgæði og aðgengi fyrir alla

• Löggiltar starfsgreinar: Endurskoða í heild lög um löggiltar starfsgreinar, endurskoða kerfi meistara-réttinda og gera það auðveldara fyrir iðnaðarmenn að afla sér meistara-réttinda, draga úr reglubyrgðinni fyrir smíði, rafvirkja, pípara, byggingarstjóra, löggilta hönnuði, fasteignasala, arkitekta og verkfræðinga, og afnema löggildingu bakara og ljósmyndara. (Ég er ekki viss um að ég hafi leyfi frá gamla bakameistararanum á Sauðárkróki til að samþykkja afnám löggildingar).

121 lagfæring hjá ferðahjónustu

Í skýrslu OECD voru skoðaðar 229 mögulegar samkeppnishindranir í regliverki ferðahjónustunnar og lögð fram 121 tillaga til úrbóta. Þar má nefna:

- Ferðatengd hjónusta: Afnema tvöfalda leyfissskyldu ferðahjónustuleyfa og leyfa vegna sérútbúinna bifreiða, afnema úrelt og of nákvæm forskriftarkvæði í stöðlum um gisti-staði, afnema hömlur sveitarfélaga á breytingum á nýtingu íbúðarhúsnæðis í gistiúsnæði, setja rammalöggjöf um atvinnustarfsemi á náttúruverndarsvæðum og afnema kröfur um fasta starfstöð og starfs-ábyrgðartryggingar þilaleiga.
- Flughjónusta: Auka hvata Isavia á Keflavíkflugvelli til að draga úr kostnaði og auka samkeppnishæfi (flugvöllurinn er einn óhagkvæmasti og dýrasti flugvöllur í Evrópu), veita Samgöngustofu heimildir til að setja reglur um flugvallargjöld sem rekstraráætlun á Keflavíkflugvelli þurfa að greiða, endurskoða hvernig sérleyfisáætlanir eru veittir fyrir slóð veitinga og annars varnings í flugstöðinni og fyrir aðstöðu fyrir langferðabíla.

» Ef hægt er að yfirfæra niðurstöður OECD á aðrar atvinnugreinar, er ljóst að tugmilljarða er sóað á hverju einasta ári.

• Leigubifreiðar: Afnema námskröfur til handhafa leigubílaeyfa sem ekki varða öryggi farþega, öku-manna eða almennings, heimila út-gáfu leigubílaeyfa til fyrirtækja og gera þeim kleift að hafa á hendi fleiri en eitt leigubílaeyfi.

Verkefni komandi ára

Drátt fyrir yfirlýst markmið um annað hefur regluvæðing atvinnulífsins í mörgum tilfellum dregið úr hagkvæmni, komið niður á virkri samkeppni og gengið gegn hagsmunum neytenda. Framkvæði er ekki verðlaunað og framtaksmáðurinn látinn þræma á milli Platúsar og Heródesar til að afla sér tilskilinna leyfa fyrir atvinnurekstri. Ég hef orðað þetta sem svo að það sé efiðara, vandasamara og tímáfræk-ara fyrir atvinnurekendur að uppfylla kröfur hins opinbera en að sinna þörfum og óskum viðskiptavina.

• Forgangsverkefni stjórnvalda, það sem eftir lifir kjörtímabilsins og a.m.k. allt næsta kjörtímabil, er að stuðla að uppbyggingu atvinnulífsins svo við náum aftur fyrri styrk og getum sótt fram. Verðmætasköpunin í frystihúsinu, í málmstöðvunni, hjá rakaranum, á veitingahúsinu, hjá tölvuleikjaframleiðandanum, sauðfjárbóndanum, byggingaverktak-annum, bifvélavirkjanum, stóðtækjaframleiðandanum, trillukarlinum,

tónskáldinu, rithöfundinum og annars staðar í atvinnulífinu er undirstaða velferðarkerfisins. Án verðmætanna verður lítið til skiptanna. Um þetta munu komandi kosningar snúast.

Stá stjórnvaldaflokkur sem sýnir áhuga á atvinnulífinu, hefur innan sinna ráða framþjóðendur sem hafa skilning á gangverki atvinnulífsins og skilur samhengið á milli verðmæta og velferðar mun standa sterkt að vígi að loknum kosningum í september næstkomandi.

Skýr sýn á það hvernig endurhanna á margföldi regluverk, hvernig hægt er að gera það einfaldara að stunda atvinnurekstur og þægja frjóan jarðveg fyrir ný fyrirtæki sem leggja grunn að bætum lífskjörum og stórum framtíðarinnar, skilar árangri á kjörlegi. Þóris Kolbrún Reykfeldjör Gyfadóttir, ráðherra nýsköpunar, og Bjarni Benediktsson fjármálaáráðherra hafa þegar lagt hornsteina á framsókn atvinnulífsins með skatta-legum hvötum til rannsókna og þróunar.

Úttekt OECD er góður leiðarvísir í þeim verkefnum sem eru fram undan, þótt sumt af því sem lagt er til kunnist orka tæmis. En jafnvel þótt við ákveðum að innleiða aðeins helming þeirra tillagna sem stofnunin mælir með, skilar það allt að 16 milljónum á hverju einasta ári. Og við verðum að horfa á og meta stöðu-ina í öðrum greinum efnahagslífsins. Þottur er víða brotinn. Byggingariðnaður og ferðahjónusta eru innan við 20% landsframleiðslunnar. Hguleiðum tækiferin sem bíða okkar ef haldið er rétt á málum.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Vörn fyrir launafólk og fyrirtæki

Eftir Óla Björn Kárasón



Óli Björn Kárasón

Uppi í áhorfendastúku á spennandi fót-boltaleik óðlast sumir ótrúlega hæfileika og yfirsn. Þeir greina leikinn betur en aðrir, eru betri hjálfarar en þeir sem stjórna af hlíðarlinnum og miklu betri leikmenn en þeir sem eru inni á vellinum. Dómaratríðið stent engan samanburð við þá hæfileika sem finnst í stúkunni.

Efnahagslegar þrængingar sem við glífum við eru ekki leikur heldur dauðans alvara, lítið minni en veiran sjálf sem ógnar lífi og heilsu. En eins og í áhorfendastúkunni á fótboltaleiknum eru til sérfræðingar sem vita betur en aðrir. Þeir hafa allt á hornum sér og finna flestu allt til forútu. Líkt og á vellinum eru slíkir utanvallarsérfræðingar nauðsynlegir, halda öðrum við efnid, hitta stundum naglann á höfuðið og veita þegar vel tekst til nauðsynlegt aðhald og eru krydd sem lifgar upp á leikinn.

Aðgerðir stjórnvalda til að draga úr áhrifum efnahagsfallsins á fyrirtæki og heimili vegna kórónuveirufaraldursins eru ekki yfir gagnrýni hafnar. Sumt af því sem gert hefur verið hefur ekki skilað þeim árangri sem vonast var til, annað er langt umfram væntingar.

Skattar lækkaðir

Ríkissjóður hefur haft bolmagn, vegna skynsamlegrar fjármála-stjórnar allt frá 2013, til að veita heimilum og fyrirtækjum við-spyrnu á erfiðum tímum. Allt að 600 milljarða halli á ríkissjóði á tveimur árum er hins vegar því aðeins réttlætlanlegur að við stöndum sterskari að vígi en ella og náum þannig að troysta undirstöður sam-félags sem börnin okkar taka við. Að við skiljum ekki aðeins reikin-ginginn fyrir hallanum eftir fyrir þau að glíma við.

Samþætting peningamála og ríkisfjármála hefur líklega aldrei verið betri hér á landi en undan-farin misseri. Og þess hafa allir

notið – launafólk sem fyrirtæki. Lægri vextir styrkja samkeppnisstöðu atvinnulífsins og eru mikilvæg kjarabót fyrir launafólk. Ríkissjóður hefur ekki aðeins nýtt sér sjálfvirkan sveiflujafnara – ekki skorid niður og ekki gripið til skattahækkana – heldur í raun aukið útgjöld og lækkað skatta. Þannig hefur

verið unnið gegn samdrættinum. Tekjuskattur einstaklinga var lækkaður í ársbyrjun og aftur um komandi áramót. Hið sama á við um tryggingagjaldið. Erfða-fjárskattur verður lækkaður, frí-tekjumark fjármagnstekna á að hækka (kemur sér fyrst og fremst vel fyrir þá sem hafa takmarkað fjármagnstekjur), skattaívilnanir hafa verið auknar til að efla nýsköpun og ýta á undir fjárfestingar einstaklinga í fyrirtækjum.

Stærstu aðgerðirnar snúa að launafólki

Ein mikilvægasta aðgerð stjórnvalda er svokölluð hlutabótaleið, til að tryggja að ráðningarsamband milli launagreiðenda og launamanns geti haldist. Í apríl síðastliðnum væru nær 33 þúsund einstaklingar í hlutabótum en yfir 16.400 á hreinum atvinnuleysisbótum. Í september síðastliðnum fengu tæplega 3.600 einstaklingar hlutabætur.

Ætlað er að alls verði 34 milljónum króna varið í hlutabætur og 56 milljónum í atvinnuleysisbætur. Þetta þýðir að langstærsta aðgerð stjórnvalda er gagnvart launafólki í gegnum atvinnuleysistryggingar og hlutabætur eða alls um 90 milljarða. Réttur til tekjutengdra atvinnuleysisbóta var lengdur úr þremur mánuðum í sex. „Nám er tækifæri“ í starfs- og tækninámi í framhaldsskólum eða háskólum stendur atvinnuleitendum til bóða á vorönn 2021, haustönn 2021 eða vorönn 2022.

Þá hefur verið ákveðið að greiða sérstakt viðbótarlag á grunn-

» Líkt og á vellinum eru utanvallarsérfræðingar nauðsynlegir, hitta stundum naglann á höfuðið og veita þegar vel tekst til nauðsynlegt aðhald.

bætur atvinnuleysistrygginga á næsta ári. Grunnbætur hækka um 6,2%. Ætlað er að framlag ríkissjóðs vegna þessa verði um tveir milljarðar. Um leið verða greiðslur vegna framfærslu barna atvinnuleitenda framlengd úr næsta ár með 6% viðbótarlagi ofan á grunnbætur vegna hvers barns. Kostnaður er áætlaður 800 milljónum. Þeir sem eru í staðfestri atvinnuleit fá greiddar rúmlega 86 þúsund krónur í desemberupphöf, alls um 1,4 milljarða.

Horf hefur verið sérstaklega til barnafólks. Í mai var greiddur sérstakur barnabótaauki með hverju barni. Og nú verða skerðingarmörk barnabóta hækkuð til að tryggja að þau fylgi þróun lægstu launa á vinnumarkaði. Ætlað umfang er um 830 milljónir króna.

Í desember verður 50 þúsund króna eingreiðsla til þeirra örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega sem eiga rétt á lífeyri á árinu. Þessi eingreiðsla bætist við desemberupphöf. Alls einn milljarður króna. Steft er að því að gera breytingar á örorkuleyfiskerfinu í upphafi næsta árs og draga úr innbýrðis skerðingum. Þessi breyting skilar þeim tekjulögnum tæplega átta þúsund króna viðbótarhækkun á mánuði umfram 3,6% hækkun samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs. Heildarhækkun til tekjulögsta örorkuleyfisþega verður tæpar 20 þúsund krónur um áramót. Heildarútgjöld aukast vegna þessa um 1,2 milljarða á næsta ári.

Lægri vextir skila kjarabótum

Þá er óeðnd ein mesta kjarabót launafólks. Lækkun vaxta hefur gert þúsundum heimila kleift að endurfjármagna íbúðarlánin og

lækka þar með greiðslubyrði um tugi þúsunda á mánuði. Og það sem meira er: Fleiri hafa haft tók á því að ráðast í kaup á eigin íbúð en annars vegna hagstæðra vaxta-kjara.

Fjármálafrýrtækin hafa leikið stórt hlutverk í að mynda skjól fyrir þá sem á þurfa að halda. Rúmlega 4.100 voru í greiðsluskjöli í maí síðastliðnum og námu skuld-irnar samtals um 111 milljónum króna. Um miðjan nóvember voru 909 einstaklingar í greiðsluhléi. Svipað er að segja um fyrirtæki, en nú eru um 460 fyrirtæki í greiðsluhléi. Heildarskuldur eru um 43 milljarðar. Í sumar samþykkti Alþingi lög um greiðsluskjól. Úrræðið, sem er tímabundið, veitir fyrirtækjum heimild til þess að fá greiðsluskjól í allt að eitt ár sem á að nýta til fjárhagslegrar endurskipulagningar.

Launafólk hefur notið fullrar endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði, fristundahús og bíla-viðgerðir. Hið sama á við um almannaheillafélög og sveitarfélög. Alls nemur endurgreiðslan nær þremur milljónum. Full endurgreiðsla verður a.m.k. út næsta ár. Allir vinna skilar þannig árangri.

Um 176 þúsund einstaklingar hafa sótt ferðagjöfina og þar af hafa 126 þúsund nýtt gjöfina fyrir nær 880 milljónir króna. Kærkominn búbot fyrir allt launafólk og vitanmispurta fyrir ferðahjónustuna.

Vörn fyrir atvinnulífið

Með sama hætti og stutt hefur verið við heimilin hefur verið gripið til margvíslegra aðgerða til að verja atvinnulífið, – tryggja verðmætasköpunina í nútíð en ekki síður framtíð.

Launagreiðslur hafa margir nýtt sér heimild til að festa á allt að þremur gjalddögum staðgreiðslu og tryggingagjalds fram á næsta ár eða fyrir alls 19,4 milljarða.

Um einn milljarður hefur verið greiddur í lokunarstyrki til 998 fyrirtækja sem gert var að loka samkvæmt ákvörðun heilbrigðis-yfirvalda. Nýlega samþykkti þingid framhald lokunarstyrkja og er umfang þeirra meira en áður.

Stuðningslán að fjárhæð um 7,1 milljarður hafa verið veitt 850 fyrirtækjum. Lánin eru með fullri ríkisábyrgð að 10 milljónum króna og 85% ábyrgð fyrir allt að 30 milljónum til viðbótar.

Á fyrstu dögum þessa mánaðar samþykkti Alþingi framvarp fjármálaáráðherra um svokallaða tekjufalstyrki fyrir einstaklinga og lögaðila í atvinnurekstri sem urðu fyrir verulegum tekjumissi 1. apríl til 31. október. Samkvæmt mati fjármálaáráðuneytisins má ætla að heildarkostnaður ríkissjóðs vegna tekjufalstyrkja geti orðið að hámarki 23,3 milljarðar.

Í lok síðustu viku kynnti fjármálaáráðherra viðspyrnustyrki sem leysa tekjufalstyrkina af hólm. Með þeim er verið að stýrja fyrirtæki til að viðhalda lágmarkstarfsemi þangað til við komumst út úr kófinu. Eðli máls samkvæmt er töluverð óvissa um kostnaðinn en ráðuneyti fjármála telur að hann geti ekki orðið hærra en 20 milljarðar.

Verkefninu ekki lokið

Hér er ekki sett fram heildstætt yfirlit yfir allar þær aðgerðir sem gripið hefur verið til, s.s. 900 milljónum króna stuðning við tómsunda-ðikum barna tekjulágra foreldra, átak í geðheilbrigðismálum, viðbót-arframlög til heilbrigðiskerfisins eða umfangmiklar fjárfestingar í innviðum, s.s. samgöngum, stofnum sprota- og nýsköpunarsjóðsins Krú eða stóruákin stuðning við rannsóknir og þróun fyrirtækja. En verkefninu er ekki lokið – langt í frá.

Um það verður varla deilt að ríkissjóði hefur verið beitt af miklu aðli samhlöða markvissum aðgerðum í peningamálum. Auðvitað má ýmislegt gagnrýna og það skal ját-að að stundum en ekki oft langar mig að setjast upp í stúku við hlöðina á þeim sem allt veit betur. En það væri svipað og að varnar-leikmaður tæki til föðustökni út af veldum og upp í áhorfendastúkunni á miðjum leik þegar sigur er í augun.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Gegn valdboði og miðstýringu

Eftir Óla Björn Kárasón

Rétturinn til að ráða sínu eigin lífi en um leið virða rétt annarra til hins sama er hornsteinn í hugmyndafræði sem ég hef alla tíð adhyllt og barist fyrir. Frjálslygga? Óruglega. Hægri-stefna? Á nokkurs efa. Íhaldsemi? Líklega. En í einfaldleika



Óli Björn Kárasón

fræði hef ég mótað af stöðu til einstakra mála, reynt að standa við loforð Sjálfstæðisflokksins um að gefa einstaklingum svigrúm til að móta sína framtíð, hvetja og styðja við framtakssemi fólks út um allt land. Færa valdið til fólksins en hrífa það ekki frá því. Tryggja valldreifingu og koma í veg fyrir miðstýringu.

Gegn sjálfstjórn og frelsi

Þess vegna get ég aldrei stutt að völdin séu tekin af íbúum sveitarfélaga og þeir sviptir forræði yfir eigin málum. Að skipa sveitarfélagi með lögum til að sameinast öðru gengur gegn hugmyndum um sjálf-ræði íbúa og sjálfstæði sveitarfélaga. Sú lögbinding sem boðuð er í stjórnarfrumvarpi sem lagt var fram á mánudag byggir á hugmyndafræði valdbóðs og gengur gegn hugmyndafræði sjálfstjórnar og frelsis sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur byggt á. Hér ættu menn að minnast orða Bjarna Benediktssonar eldri, um að þjóðfélagi verði „ekki stjórnað með ofláti eða orðaskaki“.

Um það verður ekki deilt hér að sameining og fækkun sveitarfélaga getur verið ákjósanleg og skynsamleg fyrir íbúana. Markmiðið er hins vegar ekki að fækka sveitarfélögum

» Líkt og aðrir þingmenn verð ég að taka afstöðu til mála. Ég get ekki stuðst við annað en þann leiðarvísi sem sannfæring og sjálfstæðisstefna gefa.

heldur að styrkja og efla þjónustu við borgarana. Og sveitarfélögum hefur fækkað hressilega. Árið 1990 voru þau 204 talsins en eru nú 69. Víða eru víðræður um sameiningu. Þær víðræður eru á forsendum íbúanna sjálfrá og þeir einir taka ákvörðun. Embættismenn í Reykjavík stjórna ekki ferðinni.

Hugmyndafræði valdbóðsins sem liggur að baki lögbindingu er ekki aðeins ógeðfellt heldur byggist hún á misskilningi og/eða visvitandi blekkingum. Hagkvæmni sveitarfélaga og gæði þjónustu við íbúana er ekki í réttu hlutfalli við íbúafjölda. Fjárhagsleg staða ræðst miklu fremur af hæfileikum sveitarstjórnarmanna og hvernig þeim tekst að uppfylla skyldur sínar en fjölda íbúa. Og það skal endurtekið sem ég skrifaði á síður þessa blaðs í ágúst á línu ári:

„Enginn hagfræðingur, viðskiptafræðingur eða fjármálafræðingur er þess umkominn að skera úr um hver sé hagkvæmasta stærð

sveitarfélaga. Enginn sveitarstjórnarmaður, þingmaður eða ráðherra hefur forsendur til að ákveða hver skuli vera lágmarksfjöldi íbúa í hverju sveitarfélagi svo íbúarnir fái notið þeirrar þjónustu sem þeir gera kröfu til og eiga rétt á samkvæmt lögum.“

Röksemdin um stærðarhagkvæmni sveitarfélaga fýkur út í veður og vind um leið og farið er yfir fjárhagsstöðu og rekstur stærsta sveitarfélags landsins.

Í þessum efnum eins og í flestum öðrum er farsælast að halda valdinu í heimabyggð. Lofa íbúum að taka ákvarðanir um hvernig þeir telja best að halda á málum.

Valdið sogið úr heimabyggð

Ég hef haldið því fram að náttúruvernd geti verið ágætlega arðber auk þess sem við berum síðerfölega skyldu til að skila landinu til næstu kynslóðar í ekki verra ástandi en við tókum við því. Við Íslendingar eignum flest undir náttúrunni og sjálfbærri nýtingu hennar. Náttúruvernd og nýting auðlinda fara vel saman þegar vel tekst til eins og fiskveiðistjórnunarkerfið sannar. Ferðabjónusta á allt sitt undir náttúruvernd.

Í flestu er hugmyndin um miðhálandisþjóðgarð heillandi. Forsendan er að skipulagsvald sveitarfélaga sé virt og umráða- og nýtingaréttur íbúanna, sem í gegnum aldirnar hafa verið gæslumenn náttúrunnar, haldist. Einkaframtakið og eignarréttur-

inn hafa verið mikilvæg vörn fyrir náttúruna.

Ég mun því styðja hugmyndina um miðhálandisþjóðgarð sé hún byggð á skynsamlegri nýtingu auðlinda hálandisins, frjálsri för almennings, virðingu fyrir eignarréttinum, frumkvöðlarétti og sjálfstjórn sveitarfélaga í skipulagsmálum.

Með öðrum orðum: Hugmyndafræði stjórnlýndis og miðstýringar má ekki ráða för þegar og ef miðhálandisþjóðgarði verður komið á fót í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Löngunin til að stýra öllu frá 101-Reykjavík er sterk. Hætta er sú að valdið sogist úr heimabyggð til örfárna einstaklinga sem neita að skilja hvernig hægt er að lifa í sátt við náttúruna, verja hana og nýta auðlindir á sama tíma.

Á komandi vikum verð ég, líkt og aðrir þingmenn, að taka afstöðu til margvíslegra mála. Ég get ekki stuðst við annað en þann leiðarvísi sem sannfæring og sjálfstæðisstefna gefa. Oft þarf ég að sveigja eitthvað af leið en ákveðin grunnþrúpsinn verða ekki brotin. Ekki þegar kemur að þvingunaraðgerðum gagnvart sveitarfélögum, ekki við stofnun miðhálandisþjóðgarðs, fjöl-málafrumvarpi og ekki við endurskoðun sóttvarnalaga. Listinn er (ópægilega) langur.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Heilbrigðiskerfi í samkeppni um starfsfólk

Eftir Óla Björn Kárasón

Hvort sem okkur líkar það betur eða verr stöndum við frammi fyrir því að þurfa að auka útgjöld til heilbrigðismála á komandi árum og áratugum. En ólíkt því sem margir telja getur það aldrei orðið og má aldrei verða sjálfstætt markmið að auka útgjöldin – að sífellt stærri hluti þjóðarkunnar renni til heilbrigðismála. Keppikeflið er öflug heilbrigðisþjónusta og aukin lífs-gæði borgaranna.

Sam þjóð stöndum við Íslendingar frammi fyrir miklum áskorunum í heilbrigðismálum á komandi árum og áratugum:

● Við erum að eldast sem þjóð og það kallar á aukna fjármuni í heilbrigðisþjónustu. Aukin útgjöld duga hins vegar skammt ef betri nýting fjármuna, vinnuafns, tækja og fasteigna verður ekki tryggð.

● Stöðugt fleiri standa utan vinnumarkaðarins. Þeim sem eru á vinnumarkaði og standa undan kostnaði við sameiginleg verkefni fækka því hlutfallslega.

● Fjármagnun heilbrigðisþjónustunnar er úrelt og þarfnast uppstokkunar. Hverfa verður frá fóst- um fjárveitingum til helstu stofnana og taka upp samninga á



Óli Björn Kárasón

grundvelli unninna verka.

● Við stöndum frammi fyrir harðri alþjóðlegri samkeppni um vel menntað og hæft starfsfólk – lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara, líffræðinga, lyfjafræðinga, sálfræðinga o.s.frv. Ef við verðum undir í þeirri samkeppni hefur það ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir íslenskt samfélag. Kostnaðurinn verður greiddur með lakari lífsgæðum almennings.

● Tækniframfarir og ný þekking eru að gjörbylta hugmyndum um skipulag heilbrigðisþjónustu. Engu er hins vegar líkara en að tekin hafi verið ákvörðun um að sigla íslensku heilbrigðiskerfi gegn straumnum og auka stofnanavæðingu og beinan ríkisrekstur.

Ekki frítt spil

Í gegnum árin hef ég hamrað á því að stjórnlýnd og ekki síst Alþingi standi vörð um samkeppnishæfni landsins. Vinni að því að styrkja stöðu fyrirtækja og launa-fólks í harðri alþjóðlegri samkeppni. Einfalt, gegnsett og sanngjarnt regluverk, hófsemd í sköttum og gjöldum, bætir ekki aðeins samkeppnisstöðuna heldur yfir undir fjölbreytileika atvinnulífsins

og fjölgar möguleikum launafólks.

Íslenskt heilbrigðiskerfi er ekki með frítt spil þegar kemur að alþjóðlegri samkeppni og þá ekki síst um vel menntað og hæfileikaríkt starfsfólk. Ef það er eitthvað sem einkennir starfsstéttir innan heilbrigðisþjónustunnar er það alþjóðlegur vinnumarkaður. Læknar, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og aðrir heilbrigðisstarfsmenn eru eftirsótt í flestum ef ekki öllum lönd- um heims. Til einföldunar má segja að íslenskt heilbrigðisfólk sé ekki bundið við „heimamarkað“. Heimurinn allur er þeirra vettvangur.

Þessi staðreynd týnist í argaþrasi um heilbrigðismál þegar tekist er á um hversu mikið eigi að auka útgjöld ríkisins vegna heilbrigðismála. Samkeppnishæfni heilbrigðiskerfisins er lögð til hlíðar þegar barist er fyrir því að útgjöld til heilbrigðismála skuli vera að lágmarki 11% af landsframleiðslu. Slik barátta er auðvitað merkingarlaus og fremur til skrauts í viðleitni til að afla sér og skammt vænsælda. Merkingarlaus þó ekki verið nema vegna þess að veru- legur efnahagssamdráttur getur tryggt að hlutfallið verði 11% á sama tíma og útgjöld til heilbrigðismála lækkuðu í raun.

Fábreytni og verri þjónusta

Ég hef áður haldið því fram að karpíð hafi leitt til þess að íslenskt heilbrigðisþjónusta sé í pólitískri sjálfhelmu frábreytileika og verri

» Læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir hæfileikaríkir heilbrigðisstarfsmenn vilja eiga sömu möguleika og aðrir til að verða sjálfstæðir atvinnurekendur.

þjónusta – sé fangi kröfunnar sífellt aukin útgjöld, án skýrra mælikvarða um gæði eða kröfunnar um að fjármunum sé varið af skynsemi.

Það hefur verið gæfa okkar Íslendinga að eiga fjölbreyttan hóp heilbrigðisstarfsmanna sem sótt hefur sérfræðimenntun, reynslu og þekkingu til annarra landa, en snú- áftur heim til starfa. En það er langt í frá sjálfgefið að ungt fólk sem leggur slíkt á sig ákveði að koma aftur og veita okkur þá þjónustu sem við þurfum á að halda. Hér ráða launakjör ekki öllu, heldur starfsaðstæðan sem er í bódi en einnig valfrelsi um starfsvettvang. Það er ekki sérlega heillandi til- hugsun eftir margra ára nám og starfsmenntun að eiga þann eina kost að koma til starfa innan veggja ríkisrekstrar.

Læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir hæfileikaríkir heilbrigðisstarfsmenn vilja eiga sömu möguleika og allir aðrir til að stofna eigin fyrirtæki – verða sjálfstæðir at-

vinnurekendur. En andstaðan við einkaframtakið er djúpstæð meðal stjórnmálamanna stjórnlýndis. Svó djúpstæð að það virðist skipta meira máli að leggja steina í götu einkaaðila en að tryggja betri heilbrigðisþjónustuna og sjá til þess að fjármunum sé vel varið. Og um leið fækka tækifærum heilbrigðisstarfsmanna.

Á síðustu árum hef ég skrifað töluvert um heilbrigðismál. Mikilvægi hins sameiginlega trygg- ingakerfis hefur verið rauði þráðurinn í þeim skrifum. Tryggingakerfi sem byggist á þeirri grunnhugsun að við samein- inlega fjármagnun öflug heilbrigðiskerfi svo tryggt sé að allir fái nauðsynlega þjónustu og aðstoð án tillits til efnahags eða búsetu.

Samþætting og samvinna opin- bers rekstrar og einkarekstrar í heilbrigðisþjónustu – á grunni sameiginlegs tryggingakerfis – tryggir ekki aðeins betri þjónustu við landsmenn, heldur styrkir stöðu okkar í harðri alþjóðlegri samkeppni um hæfileika. Ríkis- rekstrarhyggjan, þar sem einka- framtakinn er rutt skipulega úr vegi, er hins vegar á góðri leið með að grafa undan öflugri þjónustu og myndar farveg fyrir tvöfalt heil- brigðiskerfi, þar sem hinir efnameiri geta keypt betri og skjótari þjónustu en við hin.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

„Það sem ég veit nægir mér“

Eftir Óla Björn Káráson

Jólum mínum úni ég enn, og þótt stolið hafi hæstum Guði heimskir menn, hef ég til þess rökinn tvönn, að á sælum sanni er enginn vafi. (Jónas Hallgrímsson)

Ég er af þeirri kynslóð sem nauð þeirrar gæfu að alast upp og mótask þegar herra Sigurbjörn Einarsson sat á stóli biskups. Djúpstæð trúarsannfæring einkennið allt hans mikla starf.

Án hroka eða yfirlætis. Í huga Sigurbjarnar er kristin trú „ekkert að miklast af“ heldur viljinn að „lofa Guði að lýsa á gluggann, inn í hjartað“.

Það hefur verið gæfa fámennrar þjóðar að eignast nokkra kennimenn trúarinnar – öfga-lausa, lítilláta og kærleiksrika. Á engan er hallað þegar því er haldið fram að fremstur meðal jafningja standi herra Sigurbjörn Einarsson.

Á þeim 22 árum sem Sigurbjörn þjónaði sem biskup yfir Íslandi mótaði hann ekki aðeins starf Þjóðkirkjunnar heldur trúarlíf okkar Íslendinga í áratugi eftir að hann lét af embætti árið 1981. Og það skal jafnframt að á jólum sakna ég þess sérstaklega að geta ekki notið guðshjónustu hans líkt og ég ólst upp við. Sakna visku hans og hlýju.

Tildurshaugar samtímans

Í viðtali við Fréttablaðið á aðfangadag 2007 minnti Sigurbjörn okkur á að hamingjan sé „ekkert tilfinningasvall“ heldur einkennist hún af „innra jafnvægi og hugaró“. „Hamingjusamt fólk er þannig í sémilegri sátt við sjálf sig, en þó ekki án sjálfsgagnrýni. Skorti hana verður einstaklingurinn hrokafullur sjálfbirgingur, skopskyni skroppinn.“

Skömmu fyrir andlát sitt flutti Sigurbjörn sína síðustu predikun í Reykholti sumarið 2008. Hann var þá líðlega 97 ára. Þá brýndi



Óli Björn Káráson

hann okkur öll að miklast ekki eða ganga oflættinu á hönd.

„Það kemur fyrir, að mennirnir blindast og krossfesta sína eigin gæfu, hjálp og blessun. Verst fer þeim ævinlega, þegar þeir blindast af ímynduðum glansi af sjálfum sér – ég er ekki viss nema einhverjir spertir hanar á tildurshaugum samtímans mættu taka þetta til sín. Og það er ekki hættulaust að seljast undir framandi íhlutanir og yfirráð. Hákon konungur reyndist Íslandi óheillavaldur. En verri


» Í trúnni finnum við umburðarlyndi gagnvart ólíkum skoðunum, lífsstíl, trú og bakgrunni. Við þykjumst ekki vera á hærra stalli eða yfir aðra hafin.

en Hákon eru þau máttarvöld sum, sem menn eru svo aumlega flatir fyrir nú á dögum. Ég nefni aðeins það sjúka yfirlæti, sem þykist upp úr því vaxið að gera ráð fyrir neinu aðra sjálfu sér í alheimi, og þann gráduga Mammón, sem virðir ekkert, enga helgidóma, engar hugsjónir, engin gildi.“

Laðar það besta fram

Í huga Sigurbjarnar laðar boðskapur jólahátíðarinnar fram það „besta sem við geymum í okkur; gjafmildi, ástíð og kærleika“. Hann efaðist aldrei um boðskapinn eða þýðingu jólna fyrir manninn. Í aðdraganda adventu 2003 var Sigurbjörn spurður í viðtali við Bjarna – tímarit Sambands íslenskra kristnibóðfélaga – hvort hann hafi, á efri árum, hugsað um hvað taki við, hugsað um himininn. „Já, þetta er eðlileg spurning“, svaraði Sigurbjörn og bætti við:

„Nú nálgast adventa og við höldum adventu



Herra Sigurbjörn Einarsson biskup.

nákvæmlega af því að við höfum fengið svar við þessu. Adventa bendir og segir: Þetta er framtíðin, Jesús Kristur er að koma. Ekki bara sem lítið barn á jólum, hann er að koma á móti veröldinni sinni sem frelsari hennar og Drottinn allrar framtíðar. Hann og ríki hans er framtíðin. Þar með er því svarað hvernig himinninn er. Himinninn og eilífa lífið er þar sem Jesús Kristur er allt í öllu, ásamt Guði föður og heilögum anda, að eilífu.

Að öðru leyti veit ég álíka lítið um himininn eins og ég vissi lítið um jörðina þegar ég var í móðurlífi og ég er fullkomlega sáttur við það. Það sem ég veit nægir mér.“

Hið jarðneska og himneska

Í samfélagi nútímans er trúin tortryggð. Við sem trúum á tvennt í heimi; Guð í alheimsgeimi og Guð í okkur sjálfum, hrekjumst oft undan, feimin og jafnvel hrædd að gangast við að eiga samneyti við trú kærleikans – eigum erfitt með að viðurkenna fyrir öðrum hversu Guð í alheimsgeimi er okkur mikilvægur og hve Guð í okkur sjálfum hefur reynt okkur traustur leiðarvisir í lífinu.

Hátíð ljóssins er fríðarstund sem vekur vonir þar sem mætast hið jarðneska og hið himneska, kærleikur og minningar. Við fögnum komu frelsarans, þökkum fyrir það sem var og það sem er og verður, hugum að ástvinum okkar og reynum að létta undir með þeim sem höllum fæti standa.

Á jólunum erum við minnt á að við erum öll börn Guðs. Og um leið getum við tekið undir með herra Sigurbirni Einarssyni í sálmi:

Sú von er sterk, hún verður eigi slökkt, að vorið komi þó að geisi hríð. Eins sigar Drottinn alla ógn og stríð.

Senn er undarlegt ár að baki. Það hefur reynt okkur flestum erfitt. Við höfum mátt sætta okkur við að vera slitin frá vinum og fjölskyldu, höfum ekki náð að rækta sambandið við þá sem okkur eru kærastir. Þúsundir hafa misst atvinnu og glíma við erfiða fjárhagsstöðu, veikindi og félagslega einangrun. Að rétta þeim hjálparhönd sem þurfa er skylda sem kristin trú leggur á herðar okkar.

Í trúnni finnum við ædruleysi og öðlumst umburðarlyndi gagnvart ólíkum skoðunum, lífsstíl, trú og bakgrunni. Við þykjumst ekki vera á hærra stalli en aðrir eða yfir þá hafin. En hver og einn vitjar jólna með sínum hætti, einnig þeir sem ekki eru samferða Drottini.

Ég óska lesendum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

Lækkun skatta og skýrir valkostir

Eftir Óla Björn Kárason



Óla Björn Kárason

Sjálfsgat munu stjórnmalamein, með dyggrri aðstöð hagræðinga, aldrei hætta að deila um hvernig skynsamlegast sé að bregðast við efnahagslegum samdrætti. Jafn fráleitt og það hljómar eru margir þeirrar skoðunar að best sé að minnka súrefnið til atvinnulífsins og heimilanna, með lækkun skatta og gjalda. Ekki eru mörg ár síðan ríkisstjórn brást við efnahagslegu áfalli með þeim hætti. En jafnvel einfaldur lærdómur vefst fyrir mörgum, ekki síst þeim sem telja ríkið upphaf og endi alls – hina eiginlegu uppsprettu verðmæta.

Í ágúst síðastliðnum ítrekaði ég, í grein á síðum Morgunblaðsins, að það vílausaasta sem hægt væri að gera í efnahagslegum þröngvingum vegna faraldurs kórónuveirunnar væri að „fresta þess að auka tekjur ríkisins með þyngri álöngum á fyrirtæki og/öðra heimil“. Í þeim leik tæki ég ekki þátt: „En að opna fyrir súrefniskrana skatta og gjalda er ekki aðeins skynsamleg leið heldur aðbær fjárfesting til framtíðar fyrir ríkissjóð og almennig. Tekjurnar ríkis og sveitarfélaga verður styrkari til lengri tíma og ráðstöfunartekjur launa-fólks meiri. Þetta er ekki flóknara.“

Allt frá því að Sjálfstæðisflokkurinn tók sæti í ríkisstjórn 2013 hefur verið unnið að því að lagfæra skattkerfið, – gera það samkeppnishæfara við önnur lönd hvort heldur þegar kemur að fyrirtækjum eða einstaklingum. Á stundum hefur gengið hægt að koma umbótum í gegn enda engu líkara en óskrandi ljón standi í vegnum. En það hefur miðað í rétta átt.

Þegar kemur að umbótum í skatta- og gjaldkerfi ríkisins reyndist árið 2020 gott – eiginlega sérlega gott þegar erfiðar aðstæður eru hafðar í huga. Samhliða umfangsmiklum aðgerðum til að styðja beint við atvinnulífið og heimilin, hafa mikilvæg skref verið tekin til að auka samkeppnishæfni landsins til frambúðar.

Hér verða nokkur dæmi nefnd.

Tejkuskattur einstaklinga lækkar

Vegna breytinga á lögum um tejkuskatt sem Bjarni Benediktsson beitti sér fyrir sem fjármálaráðgjafi lækkaði tejkuskattur einstaklinga á árunum 2014 til 2018 um 25 milljarða á ársgrunnvelli með tilheyrandi lækkun

un ráðstöfunartekna heimilanna.

Enn röttækari kerfisbreytingar í tíð sitjandi ríkisstjórnar hafa tryggt flekari lækkun með innleiðingu nýs lægra skattþreps. Fyrra skrefið var tekið í byrjun þessa árs og það síðara verður stigið í byrjun nýs árs. Með breytingunum verður tejkuskattur ein-

staklinga um 21 milljarði króna lægri á ári en að óbreyttum reglum. Þessi lækkun kemur fyrst og síðast þeim til hagsbóta sem eru í lægstu tekjuhópnum en fólk með meðaltekjur nýtur einnig góðs af.

Líkt og ég þreystist ekki á að taka fram hef ég aldrei verið hrifinn af margþrepa tejkuskattkerfi. Miklu fýsilegra er að hafa eitt skattþrep með breytilegum persónuafslætti sem lækkar eftir því sem tekjur hækka. En í ljósi þess að kerfisbreytingarnar tryggðu lækkun tejkuskatts studdi ég þær heilshugar.

Tryggingagjald lækkar enn

Þriðja árið í röð lækkar tryggingagjaldið og verður 6,10% á komandi ári. Þar með hefur gjaldið lækkað um 0,75%-stig á kjörtímabili og um 1,59%-stig frá því að Sjálfstæðisflokkurinn tók sæti í ríkisstjórn og Bjarni Benediktsson settist í stól fjármálaráðgjafa árið 2013. Þetta er lítlegra 20% lækkun á gjaldi sem leggst á launagreiðslur fyrirtækja og er sérstaklega þýngjandi fyrir lítil fyrirtæki og fyrirtæki í vexti.

Lækkun tryggingagjalds á nýju ári nemur um fjórum milljónum króna.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts

Endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað við nýbyggingu, viðhald og endurbætur íbúðarhúsnæðis var hækkað úr 60% í 100% á líðnu vori. Heimild til endurgreiðslu var jafnframt víkkuð út og tekur m.a. til fristundahúsnæðis, mannvirkja í eigu tiltekinnna félagsamtaka og bláviðgerða.

Það þarf ekki miklar rannsóknir til að komast að því að hækkan á endurgreiðslu heppnæðist sérlega vel. Létti undir með einstaklingum og félagsamtökum og studdi vel við atvinnu iðnaðarmanna.

Endurgreiðslan hefur verið framlengd út komandi ár og er reiknað með að alls verði um níu milljarða króna endurgreiðdir vegna þessa. Í huga þess er hér skrifar eru rök til þess að fastsetja fulla endurgreiðslu til ein-

» Þegar kemur að umbótum í skatta- og gjaldkerfi ríkisins reyndist árið 2020 gott – eiginlega sérlega gott þegar erfiðar aðstæður eru hafðar í huga.

staklinga til frambúðar, enda skattaleg ívilnun sem allir hagnast á.

Byggt undir framtíðina

Í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár var gert ráð fyrir að endurgreiðslur til fyrirtækja vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar yrðu lítlegra 3,9 milljarðar. Aukinn kraftur í nýsköpun og laga-breytingar hafa hins vegar leitt til þess að endurgreiðslurnar verða mun umfangsmeiri eða tæpir 5,2 milljarðar. Á komandi ári er reiknað með að endurgreiðslur nemi um 10,2 milljónum.

Í raun er endurgreiðsla vegna rannsóknar og þróunar fjárfesting í framtíðinni – fjárfesting í nýjum teki ferum og störfum, þar sem lagður er grunnur að fjölbreyttara atvinnulífi. Stefna stjórnvalda undir forystu Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur nýsköpunarráðherra er að styðja við nýsköpun á markaðslegum forsendum, ekki aðeins með endurgreiðslum heldur einnig hækkan á framlögum til Tæknipróunarsjóðs og með stofnun Krú. Fyrr á þessu ári var skattaafsláttur til einstaklinga vegna fjárfestinga í nýsköpunar fyrirtækjum hækkaður tíma-bandið úr 50% í 75% af fjárhæð fjárfestingar. Samhliða voru fjárhæðarmörk hækkuð úr tíu milljónum í 15 milljónir.

Stefnan er að bera ávöxt. Fjárfestar hafa lagt nýsköpunar fyrirtækjum til um 17 milljarða króna á þessu ári og þar af eru um 12 milljarðar erkent áhættufé.

Hækkun frítekjumarks fjármagnstekna

Frítekjumark fjármagnstekna verður tvöfaldað – hækkað úr 150 í 300 þúsund krónur á komandi ári. Um leið nær frítekjumarkid til arðs og söluhagnaðar skráðra hlutabréfa auk vaxtatekna. Hækkun frítekjumarkisins kemur sér hlutfallslega best fyrir þá einstaklinga og hjón sem hafa takmarkaðar fjármagnstekjur en nýttist þeim ekki með nýjta fjármagnstekna af óskráðum félagum, s.s. arðgreiðslu einkahlutafelaga. Með þessu er ýtt undir sparnað og hvatt til fjárfestinga einstaklinga í skráðum félagum. Þetta er í samræmi við

stefnu ríkisstjórnarinnar um að auka beina þátttöku almennings í atvinnulífinu, en þess er að vænta að fjármálaráðgjafi leggi fram frumvarp á nýju ári um skattaafslátt einstaklinga vegna hlutabréfaupkaupa. (Þess ber að geta að frumvarp sama efnis er til meðferðar hjá efnahags- og viðskiptamefnd þingsins, en flutningsmenn eru sjö þingmenn Sjálfstæðisflokksins og er sá er þetta skrifar fyrsti flutningsmaður).

Um það verður ekki deilt að skilvirkur hlutabréfamarkaður er óaðskiljanlegur frá öflugum efnahagslífi og hagvexti þjóða. Skattalegir hvatar til að styðja við skipulegan hlutabréfamarkað og tryggja fyrirtækjum greiðan aðgang að áhættufjármagni, ekki aðeins frá stofnanafjárfestingum heldur ekki síður með beinni þátttöku almennings, munu skipta miklu í viðspyrnu efnahagslífsins á komandi árum.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar hefur atvinnuvegafjárfesting dregist verulega saman á þessu ári. Á þriðja ársfjórðungi nam samdrátturinn um 21,8% borið saman við sama tímabili fyrra árs. Fyrstu níu mánuði ársins er ástíðað að atvinnuvegafjárfesting hafi dregist saman um 9,9% að raungildi borið saman við fyrstu níu mánuði ársins 2019. Í þjóðhagsspá Hagstofunnar er reiknað með að atvinnuvegafjárfesting dragist saman um 12,6% á árinu, sem kemur í kjölfar mikils samdráttar á síðasta ári eða 18%.

Samdráttur í fjárfestingum fyrirtækja er áhyggjuefni enda forsenda framþróunar í atvinnulífinu og þar með verðmætasköpunar samfélagsins. Það umhverfi lágra vaxta sem við böum við í dag ætti að öðru jöfnu að örva fjárfestingu og því er samdráttur í fjárfestingu meira áhyggjuefni en annars. Aðvitað spilar óvissa um þróun efnahagsmála hér inn í en skattaleg umgjörð skiptir einnig miklu. Hár fjármagnstekjuskattur ýtur til dæmis ekki undir fjárfestingu heldur dregur úr henni.

Ranglæti leiðrétt

Það var sérstaklega ánægjulegt að taka þátt í því skömmu fyrir jól að leiðrétta áralangt ranglæti vegna skattlagningar söluhagnaðar fristundahúsa með tilheyrandi skerðingum á réttindum almennatrygginga. Frá og með komandi áramótum verður söluhagnaður fristundahúsnæðis, sem nýtt hefur verið til eigin nota, verið í eigu viðkomandi í sjö ár eða lengur og felur undir stærðarmörk laga, ekki lengur skattlagður og viðkomandi mun ekki seta skerðingum á réttindum almennatrygginga. Þessi breyting

kemur ekki síst eldri borgurum til góða.

Annað réttlætismál var hækkun skattfrelsismarka erfðafjárskatts úr 1,5 milljónum í fimm milljónir króna. Hækkunin nýttist sérstaklega einstaklingum sem fá út hlutaðan arf úr eignaminustu dánarbrúnum en miðað við álagningu 2020 eru um 23% dánarbrúa undir fimm milljónum að heildarverðmæti.

Sá er þetta skrifar lagð fram frumvarp um þrepaskiptingu erfðafjárskatts, sem náði ekki fram að ganga. Þar var lagt til að skatturinn yrði 5% af eignum dánarbrús undir 75 milljónum króna og 10% af því sem umfram er. Með samþykkt frumvarpsins hefur tvöföldun erfðafjárskatts árið 2010 gengið að mestu til baka. Hitt er svo annað að við eigi að taka frændur okkar í Noregi og Svíþjóð til fyrirmyndar í þessum efnum, en þar er erfðafjárskattur ekki lagður á.

Kosningarár

Hér hefur fyrst og síðast verið horft til lækkunar skatta sem náðst hefur á árinu sem senn er að baki. Hitt er rétt að fýmis gjöld hafa verið hækkuð (ekki síst í takt við þróun verðlaga) en sú hækkan er aðeins brot af þeim lækkunum hafa náðst fram. Við stefnum því í rétta átt. Sú staðreynd stendur hins vegar óbreytt að Ísland er háskattaland í alþjóðlegum samanburði.

Eitt stærsta verkefnið á nýju kjörtímabili verður að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífsins og þar skiptir skattþyri miklu e ekki síður hvaða og hvernig skattar eru lagðir á. Ein tegund skattheimtu kann að verða skynsamleg á meðan önnur drepur all í dröma. Það skal t.d. viðarkennt að ég hef vaxandi efasemdir um álagningu kolefnisgjalds með þeim hætti sem gert hefur verið. Visbendingar eru um að kolefnisgjaldið, undir hatti grænna skatta, skili ekki þeim árangri sem stjórnvöld stefna að.

Komandi ár er kosningarár. Í september leggja kjósendur línurnar. Í einfaldrleika sínum er valið nokkuð skýrt; lægri skattar eða hærrí, aukin samkeppnishæfni eða minni, meiri verðmætasköpun eða samdráttur, nýsköpun og einkarekstur eða aukin ríkisumsvif. Með vali sínu ráða kjósendur því hvort við sem samfélag höfum efni á því að halda áfram að byggja upp öflugt velferðarkerfi og góð lífskjör.

Á þessu söguðu óska ég lesendum og landsmönnum öllum gleðilegs árs. Megi komandi ár verða öllum gefuríkt.

Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins.

